

STARF SÁÆT LUN 2022

Reykjavík þú vekur mig!



EFNISYFIRLIT

Leiðarljós	3
Skipurit og fagráð.....	4
Hlutverk menningar- og ferðamálasviðs	5
Megináherslur, forsendur og fjárhagleg dreifing	6
Styrkveitingar og framlag til menningarlífsins.....	10
Rekstur og mannauðsmál	13
Fjárhagsáætlun 2022.....	17
Skorkort.....	19
Borgarbókasafn	22
Borgarsögusafn.....	34
Listasafn Reykjavíkur.....	46
Höfuðborgarstofa	58
Reykjavík bókmenntaborg UNESCO	63
Tónlistarborgin Reykjavík	67
Viðburðir Reykjavíkurborgar	71



LEIÐARLJÓS

Reykjavík gegnir menningarlegu forystuhlutverki. Menningarlífið í borginni er aðgengilegt öllum og einkennist af fjölbreytni, viðsýni, samkennd og virðingu. Ferðamannaborgin Reykjavík er virt sem áhugaverð menningarborg í nábýli við einstæða náttúru.

SKIPURIT MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS



MENNINGAR-, ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNÐARÁÐ 2022

Aðalmenn:

Hjálmar Sveinsson
Pawel Bartoszek
Líf Magneudóttir
Ellen Jacqueline Calmon
Katrín Atladóttir
Baldur Borgþórsson
Vigdís Hauksdóttir

Varamenn:

S Aron Levi Beck S
C Diljá Ámundadóttir Zoëga C
V Elín Oddný Sigurðardóttir V
S Jórunn Pála Jónasdóttir D
D Sara Björg Sigurðardóttir S
D Ragnhildur Alda Vilhjálmadóttir D
M Marta Guðjónsdóttir D

HLUTVERK MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS

Hlutverk sviðsins er að fylgja eftir stefnu Reykjavíkurborgar í menningar- og ferðamálum. Það hefur yfirumsjón með starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns Reykjavíkur, Listasafns Reykjavíkur og Höfuðborgarstofu. Þá eru einnig sérverkefnin Reykjavík bókmenntaborg UNESCO, Tónlistarborgin Reykjavík og viðburðirnir Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Tendrun friðarsúlu og Aðventuhátíð á ábyrgð sviðsins. Stofnanirnar starfa samkvæmt samþykktum Reykjavíkurborgar og lögum og reglum. Sviðið hefur jafnframt, fyrir hönd Reykjavíkurborgar, umsjón með málefnum Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Tónlistar- og ráðstefnuhússins Hörpu, Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Menningar- og ferðamál svið sér auk þess um samstarfssamninga, styrki og samskipti við lista- og menningarlífið og er borgaryfirvöldum til faglegar ráðgjafar í þeim málaflokkum sem undir sviðið heyrar.

REYKJAVÍK ÞÚ VEKUR MIG!

MEGINÁHERSLUR, FORSENDUR OG FJÁRHAGSLEG DREIFING

Þrátt fyrir áframhaldandi óvissu og einstakar aðstæður á tímum heimsfaraldurs sem staðið hefur yfir frá ársbyrjun 2020 ríkir bjartsýni á menningar- og ferðamálasviði og eru margvísleg spennandi verkefni á dagskrá stofnana og verkefna sviðsins. Undir lok árs 2021 var ný menningarstefna samþykkt í borgarráði sem gildir frá árinu 2021 til 2030. Meginstef hennar er ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum, Reykjavík – borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í og menning og listir í öllum hverfum borgarinnar. Í menningarstefnunni er kallað eftir enn öflugri markaðssetningu á menningarframboði borgarinnar. Aðgerðaráætlun byggð á menningarstefnunni hefur verið lögð fyrir og samþykkt af menningar- íþróttá- og tómstundaráði og ljóst er að stefnan og aðgerðaráætlunin sem henni fylgir munu lita starfsemi sviðsins á nýju ári sem og öll næstu ár.

Evrópsku kvikmyndaverðlaunin (EFA) verða haldin í Hörpu í desember 2022. Upphaflega var gert ráð fyrir að þau yrðu haldin árið 2020 en þeim var frestað sökum heimsfaraldurs. Þríhliða samkomulag hefur verið undirritað milli borgarstjóra, mennta- og menningarmálaráðherra og EFA í Berlín. Samningur um stofnun Listasafns Nínu Tryggvadóttur var samþykktur undir lok árs 2021 og í framhaldi af því gekk Reykjavíkurborg frá kaupum á hluta Hafnarhúss sem Faxaflóahafnir eiga til að rúma m.a. safn Nínu Tryggvadóttur og stækka Listasafn Reykjavíkur. Á árinu 2022 verður efnt til hugarflugs og samráðs vegna útfærslu á Hafnarhúsi, húsi myndlistar, til undirbúnings hönnunarsamkeppni. Umsjón þessa verkefnis og ut anumhald verður í höndum menningar- og ferðamálasviðs auk umhverfis – og skipulagssviðs. Þungamiðjan í starfsáætlun Borgarbókasafnsins árið 2022 er innleiðing stefnu

Borgarbókasafnsins 2021–2024, Opið rými allra, og áfram verða sett á oddinn verkefni sem tilgreind eru í aðgerðaráætlun sem fylgdi stefnunni. Unnið verður að kortlagningu hagsmunaaðila og helstu markhópa hvers bókasafns og stofnað til samtals við núverandi og framtíðarnotendur í hverju hverfi fyrir sig um þróun starfseminnar. Stefnit verður að því að þróa fræðslu og þátttökumiðaða dagskrá sem snertir umhverfis- og samfélagstengd málefni og tilraunastofa borgaralegrar þátttöku verður sett á laggirnar með áherslu á jaðarhópa og gagnrýna menningarsamræðu.


Starfsemi Borgarsögusafns á komandi ári fylgja áskoranir í rekstri, en vænta má þess að nú sjái fram á betri tíma hvað gestakomur varðar. Á árinu verður unnin aðgerðaáætlun byggð á stefnumótunarvinnu sem nú er í gangi og mun sú áætlun ná til ársins 2025. Allra stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu 2022 verður opnun nýrrar sýningar, sem er framhald af Landnámssýningunni í Aðalstræti 10. Í Viðey verður mótuð aðgerðaáætlun og unnið að endurnýjun fræðsluskilta í eyrni og á Árbæjarsafni verður lokið ákveðnum áföngum við endurbætur á safnsvæði.

Umfangsmesta sýning Listasafns Reykjavíkur á árinu verður yfirlitssýning á verkum Errós í öllum sýningasölum Hafnarhúss en listamaðurinn verður níræður á árinu. Sýningin verður einnig sett upp í ARoS í Árósum og víðar. Listasafn Reykjavíkur hefur frá árinu 2019 unnið með söfnum í Bandaríkjunum og Svíþjóð að sýningu þar sem kynnt verða verk listamanna sem koma frá norðlægum slóðum og fjalla um breytingar sem eru að verða á mannlífi og náttúru norðurheimskautsins. Á árinu verður einnig sett á laggirnar sérstök rannsóknarstaða við safnið sem er styrkt af safnaráði og er ætlað að taka til skoðunar stöðu kvenna í íslenski listasögu. Staðan er til eins árs og lýkur með sýningu og útgáfu.

Starfsemi Höfuðborgarstofu stendur á ákveðnum tímamótum þar sem viðræður um stofnun áfangastaðastofu hafa staðið yfir milli ríkis og sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu um nokkurt skeið. Líkur eru á að slík stofnun taki til starfa undir lok ársins 2022 og mun hún þá taka yfir stóran hluta af verkefnum Höfuðborgarstofu. Öflugri innlendri og erlendri markaðsherferð var ýtt úr vör í kjölfar 150 m.kr. viðbótarstyrks vegna Covid-19 sem gert er ráð fyrir að fullnýtist undir lok ársins 2021. Áfram verður þó unnið að öflugri innlendri markaðssetningu eftir því sem fjármagn leyfir. Í erlendri markaðssetningu verður reynt eftir megni að fylgja eftir RE herferðinni og að leggja áfram áherslu á PR verkefni og almannatengsl m.a. í gegnum árangursríkt samstarf við Íslandsstofu og Inspired by Iceland North America.

Árið 2022 mun Reykjavík bókmenntaborg UNESCO fylgja eftir 10 ára afmæli sínu árið 2021 með aukinni áherslu á miðlun orðlistar og verður m.a. unnið áfram með það efni sem varð til á afmælisárinu svo og þau alþjóðlegu tengsl sem styrktust við alþjóðlegan árfund Bókmenntaborga UNESCO sem fram fór í Reykjavík. Árið 2022 mun Bókmenntaborgin auka áherslu á gerð og miðlun efnis um orðlist. Einnig ætlar Bókmenntaborgin í fyrsta sinn að standa fyrir smiðju fyrir rithöfunda sem hyggjast sækja um ritlaun en skortur er á fræðslu á þessu sviði hérlendis.

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar eru verkefni sem hafa fest sig í sessi eins og Hitakassinn, Firestarter, Elskum plötubúðir og þátttaka Tónlistarborgarinnar í Music Cities Network en einnig ný verkefni. Samstarf við tónlistarhátíðir borgarinnar verður eflt og um mitt ár mun stóru samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar og tónleikastaða í borginni ljúka en verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. BIG BANG tónlistarhátíðin fyrir unga áhorfendur fer fram í Hörpu í samstarfi við Barnamenningarhátíð og List fyrir alla og Tónlistarborgin er einnig samstarfsaðili að Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna. Samfélagsverkefnið Korda samfónía verður endurtekið og þá er stefnt að því að koma á listamannadöl í Reykjavík og Nantes fyrir íslenskt og franskt tónlistarfólk í samstarfi við Sendiráð Frakklands, Trempolino og fleiri aðila.



Viðburðadeildin sinnir sem fyrr sex skilgreindum hátíðum á árinu; Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, tendrun Friðarsúlu Yoko Ono og Aðventugleði í miðborginni. Stöðugt er verið að þróa viðburðina, hvetja listamenn til þátttöku og auka aðgengi almennings. Frá árinu 2020 hefur menningar- og ferðamálasvið ásamt umhverfis- og skipulagssviði tekið þátt í verkefnum Sumarborgin sem gengur út á að efla miðborgina og rekstraraðila á tímum Covid-19, og hvetja borgarbúa og landsmenn alla til að njóta miðborgarinnar og verður sumarborginni áfram haldið á árinu 2022.

Menningar- og ferðamálasvið leggur að venju ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla margvísleg metnaðarfull markmið sviðsins. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna og auka aðsókn borgandi gesta. Nokkurrar bjartsýni ríkir um aukna aðsókn á árinu 2022 og tekur áætlun mið af því. Það er þó óvarlegt að áætla að fjöldi erlendra gesta nái fyrri hæðum fyrr en eftir einhvern árafjölda. Væntingar um tekjur af aðgangseyri, safnbúðum og salaleigu taka mið af þessu.

Í forsendum fjárhagsáætlunar er gerð krafa um að gjaldskrártekjur aukist almennt um 4,1% og hækka helstu gjaldskrárlíðir í samræmi við það. Vegna mikils tekjutaps safna sviðsins á síðustu tveimur árum fengu söfnin 110 m.kr. niðurfellingu á tekjukröfu fyrir árið 2021. Í ramma sviðsins fyrir árið 2022 er tekjukrafa hækkuð um helming af þeirri niðurfellingu. Það gæti reynst erfitt að ná því markmiði nema aukning erlendra ferðamanna verði veruleg. Ítrekað hefur verið bent á að Borgarsögusafn og Listasafn eru mjög háð því sjálfsaflafé sem byggst hefur upp á undanförunum árum. Ramminn byggir ætíð á tekjum fyrra árs með verðbótum og þ.a.l. er erfitt að halda úti sama þjónustustigi þegar tekjur dala.

Gert er ráð fyrir 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs, en samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunarinnar eru það eingöngu vísitölutryggðar samningsskuldbindingar gagnvart þriðja aðila sem eru verðbættar en innri leiga er verðbætt um 3,46%. Að öðru leiti er ekki um neinar verðbættur að ræða á annan kostnað. Gert er ráð fyrir 1% hagræðingu á laun eins og undanfarin ár. Nú er svo komið að það er nánast útilokað að verða að fullu við slíki kröfu á öllum stöðum án þess að fara í þjónustuskerðingu og/eða fækka verkefnum. Því er einnig við að bæta að stytting vinnuvikunnar hefur jafnframt veruleg áhrif á afgangi og þjónustu og minnkar verulega möguleika á hagræðingu. Gripið var til þess ráðs á nokkrum stöðum að lækka annan rekstrarkostnað til að skila hagræðingunni. Sviðið hefur verið öflugt í að nýta sér sérstakan pott borgarinnar er varðar vinnumarkaðsaðgerðir, sem voru ein af mótvægisaðgerðum Reykjavíkurborgar við Covid-19, og stefnt er að því að halda því áfram eftir því sem mögulegt verður. Þetta hefur reynst sviðinu mjög verðmæt viðbót og hefur sviðið í kjölfarið náð að sinna mun betur ýmsum verkefnum sem ekki var hægt að sinna vegna skorts á mannskap. Má þar m.a. nefna skráningu, gagnaöflun og umsýslu safnskots, vef-, samfélags- og markaðs- og streymismál, ýmis mannauðsverkefni, forvarsla og viðhald útilistaverka, sýningarhald og styrkjaumsóknir svo eitthvað sé nefnt.

Stöðugildum á sviðinu í heild fjölgar um 3,1, en þar af eru 1,8 stöðugildi bætt í ramma vegna opunar safnsins í Úlfarsárdal. Fækkað er tímabundið um 0,5 stöðugildi á skrifstofu og 0,5 í annarri menningarstarfsemi og verður andvirðið nýtt í innlent markaðsátak með það að markmiði að styrkja tekjuöflun sviðsins. Hjá Borgarsögusafni er bætt við 1,6 stöðugildi, en 0,6 stöðugildi er vegna opunar nýrrar sýningar í Aðalstræti 10. Síðan var ákveðið að ráða í starf vegna minjaskráningar í stað þess að borga áfram fyrir útselda vinnu þar sem það er hagkvæmara.

Sviðið er með tvo stóra vísitölutryggða styrktarsamninga sem eru við Hörpu og Borgarleikhús. Vegna hagræðingarkröfu á annan rekstrarkostnað á síðasta ári þarf að bæta í ramma núverandi árs og einnig var bætt í ramma ársins 2022 til að hægt verði að standa við samningsskuldbindingar.

Á árinu 2022 verður tæplega 48% af fjárhagsramma sviðsins varið til að styrkja fjölbreytta menningarstarfsemi í Reykjavík með beinum styrkjum til einstaklinga og hópa, samstarfssamningum og styrkjum í formi innri leigu af húsnæði, en um 44% fjárhagsrammans er varið til rekstrar stofnana sviðsins. Önnur menningarstarfsemi, svo sem viðburðir, Tónlistarborg, Bókmenntaborg, Menningarkortsverkefni og ýmis minni miðlæg verkefni fylla um 4% af rekstri sviðsins, ferða- og markaðsmál um 2% og stjórnun sviðs og kostnaður ráðs eru um 2%.

STYRKVEITINGAR OG FRAMLAG TIL MENNINGARLÍFSINS

Hæstu framlög til menningarlífsins í borginni, fyrir utan rekstur menningarstofnananna; Listasafns Reykjavíkur, Borgarsögusafns og Borgarbókasafns, fara sem fyrr til Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sinfóniuhljómsveitar Íslands skv. lögum og Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss vegna endurgreiðslu stofnkostnaðar á móti ríkinu og viðbótarrekstrarframlags. Jafnframt njóta fjölmargir sjálfstæðir aðilar húsnæðis- og/eða rekstrarstyrkja, t.a.m. Listahátíð í Reykjavík, Sviðslistamiðstöð í Tjarnarbíói, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Myndhöggvarafélag Reykjavíkur, Bíó Paradís, Dansverkstæðið og Nýlistasafnið og Kling & Bang í Marshallhúsi, svo þeir helstu séu nefndir.


Almennar styrkveitingar á sviði menningar og lista eru veittar árlega úr svokölluðum styrkjaþotti fyrir afmörkuð verkefni, til hópa eða félaga og til samstarfssamninga til tveggja eða þriggja ára. Styrkjaþotturinn, sem er auglýstur árlega, er að hluta bundinn vegna þeirra samstarfssamninga sem í gildi eru. Árið 2022 eru 11 samstarfssamningar í gildi, þar af 6 borgarhátíðarsamningar, samanlagt kr. 81,3 milljónir, en að þeirri upphæð meðtalinni eru 125,9 milljónir í pottinum. Ekkert er laust fyrir samstarfssamninga á árinu. Við úthlutun árlegra styrkja er höfð til hliðsjónar menningarstefna Reykjavíkur og styrkjareglur borgarinnar. Að auki eru sérstakir árlegir styrkir veittir til myndrýkrar miðlunar tengdri sögu og menningu í Reykjavík.

Bókmenntaborgin hefur umsjón með Bókmenntaverðlaunum Tómasar Guðmundssonar, Barnabókaverðlaunum Reykjavíkurborgar og Barnabókaverðlaunum Guðrúnar Helgadóttur, sem eru veitt fyrir handrit. Tónlistarborgin hefur umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða sem var framlengdur um ár og verður 8 milljónir líkt og áður.

Borgarlistamaður Reykjavíkur er jafnframt útnefndur árlega.

STYRKIR OG REKSTRARSAMNINGAR 2022

Leikfélag Reykjavíkur 46%
 Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa 29%
 Sinfóníuhljómsveit Íslands 9%
 Styrkir og rekstrarsamningar 5%
 Tjarnarbió - Sjálfstæðu leikhúsin 2%
 Húsnæðisstyrkir til menningarmála 2%
 Ráðstefnuborgin Reykjavík 1%
 Listahátíð í Reykjavík 1%
 Sjónlistamiðstöð Korpúfsstöðum 1%
 Heimili kvikmyndanna 1%
 Marshallhús 1%
 Dansverkstæðið 1%
 Aðrir 0%





REKSTUR OG MANNAUÐSMÁL

REKSTUR MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐS

Menningar- og ferðamálasvið leggur að veltu ríka áherslu á hagkvæmni í rekstri, en um leið er leitast við að uppfylla metnaðarfull markmið menningarstefnu og ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Kostnaðareftirlit er virkt á öllum starfseiningum og leitað er fjölbreyttra leiða til að afla aukinna sértekna.

Launakostnaður er áætlaður 30% af rekstrargjöldum ársins og innri leiga 21%. Reiknaðar eru 2,4% vísitölubætur á skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila. Erfitt er að segja fyrir um tekjur af gjaldskráum stofnana vegna óvissu um fjölda ferðamanna á árinu. Hinsvegar verður áfram lögð aukin áhersla á að auka komur innlendra gesta með öflugri markaðssetningu.

Áætlun gerir ráð fyrir verulegri tekjulækkun frá áætlun ársins 2020, en rauntekjur sviðsins á árinu 2020 voru um 200 m.kr lægri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til afleiðinga Covid-19. Tekið er mið af tekjuóvissu í áætlun ársins 2022 og fékk sviðið 110 m.kr aukaheimild í ramma vegna þessa á árinu 2021, en nú á árinu 2022 verður helmingur af þeirri heimild greidd til baka. Gert er ráð fyrir 20% hækkun á tekjum á milli árána 2021 og 2022. Áætlaðar tekjur af aðgangseyri eru um 44% af tekjum sviðsins, vörusala um 15% og fengnir styrkir og framlög um 8%. Um 48% af fjárhagsramma sviðsins eru eynamerkt fjölbreyttri menningarstarfsemi í Reykjavík í formi beinna styrkja og samstarfssamninga en um 44% af fjárhagsrammanum er tileinkaðar rekstri stofnana sviðsins.

Á menningar- og ferðamálasviði er þess gætt eftir fremsta megni að samþætta mannréttinda- og fjármálastefnu borgarinnar með því að greina áhrif dreifingu gæða á kynin og jaðarsetta hópa samfélagsins.

MANNAUÐSMÁL

Fjórum leiðarljósum mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar er ætlað að varða leiðina að framsæknum og metnaðarfullum markmiðum fjölmennasta vinnustað landsins. Við höfum sett stefnuna á að starfsemi okkar einkennist af fagmennsku, framsækni og nýtingu tækniþróunar með það fyrir augum að skapa lífandi og skemmtilegar starfsaðstæður sem laða að hæfileikaríkt og metnaðarfullt fólk.

Undanfarin tvö ár hafa leiðarljósin fjögur, mannvæn, samræmd, traust og snjöll, litað mannauðsáherslur Reykjavíkurborgar við krefjandi aðstæður sem kölluðu á mannvæna nálgun, gerðu kröfu um samheldni, stuðning og lausnamiðaðar aðgerðir til að mæta fjölbreyttum þörfum vinnustaða og starfsfólks. Áskoranirnar kölluðu jafnframt á nýsköpun og aðlögun að snjöllum tæknilausnum, markvissa upplýsingamiðlun, samræmdar aðgerðir og trausta liðsheild.

Mannauðsáherslur sviðsins á næsta ári taka mið af lærdómi undanfarinna ára og lúta að því að efla enn frekar þá líðsheild sem einkennir sviðið okkar. Á meðal helstu verkefna ársins er mótun nýrrar fræðslustefnu, innleiðing á öryggisstefnu og innleiðing á nýju ráðningarkerfi. Heilsa starfsfólks verður í brennidepli en stefnt er að innleiðingu nýrrar heilsustefnu á næstu mánuðum.

Sérstök áhersla verður lögð á fræðslumál og á haustmánuðum mun fræðslustarfsemi borgarinnar eignast nýtt heimili í stafrænu fræðslukerfi. Um er að ræða fyrsta fræðslukerfið sem vinnustaðurinn Reykjavíkurborg innleiðir og hefur það hlotið nafnið Torgið. Torg er svæði í miðri borg þar sem fólk kemur saman, kynnir nýjungar, heldur viðburði og skiptist á skoðunum. Þangað eru öll velkomin.

Torgið iðar af lífi, því þar má nálgast fjölbreytta fræðslu, t.d. nýliðafræðslu, skyldufræðslu, fræðslu sem er beintengd starfi og starfsstöðum, fræðslu um nýja verkferla, ný (og eldri) forrit, nýjar stefnur og aðrar nýjungar. Torgið er alltaf opið því þar verður stafrænt fræðsluefni, til dæmis myndbönd og texti, sem starfsfólk skoðar á netinu hvenær og hvar sem hentar að taka fræðslu. Þetta mun auðvelda og jafna aðgengi starfsfólks að fræðslu til muna. Á Torginu verður einnig hægt að skrá sig á stað- og fjarnámskeið.

Fræðslutengdar áherslur menningar- og ferðamálasviðs munu hafa sterka skírskotun í nýja menningarstefnu Reykjavíkurborgar og Torgið mun gegna lykilhlutverki við að miðla innihaldi stefnunnar til starfsmanna sviðsins. Eftir sem áður verður meginmarkmið fræðslustarfs á sviðinu að bjóða starfsfólki upp á fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar sem taka mið af áskorunum í starfsumhverfi sviðsins.



FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur	-357.607
Rekstrartekjur samtals	-357.607

Gjöld

Laun og launatengd gjöld	1.871.506
Innri leiga húsnæðis og tækja	1.273.925
Styrkir og framlög	2.129.526
Annar rekstrarkostnaður	919.246
Rekstrargjöld samtals	6.194.203

Rekstrarniðurstaða 5.836.596

STARFSMENN

STARFSMANNAFJÖLDI 2022


Fjöldi starfsmanna	236
Fjöldi stöðugilda	171.61

Stöðugildi

Borgarbókasafn	84.67
Borgarsögusafn	41.81
Listasafn Reykjavíkur	26.88
Höfuðborgarstofa	5.50
Miðlæg skrifstofa	6.50
Önnur menningarstarfsemi	6.25


SKIPTING REKSTRAR

Styrkir og samningar 48%
Stofnanir sviðs 44%
Önnur menningarstarfsemi 3%
Ferðamál 2%
Yfirstjórn 2%
Annað 1%




SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir 45%
Aðrar tekjur 17%
Vörusala 13%
Lánsskírteini ofl. BBS 10%
Fengnir styrkir og framlög 8%
Hútleigutekjur 6%




SKIPTING GJALDA

Styrkir og framlög 34%
Laun 30%
Innri leiga húsnæðis og tækja 21%
Annar rekstrarkostnaður 15%



STOFNANIR SVIÐS

Borgarbókasafn Reykjavíkur 49%
Borgarsögusafn Reykjavíkur 30%
Listasafn Reykjavíkur 21%





FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

	Rekstarniðurstaða Esk. áætlun		Áætlun 2022			Samtals
	2020	2021	Tekjur	Laun og Itgj.	Annar rekstrar-kostnaður	
YFIRSTJÓRN						
Menningar- og ferðamálaráð	8.226	8.987	0	8.009	897	8.906
Skrifstofa menningar- og ferðamála	124.188	126.390	0	114.991	7.743	122.733
	132.415	135.377	0	123.000	8.640	131.640
HÖFUÐBORGARSTOFA						
Höfuðborgarstofa	126.097	197.089	-11.550	62.706	50.016	101.172
	126.097	197.089	-11.550	62.706	50.016	101.172
BORGARBÓKASAFN REYKJAVÍKUR						
Skrifstofa	244.590	231.401	-41.930	69.931	202.521	230.522
Menningarhús Grófinni	173.771	180.109	0	173.397	20.008	193.405
Menningarhús Kringlunni	102.623	111.676	0	84.384	35.710	120.093
Menningarhús Sólheimum	58.920	62.093	0	52.612	13.305	65.917
Menningarhús Gerðubergi	176.891	184.485	-3.000	104.748	86.028	187.776
Menningarhús Spönginni	106.432	114.829	0	77.728	52.692	130.420
Menningarhús Árbæ	73.708	78.116	0	50.981	21.174	72.155
Menningarhús Úlfarsárdal	4.922	68.959	0	70.843	18.333	89.176
Miðlun og nýsköpun	128.976	133.737	0	129.769	21.900	151.669
Bókabillinn Höfðingi	24.824	21.240	0	11.839	7.523	19.362
	1.095.657	1.186.645	-44.930	826.233	479.193	1.260.496
LISTASAFN REYKJAVÍKUR						
Listasafn Reykjavíkur	286.363	282.011	-25.582	182.262	129.006	285.686
Safnráð Listasafns Reykjavíkur	531	546	0	574	0	574
Hafnarhús	101.799	98.917	-64.797	59.180	115.222	109.605
Kaffiteríur	-583	-1.960	-3.760	0	600	-3.160
Kjarvalsstaðir	94.875	96.954	-27.552	43.533	82.456	98.437
Ásmundarsafn	31.495	30.901	-13.482	22.559	24.683	33.760
Listaverk á opnum svæðum	11.380	11.196	0	0	11.143	11.143
Listaverkakaup	16.565	16.819	0	0	16.819	16.819
	542.424	535.384	-135.173	308.107	379.928	552.862
BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR						
Skrifstofa	293.731	318.675	-2.400	279.288	82.824	359.712
Árbæjarsafn	83.706	86.766	-28.856	59.059	47.952	78.156
Borgarsögusafn – viðhald safngripa	25.027	16.690	0	0	16.667	16.667
Landnámssýning	121.057	136.909	-47.487	56.830	108.037	117.380
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	54.068	61.467	-14.526	43.712	32.062	61.248
Viðey	74.232	69.458	-7.270	0	78.850	71.580
Sjóminjasafn	76.331	84.705	-30.437	33.477	66.941	69.981
	728.152	774.670	-130.976	472.365	433.334	774.723

Rekstarniðurstaða Esk.. áætlun

Áætlun 2022

	2020	2021	Tekjur	Laun og ltgj.	Annar rekstrar- kostnaður	Samtals
ÖNNUR MENNINGARSTARFSEMI						
Bókmenntaborg UNESCO	60.952	68.428	-2.950	22.546	40.750	60.346
Menningarkort	3.523	-1.650	-6.168	0	4.350	-1.818
Tónlistarborgin	27.772	30.855	-5.100	10.592	20.401	25.893
Viðburðir	77.468	86.460	-20.700	44.244	66.533	90.076
	169.714	184.093	-34.918	77.381	132.034	174.497
STYRKIR OG SAMSTARFSSAMNINGAR						
Leikfélag Reykjavíkur	1.210.754	1.254.885	0	0	1.276.202	1.276.202
Listahátíð	44.000	36.000	0	0	36.000	36.000
Heimili kvikmyndanna	24.500	31.000	0	0	31.000	31.000
Marshallhús	25.800	25.715	0	0	25.800	25.800
Hönnunarmiðstöð Íslands	1.204	0	0	0	0	0
Sjónlistarmiðstöðin Korpúlfsstöðum	30.743	31.952	0	0	33.220	33.220
Loftbrýr	2.500	6.000	0	0	6.000	6.000
Styrkir og rekstarsamningar	191.337	143.664	-60	0	143.724	143.664
Ráðstefnuborgin Reykjavík	40.000	40.000	0	0	40.000	40.000
Dansverkstæðið	17.000	17.000	0	0	17.000	17.000
Tjarnarbió - Sjálfstæðu leikhúsin	68.345	62.883	0	0	61.590	61.590
Húsnæðisstyrkir til menningarmála	41.772	43.415	0	0	42.540	42.540
	1.697.956	1.692.513	-60	0	1.713.076	1.713.016
FRAMLÖG						
Sinfóníuhljómsveit Íslands	260.576	259.772	0	0	259.772	259.772
Framlag til Hörpu	890.227	917.122	0	0	805.312	805.312
	1.150.804	1.176.894	0	0	1.065.084	1.065.084
ANNAÐ						
Sameiginlegur kostnaður og ófyrirséð	31.502	22.609	0	1.713	8.857	10.570
Tengsl skóla og menningarstofnana	2.469	6.249	0	0	5.875	5.875
Gjaldfærðir lausafjarmunir	14.066	12.064	0	0	2.438	2.438
Sérverkefni	4.484	7.425	0	0	39.050	39.050
Innri leiga áhaldna og tækja	6.913	6.743	0	0	5.174	5.174
	59.434	55.089	0	1.713	61.394	63.107
MENNINGAR- OG FERÐAMÁLASVIÐ SAMTALS						
	5.702.653	5.937.755	-357.607	1.871.506	4.322.697	5.836.596

SKORKORT 2022

Velgengnisþættir	Mælikvarðar	Rauntölur 2020	Áætlun 2021	Markmið 2022
------------------	-------------	-------------------	----------------	-----------------

ÞJÓNUSTA

Menningaruppeldi	Fjöldi viðburða sérstaklega skipulagðir fyrir börn og fjölskyldur	189	216	240
	Fjöldi barna og unglunga í skipulögðum heimsóknum	22.193	44.100	42.560
Menningarlegt forystuhlutverk	Fjöldi fjölmeningartengdra verkefna og viðburða	59	82	71
	Fjöldi nýrra sýninga á menningarstofnunum	57	47	45
	Hlutfall gesta sem eru ánægðir með viðmót starfsmanna	ekki framkvæmt	94%	92%
Eftirsóknarverður áfangastaður	Aðsókn að stofnunum sviðsins	585.080	859.650	959.000
	Ánægja með þjónustu/starfsemi stofnana sviðsins	ekki framkvæmt	89%	91%
	Fjöldi nemenda og annarra í skipulögðu náms- eða félagsstarfi (nýr mælikvarði frá 2021)		21.100	3.340
Nýsköpun	Nýmæli í starfsemi	12	15	8

FJÁRMÁL

Hagkvæm nýting og stýring fjármuna	Fjárhagsáætlun v/raun	0.3%	+/- 1%	+/- 1%
Sterk kostnaðarvitund	Kostnaður við rekstur stofnana sviðsins pr. gest	4.031	2.891	2.520
Verðmætasköpun	Fjöldi verkefna þar sem samstarfsaðilar fjármagna a.m.k. 15% af kostnaði	17	21	34
	Sértekjur stofnana sviðsins sem hlutfall af ramma	-9%	-10%	-12%





VERKLAG

Samstarf og samráð	Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	21	16	23
	Fjöldi samráðsfunda og aðgerða sem hvetja til þátttöku almennings í þróun, stefnumótun og ákvarðanatöku	34	27	31
Öflug miðlun	Fjöldi heimsókna á vefsvæði stofnana sviðsins	1.110.743	1.924.000	1.006.000
	Hver er útbreiðsla (reach) efnis á samfél. miðlum	17.653.208	13.268.000	11.587.855
	Viðbragð við færslum á samfélagsmiðlum (engagement) Fb og IG (nýr mælikvarði 2021)		342.000	372.757
Hlúð að sögu og menningarminjum	Fjöldi rannsóknarverkefna	11	16	22
	Fjöldi menningarmerkinga í borgarlandinu	5	2	1

MANNAUÐUR

Hæfir og áhugasamir starfsmenn	Hlutfall starfsmanna sem eru ánægðir í starfi þegar á heildina er litið	90%	92%	95%
	Hlutfall starfsmanna sem telur hæfni sína vel nýttá í starfi	81%	85%	85%
	Hlutfall starfsmanna sem telur samvinnu góða á sínum vinnustað	91%	95%	95%
	Hlutfall starfsmanna sem telur sig fá nauðsynlegar upplýsingar sem snerta starf sitt og/eða vinnustað	73%	84%	85%
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	Hlutfall starfsmanna sem hefur verið hrósað fyrir vel unnin störf á síðustu mánuðum	71%	80%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem ekki hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum	97%	100%	100%
	Hlutfall starfsmanna sem bera traust til yfirmanns síns	85%	92%	90%
Árangursríkir stjórnunarþættir	Hlutfall starfsmanna sem finnst vinnstað sínum vel stjórnað	74%	85%	90%
	Hlutfall starfsmanna sem hafa farið í árlegt starfsþróunarsamtal á síðustu 12-15 mán.	80%	92%	100%
	Á sl. 12 mánuðum hef ég haft tækifæri til þess að sækja námskeið eða fræðslu	87%	95%	95%

* Nýr mælikvarði 2021

	95-100% markmiðum náð
	75 - <95% þarf að nást
	Minna en 75% markmiða náð
	Ekki mælt á tímabilinu





BORGARBÓKASAFN

FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -44.930

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 826.233

Innri leiga 226.502

Annar rekstrarkostnaður 252.690

Rekstrarniðurstaða 1.260.496


Starfsmannafjöldi 2022

Fjöldi starfsmanna 136

Fjöldi stöðugilda 81


SKIPTING TEKNA

Lánskrifteini -
menningarkort 43%
Sektir 34%
Aðrar tekjur 16%
Húsaleigutekjur 7%



SKIPTING GJALDA

Laun 63%
Innri leiga 17%
Annar kostnaður 5%
Bókakaup 14%



HLUTVERK

Hlutverk Borgarbókasafnsins er að deila sögum, þekkingu og menningu, skapa tengsl, samtal og upplifun, jafna aðstöðu, aðgengi og tækifæri og efla læsi í sinni víðustu mynd, lýðræðislega þátttöku og samfélagslega nýsköpun.

Borgarbókasafnið er opið rými allra. Það rúmar því ekki rasisma, hatursorðræðu, áreitni eða ofbeldisfulla hegðun. Með hlýju og fordómaleysi er notendum mætt á þeim stað sem þeir eru. Leitast er við að greiða leiðir að upplýsingum og skapa vettvang sem tengir borgarbúa saman. Í öllu sínu starfi er starfsfólk meðvitað um jaðarsetningu ákveðinna hópa og leitar leiða til að jafna aðstöðumun hvað varðar aðgengi og tækifæri til þátttöku í lýðræðissamfélagi.

Borgarbókasafnið starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningubókasöfn frá 1994, menningarstefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og samþykkt um Borgarbókasafn frá 2015 að leiðarljósi í starfi sínu.

Borgarbókasafnið rekur sjö starfsstaði; í Árbæ, Grófinni, Gerðubergi, Kringlunni, Spönginni, Sólheimum og Úlfarsárdal. Einnig keyrir bókabíllinn Höfðingi og sögubíllinn Æringi víða um borgina.

LEIÐARLJÓÐ

Borgarbókasafnið er lýðræðisvettvangur með sjálfbærni og nýsköpun að leiðarljósi. Þarfir notenda eru í fyrirrúmi í þróun þjónustu, upplýsingamiðlunar og uppbyggingu starfsstaða.

STARFSEMI

Innleiðing stefnu Borgarbókasafnsins 2021-2024, Opið rými allra, er þungamiðja í starfsáætlun ársins 2022. Megináherslur stefnunnar eru fjórar:

Þátttaka allra – samtal, rækt, sköpun: Safnið er lifandi umhverfi sem býður upp á samtal við notendur og starfsfólk og hvetur til þátttöku í þróun þjónustu og dagskrár, sérstaklega hvað varðar sjálfsrækt og félagslega nýsköpun.

Sjálfbært samfélagsrými – öryggi, velliðan, tengsl: Safnið er opið almenningsrými þar sem öryggi og velliðan allra er í fyrirrúmi og stuðlað er að fræðslu, samveru og jákvæðri upplifun notenda og starfsfólks.

Aðgengi allra – þjónusta, aðstaða, þekking: Safnið leitast við að bjóða upp á aðgengi að rýmum, þjónustu, safnkosti, fræðslu- og menningardagskrá fyrir alla óháð stöðu þeirra.

Uppbygging – vistvæn, mannvæn, eftirsóknarverð: Hönnun aðstöðu og rýmis mætir núverandi og framtíðarþörfum notenda og starfsfólks hvað varðar óhindrað aðgengi og hringrásarhugsun í umhverfismálum.

Finna má stefnuna í heild sinni á vefsíðu safnsins, borgarbokasafn.is

Samhliða stefnunni hefur verið unnin aðgerðaráætlun og verkefni skilgreind undir henni. Starfað er með hönnunarhugsun að leiðarljósi til að koma sem best til móts við þarfir íbúa Reykjavíkur og starfsfólk safnsins í þróun þjónustu, upplýsingamiðlunar og uppbyggingu starfsstaða. Starfsáætlun ársins 2022 hverfist um þau verkefni og aðgerðir sem fylgja stefnunni.

ÞÁTTTAKA ALLRA

Safnið er lifandi umhverfi sem býður upp á samtal við notendur og starfsfólk, hvetur til þátttöku í þróun þjónustu og dagskrár, sérstaklega hvað varðar sjálfsrækt og félagslega nýsköpun.

Áfram verður leitast við að efla virkt samtal við nærsamfélagið í hverfunum, þar sem notendum er boðið að hafa áhrif á þróun þjónustu og starfsemi safnsins. Má þar nefna verkefni á borð við Stofuna, Við prentarann og Opin samtöl á torginu.

Stofnaður verður starfshópur sem kortleggur íbúasamtök og hagsmunaaðila í nærsamfélagi hvers safns. Með því að efla samtal við íbúa um Borgarbókasafnið sem þátttökuvettvang/lýðræðisgátt er markmiðið að ná fleira fólki inn á söfnin sem tekur þátt í viðburðum og notar safnið fyrir eigin viðburði.

Unnið verður að því að efla sýnileika á þáttökugáttum innan stjórnkerfis Reykjavíkurborgar, RVK-vefsins reykjavik.is/þatttaka og flétta þar inn verkefnum sem tengjast borgaralegri þátttöku.

Próuð verða þáttökumiðuð verkefni og unnið með rýnihópum með því að tengjast félagssamtökum og jaðarhópum til þess að auka aðgengi ólíkra samfélagshópa að safninu og stuðla að samstarfi við þá sem standa nær þeim hópum samfélagsins, t.d hjá Velferðarsviði borgarinnar.

Notkun á rými verður endurskilgreint og gjaldskrá vegna leigu á aðstöðu endurskoðuð í samræmi við stefnu um aðgengi allra. Markmiðið er að bjóða aðilum í nærsamfélagi hvers safns upp á hýsingu viðburða og námskeiða sem ekki eru kostnaðardrífir.

Tilraunastofa borgaralegrar þátttöku verður sett á laggirnar með því að útbúa samráðsvettvang fyrir notendur, með sérstakri áherslu á jaðarsetta hópa, þar sem þeir geta komið saman í öruggu umhverfi bókasafnsins og tekið þátt í gagnrýnni menningarsamræðu sem snertir m.a. aðgengi að sameiginlegum gæðum samfélagsins og félagslegum hreyfanleika innan þess.

SJÁLFBÆRT SAMFÉLAGSRÝMI

Safnið er opið almenningsrými þar sem öryggi og vellíðan allra er í fyrirrúmi og stuðlað er að fræðslu, samveru og jákvæðri upplifun notenda.

Stefnt er að því að hefja formlegt samstarf við Reykjavík Tool Library, sem lánar út verkfæri. Markmiðið er að koma upp sjálfsafgreiðsluskápum fyrir verkfæri á tveimur söfnum og halda fjölbreytta viðburði í samstarfi við Reykjavík Tool Library.

Mótuð verður fræðsludagskrá út frá samfélagsumræðunni hverju sinni og óskum mismunandi markhópa. Skilin verða eftir „að pláss“ í viðburðardagatalinu til að geta brugðist við því sem er efst á baugi hverju sinni.

Haldið verður áfram að framleiða efni fyrir Hlaðvarp Borgarbókasafnsins með það fyrir augum að fjölbreyttar raddir heyrist í menningar- og samfélagsumræðunni og efla safnið sem samfélagsrými.

Próuð verða ný verkefni og gerðar tilraunir í dagskrárgerð fyrir ungmenni, t.d. í OK-inu og á Verkstæðum Borgarbókasafnsins. Einnig verða sett af stað verkefni sem snerta umhverfis- og samfélagsmál og kerfisbundna mismunun. Tilgangurinn er að stuðla að læsi notenda á kerfisbundinni mismunun og vinna þannig gegn rasisma og jaðarsetningu innan samfélagsins.

AÐGENGI ALLRA

Safnið tryggir aðgengi allra að rýmum, þjónustu, safnkosti, fræðslu og menningardagskrá óháð stöðu þeirra með margvíslegum verkefnum. Umframopnun tveggja safna verður

loksins að veruleika, en settur verður upp tæknibúnaður í Sólheimum og Kringlunni. Með því er notendum gert kleift að sækja safnið sitt fyrir utan hefðbundinn opnunartíma þess. Þannig verður aðgengi að rýmum aukið og stuðlað að frekari sjálfsafgreiðslu notenda á söfnunum. Nýjar sjálfsafgreiðsluvélar- og kerfi munu gera þetta mögulegt. Stefnt er að því að hefja samtal við samtökin Móðurmál um hugsanlegt samstarf til að auka aðgengi að góðum safnkosti fyrir þá notendur sem hafa annað móðurmál en íslensku.

Verkefnahópur með fulltrúum frá BBS, ÞON og VEL verður settur á laggirnar og mun hann standa fyrir vinnustofum um útfærslur á borgarþjónustu á bókasöfnunum. Markmiðið er að skoða möguleg samstarfsmódel um borgarþjónustu og bókasafnið sem vettvang fyrir „fyrstu kynni/hjálpi“ fyrir íbúa og setja stafræna þjónustu sem fyrsta val fyrir notendur að þjónustuveitingu. Notendum, hagaðilum og starfsfólki verður boðið að taka þátt í rýnihópum í tengslum við þróun borgarþjónustu til að skilgreina þarfir og skilning notenda á þjónustunni.

Unnið verður með aðferðum þjónustuhönnunar í þessum verkefnum. Í framhaldinu mun tilraunaverkefni með skilgreindri borgarþjónustu hefjast og starfsfólk þjálfað frá BBS og VEL til að sinna verkefninu og prófa mismunandi frumgerðir af þjónustunni með framlínu BBS.

Bókabíllinn er orðinn lúinn og hafin er vinna við að leita að nýjum. Sótt verður um fjármagn fyrir nýjum bókabíl og starfsemi sem þar mun fara fram þróuð áfram þannig að hún komi til móts við þarfir íbúa í hverfum þar sem bókasafnið er ekki. Jafnframt verður skoðað hvernig bókabíllinn geti nýst fyrir margs konar viðburðahald og fjölbreyttara starf en hægt er í gamla bílnum.

Unnin verður greining á tæknilegum þörfum og aðgengi notenda að æfingarrýmum fyrir tónlistariðkendur á Verkstæðinu í Grófinni. Fylgst verður vel með nýtingu slíkrar tækni í nýju safni í Úlfarsárdal og skoðað hvernig aðstaðan nýtist nærsamfélaginu og hagaðilum þar.

Ætlunin er að fjölga hjólastæðum með skýli yfir og stæðum fyrir rafmagnsfarartæki við söfnin og koma þannig til móts við aukna notkun á slíkum farartækjum og tryggja betri aðstöðu og öryggi slíkra farartækja fyrir utan söfnin. Þarfagreining verður kláruð á árinu og vonandi einnig uppsetning á stæðum og hleðslustöðvum.

Rýmum fyrir lærdómsaðstöðu verður fjölgað á söfnunum til að koma betur til móts við óskir notenda um bættu aðstöðu til lærdóms og vinnu.

Einnig verður farið með skipulögðum hætti yfir aðgengismál bókasafnanna, s.s. þröskulda, uppröðun o.fl. til að koma til móts við ólíkar þarfir notenda um aðgengi.

UPPBYGGING

Í byrjun árs 2022 verður auglýst samkeppni vegna umbreytingar á Grófarhúsi. Þetta er tveggja þrepa samkeppni og ættu vinningstillögur að liggja fyrir um mitt ár. Gera má ráð fyrir að fyrirhugaðar framkvæmdir í Grófarhúsi muni hafa mikil áhrif á starfsemi og þjónustu safnsins og vinnuumhverfi starfsfólks. Mikilvægt er að skoða þessi mál í tíma með þarfagreiningu og í framhaldinu mótun áætlunar um á hvaða hátt hægt verður að

halda úti þjónustu í miðborginni og tryggja starfsmönnum góð starfsskilyrði á meðan á framkvæmdum stendur.

Í tengslum við Borgarbókasafnið í Sólheimum er ætlunin að ná betra samtali við nærsamfélagið og gera hagsmunaaðila- og markhópagreiningu fyrir safnið og kanna þarfir og vilja íbúa fyrir betra og stærra bókasafni á sama stað. Allur hillubúnaður í Borgarbókasafninu Sólheimum verður endurnýjaður í byrjun árs, en þar er búnaður mjög kominn til ára sinna og stenst ekki nútímakröfur um m.a. jarðskjálftavörn.

SKAPANDI VINNUSTAÐUR

Hlúð verður að innri starfsemi Borgarbókasafnsins nú sem endranær. Mikil áhersla verður lögð á símenntun og fræðslu fyrir starfsfólkið.

Teymi safnsins verða eflað með námskeiðahaldi og ákveðnum viðmiðum sem einfalda vinnu þeirra og skilvirkni. Starfsumhverfið verður verkefnamiðaðra og hugmyndafræði um notendamiðaða hönnun áfram nýtt sem leiðandi afl í stærri verkefnum með það að markmiði að efla samvinnu og flæði starfsfólks á milli deilda.

Haldin verða námskeið um sjálfbæra samfélagsþróun með það að markmiði að auka skilning og efla fræðslu um hvað felst í þeirri hugmyndafræði.

100 ÁRA AFMÆLI BORGARBÓKASAFNSINS 2023

Þann 19. apríl 2023 eru 100 ár síðan Borgarbókasafnið var stofnað. Árið 2022 verður nýtt til undirbúnings afmælisins og m.a. sett á stofn afmælisnefnd sem mun koma með tillögur að því hvernig fagna skuli þessu merka afmæli, hugmyndasöfnun um afmælisgjöf til íbúa Reykjavíkur frá safninu verður sett af stað og kynningaráætlun og markaðsáttak skipulagt fyrir afmælisárið.



Lykiltölur Borgarbókasafnsins	Rauntölur 2019	Rauntölur 2020	Rauntölur 2021	Markmið 2022
Gestafjöldi - heildartala	581.252	386.085	442.136	614.000
- Aðalsafn	157.933	102.834	114.887	160.000
- Kringlusafn	108.153	71.341	82.691	109.000
- Sólheimasafn	56.859	35.297	40.555	57.000
- Gerðubergssafn	125.365	88.879	102.114	126.000
- Foldasafn	81.535	53.867	59.647	81.000
- Ársafn	42.263	28.817	34.139	42.000
-Menningarhús Úlfarsárdal		0	0	30.000
- Bókabíll	7.631	3.940	7.112	7.500
- Æringi	1.513	1.110	991	1.500
- Norðlingaholtsskóli *	0			
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	12.492	4.267	0	15.000
Fjöldi viðburða fyrir börn og fjölskyldur	161	106	151	137
Fjöldi heimsókna á vefi BBS	127.968	194.967	207.363	
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	5	1	1	0
Samstarfsaðilar	51	60	60	60
Safnkostur	395.719	391.473	395.895	400.000
Safnkostur á íbúa	3.03	2.94	2.93	2.98
Velta safnkosts-útlán á eintak	1.79	1.37	1.61	1.88
Heildarhúsnæði í fermetrum-brúttó	9.122			
Útlán	707.833	535.862	635.781	751.000
- Aðalsafn	156.660	136.017	160.158	165.000
- Kringlusafn	150.537	114.376	140.483	150.000
- Sólheimasafn	86.104	56.116	71.015	86.000
- Gerðubergssafn	101.096	75.583	79.063	100.000
- Foldasafn	131.221	94.785	112.905	130.000
- Ársafn	72.767	52.609	59.384	70.000
-Menningarhús Úlfarsárdal			1.501	40.000
- Bókabíll	9.448	6.376	11.272	10.000
- Norðlingaholtsskóli *	0			
Bókin heim (fjöldi notenda)	39	37	35	40
Útlán á íbúa	5.41	4.02	4.7	5.6

FRÆÐSLUTILBOÐ BORGARBÓKASAFNSINS 2022

FYRIR SKÓLAHÓPA

Sögustundir með Zetu

Sögustundir með Sleipni

Sögustundir – jóladagatal Borgarbókasafnsins

Sögubillinn Æringi

Safnfræðsla – Skólahópar

Tónlistarupplifun | Sköpun og sögustund, 2. og 3. bekkur

Bókasafnsráðgátan | Safnfræðsla að hausti, 4. bekkur

Bókasnakk | Bókakynningar að vori, 5.-7. bekkur

Leiðsagnir um myndasögudeildina, 8.-10. bekkur

Leiðsagnir um sýningar

Þín eigin bókasafnsráðgáta í Gerðubergi

Skissa verður að bók í Grófinni

Litla bókasafnið í leikskóla



YFIRLIT YFIR VIÐBURÐI BORGARBÓKASAFNSINS 2022

Fræðsla og skemmtun fyrir börn og fullorðna allan ársins hring

Lestrarhvetjandi verkefni, viðburðir og efni framleitt fyrir samfélagsmiðla (fyrir allan aldur), s.s. sögustundir, sýningar, sumarlestur, ritsmiðjur, leshringir, bókakaffi, sagnakaffi, bókmenntagöngur o.s.frv.

Þátttaka í dagskrá í haust- og vetrarfríi grunnskóla

Þátttaka í borgarhátíðum, s.s. Menningarnótt, Hinsegin dögum, Vetrarhátíð,

Barnamenningarhátíð o.fl.

Fræðsla og afþreying tengd fjölmenningu og tungumálum í samstarfi við ýmsa aðila

Fræðsla og verkefni tengd samfélagsmálum og lýðræðispáttöku

Sýningar af ýmsu tagi

Hlaðvarp með fjölbreyttu efni


Fiktvarp með fjölbreyttri fræðslu og afþreyingu

Tónleikar, s.s. tónleikaröðin Jazz í hádeginu og stakir tónleikar af ýmsu tagi

Verkstæðin - tækni tengd fræðsla, viðburðir og þjónusta

Þátttaka í ýmsum menningarhátíðum sem ekki heyra undir Reykjavíkurborg

Hýsing fjölbreyttra viðburða sem utanaðkomandi aðilar halda í húsakynnum BBS







BORGARSÖGUSAFN

FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -130.976

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 472.365

Innri leiga 238.310

Annar rekstrarkostnaður 195.024

Rekstrarniðurstaða 774.723


Starfsmannafjöldi 2022

Fjöldi starfsmanna 87

Fjöldi stöðugilda 43.00


SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir 72%
Húsaleiga 4%
Styrkir 7%
Aðrar tekjur 8%
Vörusala 9%



SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 52%
Annar kostnaður 18%
Innri leiga 26%
Bryggja og ferja
Viðey 3%



HLUTVERK

Borgarsögusafn Reykjavíkur starfar samkvæmt lögum um starfsemi safna og menningarminjar og samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna. Safnið stuðlar að varðveislu menningarminja í Reykjavík með þeim hætti að borgarbúar og gestir þeirra hafi sem bestan aðgang að menningararfi borgarinnar.

Sýningarstaðir safnsins eru í Árbæjarsafni, Landnámssýningunni í Aðalstræti, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafninu í Reykjavík, Viðey og Aðalstræti 10, auk þess sem starfsemi safnsins er gerð sýnileg með öðrum hætti, t.d. með sögugöngum, útgáfu og menningarmerkingum í borgarlandinu. Hlutverk safnsins er að safna, skrásetja, varðveita og rannsaka menningarminjar sem eru einkennandi fyrir menningararf borgarinnar og miðla sögu hennar og menningu frá landnámi til samtímans. Safnið sinnir minjavörslu í Reykjavík og heldur skrár yfir fornleifar, hús og mannvirki í borginni.

LEIÐARLJÓS

Safnið hefur það að leiðarljósi að vera í sterkum og sýnilegum tengslum við samfélagið, vera áreiðanlegt, upplýsandi og aðgengilegt, hvetja gesti sína til þátttöku og þjóna öllum af alúð. Það sýnir fagmennsku við söfnun, skráningu og varðveislu á menningarminjum, miðla fjölbreyttri sögu borgarinnar á forvitnilegan hátt, vekja fólk til umhugsunar, vera skapandi og skemmtilegt. Starfsemi Borgarsögusafns skal vera kraftmikil, traust, markviss og skýr.

STARFSEMI

Markmið í starfsemi Borgarsögusafns eru:

- að tryggja samhengi milli allra sviða safnastarfsins: Söfnunar, rannsókna, varðveislu, sýninga og fræðslu
- að rannsaka og sýna margbreytileika sögunnar, menningar og mannlífs
- að leyfa ólíkum röddum að heyrast
- að sinna þekktum gestahópum vel auk þess að laða aðra hópa að safninu með markvissum aðgerðum
- að skapa umræðu og efla gagnrýna hugsun
- að vera vettvangur fyrir skapandi starf
- að vera gestrisin og veita faglega þjónustu
- að vera opin fyrir samstarfi við aðrar stofnanir, félög og einstaklinga

STEFNUMÖRKUN

Á árinu verður lokið við gerð nýrrar stefnu fyrir Borgarsögusafn Reykjavíkur og aðgerðaáætlun samhliða henni, en það er verkefni sem hefur verið í vinnslu frá fyrra ári. Í þeirri stefnu er tekið mið af nýsamþykktri menningarstefnu Reykjavíkurborgar og meginþræðir hennar fléttaðir inn í starfsemina í ár og á komandi árum. Jafnframt verða aðrar lykilstefnur lagðar til grundvallar. Mikil vinna er ráðgerð í þessu sambandi og mun hún nýtast til að stilla saman strengi, bæta verkferla og efla enn frekar samstarf innan safnsins.

Þá er á dagskrá að ljúka endurnýjun á sérstakri stefnumörkun fyrir Viðey, með fjölþættu samráði aðila sem hagsmuna eiga að gæta þar, en eldri stefna var unnin fyrir 20 árum.

Borgarsögusafn kemur að vinnu við þróun hugmynda um framtíð Hafnarhúss, en ráðgert er að starfsemi Ljósmyndasafns Reykjavíkur færir í húsnæðið, sem Reykjavíkurborg festi nýverið kaup á. Mikil tækifæri felast í þeim breytingum, sem tvímælalaust munu efla starfsemi safnsins enn frekar, bæði hvað varðar varðveislu á ljósmyndaarfi borgarinnar og allri miðlun. Þá mun á árinu fara fram vinna við gerð nýrrar heimasíðu safnsins, en verkefnið er á forræði þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkur. Þá stefnir safnið á Regnbogavottun á árinu.

MINJAVARSLA OG RANNSÓKNIR

Eitt meginverkefni Borgarsögusafns á sviði minjavörslu og rannsókna verður líkt og ætíð fornleifaskráning og húsakannanir, sem eru frumrannsóknir unnar í tengslum við skipulagsvinnu á vegum borgarinnar (til að mynda aðalskipulag og vegna borgarlínu), en einnig yfirferð eldri byggðakannana vegna hverfisskipulags í einstökum hverfum. Þá vinnur safnið umsagnir um hús og skipulagsmál að beiðni Umhverfis- og skipulagssviðs og framkvæmdaraðila og safnið tekur einnig þátt í störfum vinnuhópa og nefnda, svo sem um húsverndarsjóð og fegrunarviðurkenningar Reykjavíkur. Áfram verður haldið með rannsókn á loftgæðum við varðveislu safnkosts og sérstaklega horft til þeirra breytinga

sem áttu sér stað við eldgos á Reykjanesskaga og unnið úr rannsóknarniðurstöðum á myglu í safnhúsum Árbæjarsafns og viðbrögðum í kjölfarið. Áfram verður unnið að forvörslu jarðfastra fornleifa á Landnámssýningunni í Aðalstræti, en sjálf skálarústin sem þar er varðveitt er miðpunktur og kjölfesta sýningarinnar – einn helsti, elsti og flóknasti safngripur Borgarsögusafns. Varðveislu- og viðhaldsáætlun fyrir safnhús Árbæjarsafns verður þróuð áfram, skrásetning gerð ítarlegri og heildstæðari með það að markmiði að halda utan um viðhaldssögu safnhúsanna. Húsverndarstofa á Árbæjarsafni verður áfram starfrækt, í samstarfi við Minjastofnun Íslands og Iðuna fræðasetur, en þar er í boði ókeypis ráðgjöf um viðgerðir og viðhald eldri húsa. Verkefnið Fornar rætur Árbæjar verður á dagskrá í ár, en það er fornleifarannsókn í túni gamla bæjarins í samvinnu við Háskóla Íslands. Verkefnið er einkar vel heppnað, það hefur verið unnið fyrir styrk úr fornminjasjóði frá árinu 2017 og ráðgert er að því ljúki árið 2024. Mikil vinna er ráðgerð við skráningu safnkosts og ekki síður við þróun Sarps, sem er skráningarkerfi safnmuna á landsvísu og mun Borgarsögusafn vera í fararbroddi þeirrar faglegu vinnu. Það er verkefni til nokkurra ára, unnið í samvinnu við flest söfn á landinu og byggir á styrkveitingum frá ýmsum fag- og innviðasjóðum.

Á síðustu árum hefur safnið sinnt menningarminum við Ægisíðu og stefnt er á að grásleppuskúrar við Grímstaðavör verði allir endurgerðir til að varðveita merka sögu útgerðar á svæðinu og viðhalda einkennum þess. Í Viðey verða minningarmörk úr Viðeyjarkirkjugarði forvarin og komið í sýningarhæft ástand, en styrkur fékkst úr fornminjasjóði til verksins. Þá hefur Borgarsögusafn Reykjavíkur verið leiðandi afl í gerð menningarmerkinga í borgarlandinu og á döfinni er til að mynda að setja upp nýjar merkingar við Ufsaklett og Selsvör og við Ánanaust. Þá verða eldri menningarmerkingar í Viðey endurnýjaðar á árinu. Mikil vinna er ráðgerð á árinu sem snýr að viðhaldi varðskipsins Óðins og dráttarbátarins Magna í þéttu og einstaklega gjöfulu samstarfi við Hollvinasamtök skipanna, sem hafa lyft grettistaki. Þessi misseri er einnig unnið að endurnýjun bryggjunnar við Sjóminjasafnið í Vesturbugt, en framkvæmdir hófust síðasta haust. Ráðgert er að þeim framkvæmdum ljúki í sumar og verður það mikill áfangi fyrir nærumhverfi Sjóminjasafnsins og geta þá skipin, þessi merku og miklu hafnarprýði, aftur lagst að í sinni heimahöfn. Ljósmyndasafn Reykjavíkur er að færa söfnunarstefnu sína inn í öld stafrænnar varðveislu myndefnis, en ýmis myndasöfn hafa verið og munu berast safninu til varðveislu og verið er að þróa varðveislu og miðlun í samræði við Þjónustu- og nýsköpunarsvið borgarinnar.

BORGARSÖGUSAFN Í AÐALSTRÆTI

Á sviði miðlunar er opnun nýrrar sýningar í Aðalstræti 10 stærsta verkefni Borgarsögusafns á árinu. Sleitulaust hefur verið unnið að gerð sýningarinnar allt frá árinu 2019, en ýmsar ytri aðstæður, sem ekki þarf að fara mörgum orðum um, hafa gert það að verkum að vinnan hefur gengið hægar er upphaflega var ráðgert. Hin nýja sýning teygir sig í undirgöngum neðanjarðar, allt frá Landnámssýningunni og yfir í elsta hús Kvosarinnar við Aðalstræti 10, sem og bakhús þess. Með opnun sýningarinnar og nýrri safnverslun verður mikil breyting á starfi og rekstri Borgarsögusafns, þar sem um er að ræða viðbót í starfsemi safnsins og nýjan áfangastað í miðborginni. Verður tilkoma hennar mikill menningarlegur áfangi fyrir Kvosina og lyftistöng fyrir elstu götu borgarinnar. Efnið er borgarþróun frá landnámi til samtímans, með áherslu á líf og störf almennings og ráðgerð opnun hennar er í vor.

Borgarsögusafn mun í samstarfi við Sögufélag koma að útgáfu bókar um sögu Landhelgisgæslunnar – Stund milli stríða. Saga landhelgismálsins 1961–1972, en höfundur er sagnfræðingurinn Guðni Thorlacius Jóhannesson. Safnið mun koma að myndaleit og –öflun, auk þess sem ráðgert er að setja upp útisýningu við Sæbraut og standa fyrir viðburði í haust, er verkið kemur út, m.a. í Óðni.

Á árinu verður áfram unnið að öðrum verkefnum á sviði miðlunar, er hafa hlotið styrki, annars vegar úr Barnamenningarsjóði og hins vegar Öndvegisstyrk úr Safnasjóði, en það eru námskeið fyrir börn undir heitinu Viðey Friðey og verkefnið Tökum höndum saman, sem miðar að því að ná til hópa sem jafnan sækja söfn síður. Bæði verkefni eru samstarfsverkefni við Listasafn Reykjavíkur og í anda nýrrar menningarstefnu Reykjavíkurborgar.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Líkt og í fyrra byrjar starfsemi Ljósmyndasafns Reykjavíkur af krafti í ár. Í janúar verður opnuð sýning á myndum úr safnkosti, með listrænum blæ. Nefnist hún Augnablik af handahófi og er hluti af Ljósmyndahátíð Íslands, en þar gegnir Ljósmyndasafn Reykjavíkur lykilhlutverki. Dagskrá Ljósmyndahátíðar var upphaflega áætluð í janúar en vegna samkomutakmarkana og sóttvarna verður hún í lok mars og m.a. verður boðið upp á fyrirlestra og ljósmyndarýni á vegum safnsins. Í kjölfar þess tekur við hin sívinsæla sýning Myndir ársins í samstarfi við Bláðaljósmyndarafélag Íslands og samhliða henni verðlaunahátíð og önnur miðlun. Sumarsýning ársins er Landvörður, eftir verðlaunljósmyndarann Jessica Auer og í haust verður Elvar Örn Kjartansson með sýningu sem nefnist Kerfið. Árinu lýkur svo með útskriftarsýningu nemenda úr Ljósmyndaskólanum, en afar góð reynsla er af því samstarfi sl. 3 ár. Myndavefur Ljósmyndasafnsins styrkist stöðugt og eflist. Í fyrra var 50.000 mynda-markmiðinu náð og framundan er enn frekar aukið aðgengi að efninu á vefnum. Þá er Ljósmyndasafnið vettvangur samstarfs við Hagnýta menningarmiðlun við Háskóla Íslands og er sú akademíska tenging dýrmæt fyrir báða aðila.

ÁRBÆJARSAFN

Á Árbæjarsafni verður unnið samkvæmt áætlun um frekari upplýsingu (ljósahönnun og lýsingu) á safnsvæðinu og í safnhúsum. Verkefnið hefur tvíþætt markmið en annars vegar snýr það að aðgengi og öryggisþáttum og hins vegar að því að skapa sterkari upplifun á safninu.

Safnsvæði Árbæjarsafns verður áfram í þróun, ekki síst bætt tenging við Elliðaárdal og samstarf við OR og sýningu þeirra í gömlu rafstöðinni. Í Elliðaárdal liggja gríðarleg tækifæri fyrir Reykjavík og ríkur vilji stendur til þess að safnið verði hluti af þeirri heild sem dalurinn er sem útivistarsvæði borgarbúa. Álfhóll á Árbæjarsafni er verkefni sem fékkst styrkur til að vinna að og ráðgerð vígsla er í sumar. Þar verður skapaður vettvangur, nokkurs konar útikennslustofa, þar sem fjallað verður um þjóðtrú genginna kynslóða og tengingu okkar við náttúruna. Farið verður í samstarf við skátaheyfinguna til að þróa frekar svæðið í kringum gamla skálann úr Lækjarbotnum, sem einmitt varð 100 ára síðasta sumar. Í

tengslum við Húsverndarstofu verður gerð sýning á Árbæjarsafni þar sem fjallað verður um litaval og gerð gamalla húsa og tengist hún verkefninu Litaspjald sögunnar, en það er vönduð rannsókn sem unnin var í fyrra.

SJÓMINJASAFNIÐ

Á árinu hefst vinna við gerð nýrrar sýningar í Vélasal Sjóminjasafnsins sem ráðgert er að verði opnuð á safnanótt 2023. Í Bryggjusafnsins, sem áður hýsti veitingastað, verður unnið áfram að því að þróa hann sem fjölnotasal og almenningsrými og verður hann dýrmæt viðbót við safnið og miðlun þess. Leiðarstefið í þeirri vinnu er notendavæn hönnun og inngilding og ráðgert er að bæði Barnamenningarhátíð og Hönnunarmars verði þar með sínar miðstöðvar í ár.

SAFNFRÆÐSLA OG VIÐBURÐAHALD

Venju samkvæmt verður safnfræðsla og viðburðahald Borgarsögusafns Reykjavíkur fjölbreytt á árinu. Boðið verður upp á átta fræðsluleiðir fyrir leikskólabörn þar sem leikur og sköpunargleði eru í fyrirrúmi. Fræðsluleiðirnar tengjast viðfangsefni hvers staðar fyrir sig og verður framboðið því fjölbreytt og margslungið. Grunnskólum standa 14 fræðsluleiðir til boða og hér eru þátttaka og upplifun í fyrirrúmi. Hver fræðsluleið er unnin út frá ákveðnu viðfangsefni sem endurspeglar sýningar og starf safnsins, með ákveðinn aldur í huga og tekur mið af aðalnámskrá. Boðið er upp á fimm fræðsluleiðir fyrir frístundahópa.

Í Viðey og á Árbæjarsafni eru góð útisvæði sem tilvalið er fyrir frístundahópa að nýta sér í alls kyns hópeflisleiki og aðra útiveru. Tekið er á móti fjölbreyttum hópum í fullorðinsfræðslu, t.d. hópum í endurhæfingu og hópum í íslenskunámi o.fl. og er safnið þátttakandi í samstarfsverkefninu Listir, hugarefning og vellíðan; Hittumst á safninu sem felst í móttöku hópa frá dagþjálfunum fyrir fólk sem greinst hefur með heilabilun. Borgarsögusafn Reykjavíkur er jafnframt óformlegur námsvettvangur sem hægt er að nýta á margbreytilegan máta í vettvangsferðum hópa.

Áherslur í viðburðahaldi Borgarsögusafns verða einkum á vandað framboð fyrir börn og fjölskyldur. Viðburðum er ætlað að ná til og breikka notendahópa safnsins, styrkja þá miðlun sem í boði er á sýningarstöðunum og efla tengsl safnsins við það samfélag sem það þjónar. Boðið verður upp á dagskrá í vetrarfrí skólanna og fjölskylduhelgar á Sjóminjasafni og á Landnámssýningunni. Einnig sýningaspjall og fyrirlestra í tengslum við sýningar, undir heitinu Fléttur, þar sem efni sýninga er skoðað út frá áhugaverðum sjónarhornum. Safnið verður þátttakandi í ýmsum stærri viðburðum svo sem Barnamenningarhátíð, Hátíð hafnsins, Kvöldgöngum menningarstofnana Reykjavíkur, Menningarnótt og tendrun Friðarsúlu Yoko Ono í Viðey. Fjöldi sumarviðburða verður í boði, í miðborginni, í Viðey og á Árbæjarsafni, en þar verður einnig haldin hin sívinsæla Hrekkjavaka og sérstök jóladagskrá, sem einmitt hlaut kosningu í verkefninu Hverfið mitt í Árbæ.

Lykiltölur Borgarsögusafns Reykjavíkur	Rauntölur 2019	Rauntölur 2020	Rauntölur 2021	Markmið 2022
Gestafjöldi - heildartala	200.068	60.180	86.747	185.000
- Árbæjarsafn	48.716	23.807	28.810	44.000
- Landnámssýning og Aðalstræti 10 *	72.639	11.850	21.080	57.000
- Ljósmyndasafn	14.349	6.145	9.332	18.000
- Viðey	21.005	7.529	9.933	22.000
- Sjóminjasafn	43.359	10.849	17.592	44.000
Skólanemar í skipulögðum heimsóknnum	19.479	10.357	7.743	11.000
Fjöldi viðburða	81	75	94	91
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	8	5	4	3
Fjöldi innlita á heimasíðu	143.263	104.785	139.697	125.000
Fjöldi bygginga í umsjón/rekstri safnsins	54	54	54	54
Fjöldi útgáfuverka	7	5	10	10
Fjöldi afgreiddra mynda	2.108	1.881	2.269	1.900
Fjöldi skráðra fornleifa í Reykjavík	3.642	3.668	3.844	4.000
Fjöldi skráðra safngripa í Sarp	30.961	32.293	33.500	34.000
Fjöldi skráðra ljósmynda	1.800.000	1.960.000	2.072.000	2.170.000
Fjöldi skráðra húsa í húsaskrá	7.619	7.640	7.659	7.680

* Aðalstræti 10 - opnunartími eingöngu sumar 2018

SAFNFRÆÐSLA BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2022

FYRIR LEIKSKÓLA

1 rúttútilboð
8 fræðsluleiðir

Árbæjarsafn: *Komdu að leika!* – 4–6 ára, *Senn koma jólin* (frá 22. nóv. til 17. des.) – elsti árgangur rúttútilboð, *Leikir, litir og form* – 4–6 ára (frá 16. maí til 12. ágúst), *Litir og form* – elsti árgangur (frá 16. maí til 12. ágúst) // **Landnámssýningin:** *Komdu og skoðaðu landnámsdýrin!* – elsti árgangur. // **Ljósmyndasafn:** *Hvað er sýning?* – elsti árgangur. // **Sjóminjasafnið:** *Fiskur & fólk* – 4–6 ára // **Viðey:** *Ævintýraeyjan Viðey* [saga, náttúra og listaverk].

FYRIR GRUNNSKÓLA

2 rúttútilboð
14 fræðsluleiðir

Árbæjarsafn: *Gamli tíminn* – 1.–2. bekkur, *Verk að vinna* – 3.–5. bekkur, *Aðfangadagskvöld 1959* – 5.–7. bekkur (frá 22. nóv. til 17. des.) rúttútilboð, *Neyzlan* – 6.–10. bekkur rúttútilboð, *Vorferð á Árbæjarsafn* – 1.–7. bekkur (frá 16. maí til 10. júní), *Skritið og skondið á Árbæjarsafni* – 8.–10. bekkur (frá 16. maí til 10. júní) // **Landnámssýningin:** *Lífið á landnámsöld* – 1.–3. bekkur, *Siglum til Íslands* – 4.–6. bekkur, *Hvaðan komu Íslendingar?* – 7.–10. bekkur // **Ljósmyndasafn:** *Hvernig lesum við ljósmyndir?* – 1.–10. bekkur // **Sjóminjasafnið:** *Fiskur & fólk* – sjósókn í 150 ár – 1.–10. bekkur, *Skipið sem sökk* – 5.–10. bekkur, *Sjóvísindasmiðjan* – 5.–10. bekkur // **Viðey:** *Ævintýraeyjan Viðey* [saga, náttúra og listaverk – fræðsluhefti í boði fyrir miðstig].

FRÍSTUNDASTARF

5 fræðsluleiðir

Árbæjarsafn: *Leikjafjör* – útivera og útileikir – 6–11 ára (frá 13. júní til 19. ágúst) // **Landnámssýningin:** *Krakkaleikir í Kvosinni* – 6–16 ára (frá 13. júní til 19. ágúst) // **Ljósmyndasafn:** *Orð og mynd* – 6–9 ára (frá 13. júní til 19. ágúst) // **Sjóminjasafnið:** *Fiskur og fjör* – 6–12 ára (frá 13. júní til 19. ágúst) // **Viðey:** *Ævintýraeyjan Viðey* – 6–12 ára [saga, náttúra og listaverk].

FRAMHALDS- OG HÁSKÓLAR

4 fræðsluleiðir auk sérsniðinnar fræðslu og heimsóknna á eigin vegum

Árbæjarsafn: *Neyzlan* – neysluhættir í tímans rás, *LÍKN* – fjölnota fræðsluhús fyrir námskeið og nemendasýningar, einnig hægt að koma í heimsókn á eigin vegum eða óska eftir sérsniðinni fræðslu // **Landnámssýningin:** *Lif og tilvera fyrstu íbúa Reykjavíkur* – leiðsögn um Reykjavík á víkingaöld, einnig hægt að koma í heimsókn á eigin vegum eða óska eftir sérsniðinni fræðslu // **Ljósmyndasafn:** *Leiðsögn um sýningar* – spjall um sýningar safnsins og hugmyndirnar á bak við þær, einnig hægt að koma í heimsókn á eigin vegum eða óska eftir sérsniðinni fræðslu // **Sjóminjasafnið:** *Fiskur & fólk* – sjósókn í 150 ár, einnig hægt að koma í heimsókn á eigin vegum eða óska eftir sérsniðinni fræðslu // **Viðey:** *Náttúra, saga og listir* – Útivera í einstöku umhverfi (heimsókn á eigin vegum).

SÝNINGAR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2022

ÁRBÆJARSAFN

Desember – Bráðum koma blessuð jólin – jóladagskrá Árbæjarsafns á aðventu í samstarfi við Betri hverfi

Tímabundin sérsýning – Karólína vefari. Boðberi nýrra tíma.

Allt árið – Safnhús Árbæjarsafns – Fastar sýningar í safnhúsum sem fjalla um mismunandi tímabil í sögu Reykjavíkur og íbúa hennar.

AÐALSTRÆTI 10

Í maí 2022 opnar ný sýning í Aðalstræti 10-16. Sýningin er beint framhald af Landnámssýningunni og er ætlað að sýna þætti úr sögu Reykjavíkur frá landnámi til vorra daga. Gestir fá innsýn í margslungna sögu og menningu Reykjavíkur í gegnum þróun húsagerðar og skipulags með viðkomu í elsta húsi í miðbæjarins, Aðalstræti 10.

LANDNÁMSSÝNINGIN Í AÐALSTRÆTI 16

Lífið á landnámsöld

Hliðarsalur

Safnfræðsla og viðburðir

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Sýningarsalur og Kubbur

- 18.12 – 09.01.'23 Ljósmyndaskólinn – Útskriftarsýning
- 15.01–27.03. Sýning úr safneign – Augnablik af handahófi – Ljósmyndahátíð Íslands 2022
- 02.04–29.05. Blaðaljósmyndarafélag Íslands – Myndir ársins 2021
Úr safneign – Bjarnleifur Bjarnleifsson, blaðaljósmyndari (*Kubbur*)
- 09.06–10.09. Jessica Auer – Landvörður
- 17.09–11.12. Elvar Örn Kjartansson – Kerfið
- 16.12–08.01.'23 Ljósmyndaskólinn – Útskriftarsýning

Skotið

- 11.11.21–30.01.'22 Guðmundur Óli Pálmason – Yfirgefin list
- 03.02–27.03. Elías Arnar Hjálmarsson – Árstíðir birkisins
- 02.04–29.05. Blaðaljósmyndarafélag Íslands – Myndir ársins 2021
- 09.06–16.08. Ester Jóhannesdóttir – Skuggarými-Ljósryni
- 20.08–16.10. Gissur Guðjónsson
- 20.10–10.12. Óstaðfest
- 15.12– 01.'23 Óstaðfest

SÝNINGAR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2022

SJÓMINJASAFNIÐ Í REYKJAVÍK

Aðalsýningarrými

Fiskur & fólk – sjósókn í 150 ár

Vélasalur (sérsýningarrými)

Melckmeyt 1659 – fornleifarannsókn neðansjárvar

Djúpið (sérsýningarrými)

05.04 - 17.04. Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2022 – Sýning – LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar

Kýraugað (sérsýningarrými)

Konni kompás – Verkstæði Konráðs Gíslasonar (1903-1999), kompássmiðs

Bryggjusalur (fjölnotarými)

24.03. Ljósmyndarýni Ljósmyndahátíðar Íslands 2022 og Ljósmyndasafns Reykjavíkur

05.- 17.04. Barnamenningarhátíð í Reykjavík 2022 – Sýning – LÁN – listrænt ákall til náttúrunnar

01.09 – 30.09. Sýning á vegum Hlutverkaseturs

Allt árið Fjölskylduhelgar Borgarsögusafns aðra hverja helgi í Bryggjusal

VIÐEY

Viðeyjarstofa

Innsetningar um sögu hússins og kirkjunnar á jarðhæð og í kjallara hússins

Skólahúsið (fjölnotarými)

Viðey – Saga, náttúra og list

VIÐBURÐIR BORGARSÖGUSAFNS REYKJAVÍKUR 2022

Dagskrá í vetrarfrii grunnskólabarna

Dagskrá á Barnamenningarhátíð

Fjölskylduhelgar á Sjóminjasafni og Landnámssýningu

Fléttur / Fyrirlestrar & upplifanir á öllum starfsstöðvum með áherslu á Ljósmyndasafn, Landnámssýningu og Sjóminjasafn

Sýningaspjall í tengslum við nýjar sýningar á Ljósmyndasafni

Hátíð hafsins á Sjóminjasafni

Sunnudagsviðburðir á Árbæjarsafni í júní, júlí og ágúst

Jónsmessunæturanga frá Árbæjarsafni

Þjóðhátíðargleði 17. júní í Árbæjarsafni

Fjölskylduviðburðir á sunnudögum í Viðey í júní, júlí og ágúst

Þriðjudagsgöngur í Viðey í júní, júlí og ágúst

Sumarsólstöður í Viðey

Kvöldgöngur um miðborgina í júní, júlí og ágúst

Götuhátíð í tengslum við opnun á nýrri sýningu í Aðalstræti 10

Dagskrá á Menningarnótt

Útgáfuhóf í samstarfi við Sögufélagið v. útgáfu á nýrri

bók forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar, um

Landhelgisgæsluna

Málþing í samstarfi við Vitafélagið á Sjóminjasafninu

Tendrun Friðarsúlu í Viðey

Dagskrá í haustfrii grunnskólabarna

Hrekkjavaka í Árbæjarsafni

Jóladagskrá í Árbæjarsafni

Hýsing og samstarf við utanaðkomandi aðila sem vantar

vettvang fyrir viðburði og sýningar

Framleiðsla á fræðandi podcast myndböndum um menn &

málefni á víkingaöld



Tveggja ramma saga
Two Frames Story

GRETTUR
GRIMACE

GRETTUR
GRIMACE





**LISTASAFN
REYKJAVÍKUR**

FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -135.173

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 308.107

Innri leiga 179.434

Annar rekstrarkostnaður 200.494

Rekstrarniðurstaða 552.862

Starfsmannafjöldi 2021

Fjöldi starfsmanna 67

Fjöldi stöðugilda 28.00

SKIPTING TEKNA


Aðgangseyrir 43%

Vörusala 27%

Styrkir 14%

Húsaleiga 9%

Aðrar tekjur 7%




SKIPTING GJALDA

Laun 45%

Annar kostnaður 27%

Innri leiga 26%

Listaverkakaup 2%



HLUTVERK

Listasafn Reykjavíkur varðveitir listaverkæign Reykjavíkurborgar. Hún samanstendur af listaverkum sem endurspeglu einkum strauma og stefnur í íslenskri myndlist frá síðari hluta 20. aldar og af sérsöfnum listaverka eftir Ásmund Sveinsson, Erró og Jóhannes S. Kjarval. Safnið hefur umsjón og eftirlit með listaverkum á almannafæri í eigu Reykjavíkurborgar. Jafnframt því að varðveita og miðla safneigninni er það hlutverk safnsins að stunda rannsóknir og sinna fræðslu um myndlist, innlenda og erlenda, m.a. með sýningahaldi, útgáfum, fyrirlesturum, leiðsögnum eða með öðrum hætti. Listasafn Reykjavíkur stuðlar þannig að því að borgarbúum og öðrum gestum safnsins sé gert kleift að fylgjast með því sem hæst ber í myndlist hverju sinni.

Listasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt samþykktum borgarráðs frá 2013, lögum um starfsemi safna, myndlistarlögum og samþykktum og siðareglum Alþjóðaráðs safna. Sýningarstaðir Listasafns Reykjavíkur eru Hafnarhús, Kjarvalsstaðir og Ásmundarsafn auk þess sem listaverk safnsins eru aðgengileg í borgarlandinu og á þjónustustöðum Reykjavíkurborgar.

LEIÐARLJÓS

Listasafn Reykjavíkur er lifandi og framsækinn vettvangur þar sem tækifæri gefst til að kynnast fjölbreytileika myndlistar í nútíð og fortíð. Öflug miðlun og góð þjónusta skal vera áhugavekjandi umgjörð sköpunarverka listamanna.

STARFSEMI

Meginmarkmiðin í starfsemi Listasafns Reykjavíkur eru eftirtalin:

Öflug miðlun – Safnið er vettvangur lista sem ekki bregst því hlutverki að ögra og fræða þannig að gestir öðlist dýpri skilning á sögulegu, félagslegu, menningarlegu og listrænu samhengi sköpunarverka listamanna. Leitast er við að tvinna saman sýningar, rannsóknir, fræðslu, fyrirlestra og aðra viðburði með það að markmiði að vera upplýsandi vettvangur skapandi umræðu sem örvar áhuga á myndlist og hlutverki hennar í samfélaginu auk þess sem veitt er innsýn í vinnu listamanna.

Góð þjónusta – Lögð er áhersla á góða þjónustu í viðum skilningi þannig að upplifun gesta af heimsókn í safnhúsin sé jákvæð, bæði hvað varðar samskipti og umhverfi. Leitast er við að taka mið af þörfum gesta með markvissri greiningu á ólíkum hópum.

Markvisst markaðsstarf – Skýrt yfirbragð einkenni alla markaðssetningu Listasafns Reykjavíkur þar sem lögð er áhersla á hvern viðkomustað fyrir sig. Í markaðsstarfi safnsins skal hugað að því að styrkja samband þess við einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki sem stuðlað geti að framgangi myndlistar og því að safnið nái markmiðum sínum.

Gott starfsumhverfi – Fagmennska og vönduð vinnubrögð einkenni allt starf Listasafns Reykjavíkur þar sem starfsmenn hafa til að bera áráðni, þekkingu og gott starfsumhverfi þannig að þeir geti unnið í takt við stefnuáherslu og framtíðarsýn.

Á starfsárinu verður áberandi hvernig ólíkir þættir starfsins fléttast saman sem grunnur menningarlegrar upplifunar, fræðslu, sköpunar, afþreyingar og þjónustu sem nýtist fjölbreyttum hópi fólks í samfélaginu. Safnkosturinn sem undirstaða rannsókna, skilar sýningum sem varpa ljósi á myndlist sem marktækan valkost, jafnt til afþreyingar og fræðslu og sem verkfæri til félagslegra úrbóta eða gagnrýni. Yfirlitssýning á verkum Errós úr safneign, samhengi verka Ásmundar Sveinssonar við verk samtímalistamanna, rannsóknarsýning á samtímalist á norðurslóðum og rannsóknarstaða sem miðar að því að greina stöðu kvenna í íslenskri listasögu eru dæmi sem endurspeglar þetta. Fjölbreytt miðlun sýninga og nálgun við ólíka hópa í samfélaginu eru verkfæri til að þjóna vel gestum safnsins en einnig til að höfða til nýrra hópa og tryggja aðgengi allra.

Alþjóðleg samstarfsverkefni eru áberandi á starfsárinu, bæði sýningar og miðlunarverkefni. Óvenju margar útgáfur fylgja sýningum ársins en vel hefur gengið að afla styrkja til þessara verkefna. Öflun styrkja er mikilvægur liður í því að efla starfsemi og er stuðningur jafnt innlendra og erlendra sjóða sem og einkafyrirtækja forsenda þess að safnið standi að útgáfum og alþjóðlegum verkefnum.

Rekstur safnsins ber að skoða í ljósi þess að erlendum ferðamönnum hefur fækkað mikið hér á landi í kjölfar heimsfaraldurs. Er það áskorun fyrir Listasafn Reykjavíkur að mæta væntingum um sjálfafla fé sem hluta af rekstarfé safnsins. Þó enn ríki óvissa um þróun samkomutakmarkana á komandi misserum er lögð fram áætlun sem gerir ráð fyrir því að samfélagið finni sér leiðir til að njóta menningar og lista í samneyti manna og að fjöldi ferðamanna til landsins aukist.

SÝNINGAR

Sýningar starfsársins verða fjölbreyttar en í öllum safnhúsum verða sýningar sem gera skil verkum ólíkra listamanna, jafnt starfandi listamanna samtímans sem listamönnum sem tilheyra sögulegu samhengi íslenskar myndlistar. Árið hefst með viðamikilli sýningu á verkum Birgis Andrússonar á Kjarvalsstöðum og sýningu á Kjarvalsverkum undir titlinum *Í íslenskum litum* en titillinn vísar til hugmynda Birgis um einkennandi liti íslenskrar menningararfleifðar. Sýningar tengdar einstaklingssöfnum verða sem fyrr á dagskrá: Sýning á mannamyndum Kjarvals á Kjarvalsstöðum; og verk Ásmundar sett í samhengi samtímalistamanna á Ásmundarsafni.

Sýningin *Sprengikraftur mynda*, yfirlitssýning á verkum Errós, er umfangsmesta sýning ársins. Hún mun endurspeglar kraftmikinn feril listamannsins og þann verðmæta menningararf sem Listasafn Reykjavíkur varðveitir í Erró-safninu. Erró-safnið hefur vaxið frá því hann færði Reykjavíkurborg um 2000 verk árið 1989 og telur nú meira en 4000 verk. Í því safni er meðal annars að finna málverk, vatnslitamyndir, grafíkverk, skúlptúra, klippimyndir og önnur listaverk sem spanna allan feril listamannsins. Auk listaverkanna gaf Erró Reykjavíkurborg umfangsmikið safn einkabréfa og annarra gagna sem snerta listferil hans. Þessar ríkulegu heimildir hafa mikið gildi fyrir allar rannsóknir sem snerta listamanninn og samtíma hans. Sýningin hefur verið í undirbúningi frá árinu 2019 og endurspeglar það hlutverk safnsins að sinna jafnt rannsóknum og kynningu á verkum úr viðamikilli listaverkæign borgarinnar og vægi Errós í alþjóðlegu samhengi. Við undirbúningu sýningar sem þessarar er tekist á við fjölbreytt verkefni á borð við umsýslu verka, varðveislu, forvörslu, öryggismál og rannsóknina sjálfa sem er grunnur sýningarinnar. Þegar sýningunni lýkur í Hafnarhúsi fer hún á nokkra virta sýningarstaðir erlendis, MOMA-Moskva í nóvember 2022 og ARoS í Árósum vorið 2023. Sýningunni fylgir veglegri sýningarskrá.

Til alþjóðlegra samstarfsverkefna má telja sýninguna *Norður og niður* í Hafnarhúsi. Sýnd verða verk þrjátíu listamanna sem koma frá norðlægum slóðum og fjalla um breytingar sem eru að verða á mannlífi og náttúru norðurheimskautsins. Verkefnið, sem felur í sér sýningu, útgáfu og veglega dagskrá, er unnið í samstarfi við Portland Museum of Art í Maine, Bandaríkjunum og Bildmuseet í Umeå, Svíþjóð.

Gjörningapoka, gjörningahátíð með þátttöku fjölda listamanna og ráðstefnu um listformið er á dagskrá í mars. Samstarfsverkefni með Listahátíð í Reykjavík í Porti Hafnarhúss er flutningur hins litháíska gjörnings, Sea & Sun, sem farið hefur sigurför um heiminn. Báðum þessum viðburðum hefur ítrekað verið frestað frá árinu 2020. Það verður spennandi að sjá hvernig fer.

MIÐLUN OG VIÐBURÐIR

Miðlun og viðburðir eru mikilvæg verkfæri sem festa safnið í sessi sem vettvangur ólíkra hópa. Samstarf við skóla á öllum skólastigum er fastur liður í starfi safnsins en nú með sérstaka áherslu á unglíngastigið og samstarf við framhaldsskóla en unnið er að gerð fjölbreytts fræðsluefnis fyrir þennan hóp á vefsvæðinu *Abrakadabra*. Þá er áfram haldið á braut stafrænnar miðlunar sem hefur farið vaxandi síðustu ár, bæði með notkun

smáforrita, samfélagsmiðla, spjaldtölva og vefsvæðis. Fastir liðir í starfseminni eru samtöl við listamenn, málþing, námskeið og fjölskyldudagskrá svo eitthvað sé nefnt. Alþjóðlegt málþing um tengsl kvikmynda og myndlistar verður haldið í tengslum við afhendingu evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Reykjavík í desember. Unnið er að þróun fræðslu í safnastarfi í samstarfi við MO Museum í Vilnius fyrir tilstilli evrópsks styrks. Þriggja ára átaksverkefnið, *Tökum höndum saman*, heldur áfram í samstarfi við Borgarsögusafn þar sem miðlun til jaðarsettra hópa er þróuð sérstaklega. Samstarf stofnananna um sumarnámskeið í Viðey mun halda áfram eftir jákvæðar undirtektir fyrsta árið í fyrra.

RANNSÓKNIR

Rannsóknir eru eitt af kjarnahlutverkum safna og birtast niðurstöður bæði á formi sýninga og í útgáfum. Starfsárið er sérstaklega gjöfult hvað þetta varðar og eru til dæmis útgáfur ársins þrjár. Rannsóknarstarf safnsins er jafnframt eft til muna á árinu en sett hefur verið á laggirnar sérstök rannsóknarstaða við safnið sem ætlað er að taka til skoðunar stöðu kvenna í íslenski listasögu. Staðan er til eins árs í senn og lýkur með sýningu og útgáfu. Safnið hlaut öndvegissstyrk Safnaráðs til þessa verkefnis.

VARÐVEISLA LISTAVERKA

Varðveisla listaverka Reykjavíkurborgar er stöðug áskorun. Árið markar straumhvörf hvað varðar varðveislu stærri og grófari verka þegar tekið var í notkun nýtt og rúmgott varðveisluhúsnæði fyrir stærri listaverk, skúlptúra, innsetningar og búnað. Þetta leysir að hluta til bráðavanda innan safnsins en áfram þarf að vinna að úrbótum varðveisluskilyrða fyrir málverk og minni og viðkvæmari verk. Brýnt er að huga að varðveislu þeirra verðmæta sem fólgin eru í listaverkæign Reykjavíkurborgar og huga að áskorunum til framtíðar.

Unnið verður að viðhaldi og viðgerðum á útilistaverkum í borginni en jafnframt er unnið að gagngerrri endurskoðun lýsingar á öllum listaverkum í borgarlandinu. Uppsetning nýrra verka er samkvæmt sérstökum fjárheimildum borgarráðs og á árinu verður verkið Vindharpa eftir Elínu Hansdóttur sett upp við Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhús. Unnið er að stórum forvörsluverkefnum innan safnsins í tengslum við yfirlitssýningu á verkum Errós.

MARKAÐS- OG KYNNINGARSTARF

Markaðs- og kynningarstarf safnsins miðar að því að efla og treysta stöðu safnsins sem sjálfsagðs viðkomustaðar borgarbúa og gesta þeirra. Þegar litið er til þessa nýtur safnið þess að starfa í þremur ólíkum safnhúsum þar sem hægt er að bjóða upp á margvíslega upplifun. Þetta verður gert með fjölbreyttri miðlun til ólíkra hópa, viðamikilli fræðsludagskrá og góðri kynningu eftir margvíslegum leiðum. Gestakannanir sýna að yngra fólk sækir safnið heim í æ ríkari mæli og er eitt af meginmarkmiðum ársins að þjóna þessum hópi enn betur, bæði í gegnum samstarf við skóla og með almennri dagskrá. Í allri miðlun er höfðað til áhugafólks um myndlist en einnig unnið að því að greina og ná til hópa sem síður hafa sótt safnið heim. Verkefni á borð við *Leikum að list*, *Listin talar tungum*, *Tökum höndum saman* og fastar leiðsagnir á pólsku verða áfram á dagskrá safnsins og hafa það markmið að koma til móts við það fjölbreytta samfélag sem safnið þjónar.

Lykiltölur Listasafns Reykjavíkur	Rauntölur 2018	Rauntölur 2019	Rauntölur 2020	Markmið 2021
Gestafjöldi	227.119	138.815	153.945	160.000
- Hafnarhús	100.597	58.501	60.949	90.000
- Kjarvalsstaðir	101.982	70.284	79.159	50.000
- Ásmundarsafn	24.540	10.030	13.837	20.000
Fjöldi seldra árskorta (endurnýjun)	364	395	365	571
Skólanemar í skipulögðum heimsóknum	8.670	8.590	9.760	10.000
Fjöldi viðburða	221	118	202	190
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	4	2	1	3
Fjöldi heimsókna á vefsvæði	158.019	135.880	211.466	188.000
Útlán listaverka	460	484	494	500
Fjöldi útgáfuverka	17	16	16	17
Fjöldi skráðra listaverka í eigu safnsins	17.193	17.237	17.267	17.380
Fjöldi útilistaverka í umsjón safnsins	184	184	186	188



SAFNFRÆÐSLA LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2022

FYRIR LEIKSKÓLA

Tekið á móti skólahópum í öllum safnhúsum, virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningar er skólum að kostnaðarlausu.

Í öllum safnhúsum eru smiðjur þar sem aðstaða er til að vinna létt verkefni í tengslum við yfirstandandi sýningar í fylgd safnkennara.

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Heimsókn í söfnin tekur eina til tvær klukkustundir og er skólunum að kostnaðarlausu.

FYRIR GRUNNSKÓLA

Flestar sýningar safnsins gefa tilefni til vinnu með nemendum en lögð er sérstök áhersla á verkefni um Ásmund Sveinsson, Erró og Kjarval og fá eftirtaldir hópar í grunnskólum Reykjavíkur ókeypis rútuferðir til og frá skóla.

4. bekkur – Ásmundarsafn: Ásmundur Sveinsson

6. bekkur – Kjarvalsstaðir: Jóhannes Sveinsson Kjarval

8.-10. bekkur – Hafnarhús: Erró

Í höggmyndagarðinum Perlufestinni í Hljómskálagarðinum, sem var opnaður árið 2014 til minningar um upphafskonur íslenskrar höggmyndalistar, er boðið upp á leiðsagnir og verkefni.

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

FYRIR FRAMHALDSSKÓLA

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

FYRIR HÁSKÓLA

Tekið á móti hópum í öllum safnhúsum virka daga frá kl. 8.30 til 16. Leiðsögn um sýningarnar er skólunum að kostnaðarlausu.

Sérstaklega tekið á móti kennaranemum og nemum í uppeldis- og kennslufræði og þeim kynnt hvernig þeir geta nýtt safnið þegar þeir hefja störf.

Listasafnið tekur á móti háskólahópum í „vísindaferðir“ eftir samkomulagi

FYRIR KENNARA

Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir fjölda viðburða, fyrirlestra, málþinga og námskeiða í Hafnarhúsi, Ásmundarsafni og á Kjarvalsstöðum þar sem lögð er áhersla á að skoða afmarkað svið myndlistar og þar sem boðið er upp á leiðsögn um valdar sýningar fyrir þá sem vilja forvitnast um hvað er að gerast í samtímalist.

FLÖKKUSÝNINGAR

Grunnskólum stendur til boða að fá tvær flökkusýningar til láns í skólann í 2-3 vikur í senn ásamt vönduðum fræðsluverkefnum og kynningu á mögulegri notkun sýninga og verkefna. Fræðsluverkefnin eru unnin af kennurum með bakgrunn í myndlist og listfræði og verkefnin tengd námsskrám. Flökkusýningarnar eru í sérhönnuðum kistum á hjólum og eru færanlegar milli rýma. Hver sýning er í tveimur kistum sem raðast saman í u.þ.b. 10 metra sýningarrými og rúma um 8-12 listaverk sem eru öll úr safneign Listasafns Reykjavíkur.

SÝNINGAR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS 2022

JANÚAR - MARS

AbraKadabra (frá fyrra ári)

Á sýningunni eru ný verk eftir samtímalistamenn sett fram með það í huga að opna heim samtímalistarinnar fyrir nýjum hópum. Sýningunni fylgir stafrænt fræðsluefni fyrir börn og ungt fólk auk dagskrár sérstaklega fyrir aldurshópinn 13 – 19 ára. Sýningin og miðlunarverkefnið hafa hlotið veglega styrki úr Barnamenningarsjóði. Sýningarstjórn: Teymi sérfæðinga Listasafns Reykjavíkur

JANÚAR - MARS

Ferðagarpurinn Erró (frá fyrra ári)

Ferðalög eru einkennandi fyrir líf og list Errós (f. 1932). Hvert sem hann fer sankar Erró að sér hundruðum mynda. Hann nýtir þær í samklippuverk sem verða að málverkum. Hugmyndin um ferðalög birtist í mörgum verka listamannsins. LR vann sýninguna fyrir Listasafnið á Akureyri 2020. Sýningarstjórn: Danielle Kvaran

JANÚAR

D45 – Baldvin Einarsson: Op (frá fyrra ári)

Innsetning þar sem textar og bréfalúgur, unnar úr bronsi, opna innra rými safnsins. Listamaðurinn skoðar samspil þess innra og ytra, innra líf einstaklinga jafnt sem eðli safnsins sem umgjarðar sköpunarverka. Sýningaröðin í D-sal hóf göngu sína árið 2007. Listamönnum sem hafa vakið athygli sem þátttakendur í myndlistarlífi borgarinnar er boðið að halda sína fyrstu einkasýningu í opinberu safni. Sýningarstjórn: Birkir Karlsson

FEBRÚAR - MARS

D46 – Ásgerður Birna Björnsdóttir: Snertitaug

Verk Birnu eru unnin úr fjölbreyttum efnum en eru þó á barmi þess að vera til, ósnertanleg og ósýnileg. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir

APRÍL - OKTÓBER

Erró – Sprengikraftur mynda

Hafnarhúsið verður allt undirlagt af verkum Errós. Verkin eru úr safneign Listasafns Reykjavíkur og veita einstaka yfirsýn yfir allan feril listamannsins. Kraftur verkanna og fjölbreyttur myndheimur, sýna þau viðfangsefni sem hafa verið Erró ofarlega í huga og hvernig hann hefur notað listsköpun sína til þess að leggja orð í belg í heimsmálunum. Árið 2022 heldur Erró upp á 90 ára afmæli sitt. Sýningin verður sett upp í Moma – Moskvu í nóvember og ARoS – Árósum í mars 2023. Sýningarstjórn: Gunnar og Danielle Kvaran

OKTÓBER - DESEMBER

Norður og niður: Samtímalist við Norður Atlandshafið

Hugmyndir um norðrið hafa tekið stórum og örum breytingum á síðustu árum. Breytingarnar snúa að náttúru, loftslagi, menningu og mannlífi, m.a. árhundruða sögu frumbyggja svæðisins. Ný verk listamanna frá svæðum Norður-Atlantshafsins eru sýnd saman á þessari viðamiklu sýningu ásamt því að gefin er út vegleg sýningarskrá. Sýningin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur, Portland Museum of Art í Maine, Bandaríkjunum og Bildmuseet í Umeå, Svíþjóð. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrésson, Jaime DeSimone og Anders Jansson.

OKTÓBER - DESEMBER

Sigurður Guðjónsson

Einn fremsti vídeólistamaður íslenskrar samtímalistar verður fulltrúi landsins á Feneyjatvíæringnum 2022. Á sýningunni verða ný og eldri verk sem kynna list Sigurðar í áhrifamikilli innsetningu þar sem samspil hljóðs og kvikra mynda eru í fyrirrúmi. Sýningarstjórn: Mónica Bello

SÝNINGAR LISTASAFNS REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR 2022

JANÚAR

Guðný Rósa Ingimarsdóttir: opus - ous (frá fyrra ári)

Guðný Rósa vinnur með fundin efnivið, pappír, prent og texta. Hún blandar þessu saman við teikningar og notar ýmsar handverkshefðir eins og saum til þess að fullgera verkin. Sýningin er fimmta yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur þar sem horft er á feril starfandi listamanns með sýningu og veglegri bókaútgáfu. Sýningarstjórn: Ólöf Kristín Sigurðardóttir

JANÚAR – MAÍ

Birgir Andrússon: Eins langt og augað eygir

Birgir Andrússon (1955 – 2007) var myndlistamaður sem leitaði í sögur, hefðir og handverk þjóðarinnar og nýtti sem efnivið í hugmyndaverk sem oft byggja á tungumálinu og samspili hins séða og sagða. Þessi viðamikla yfirlitssýning gefur áhorfendum kost á að kynna sér þau leiðarstef sem birtust á ferli hans og mótuðu sérstakt ævistarf. Sýningarstjórn: Robert Hobbs

JANÚAR – MAÍ

Kjarval í íslenskum litum

Valin verk Kjarvals sett fram í samhengi „íslenskrar lita“ Birgis Andrússonar. Verkin endurspeglar frjálsglega litanotkun og skapandi huga listamannsins. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir

MAÍ

Listaháskóli Íslands – útskriftarsýning

Sýning á verkum BA-nema á sviðum myndlistar, arkitektúrs og hönnunar.

JÚNÍ – SEPTEMBER

Kjarval – Mannamyndir

Mannamyndir eru mikilvægur hluti af ævistarfi Kjarvals. Á sýningunni verða allt frá stórum málverkum af þekktum einstaklingum til blekteikninga af bændum á austurlandi og alþýðufólki á Ítalíu. Myndirnar eru innbyrðis um margt ólíkar hvað varðar tæknilega útfærslu, en sýna vel fágæta færni hans sem teiknara og bera með sér sterkt innsæi. Sýningarstjórn: Aðalsteinn Ingólfsson

JÚNÍ – SEPTEMBER

Spor og þræðir

Samsýning verka íslenskra samtímalistamanna sem sauma eða nota saumnál á einhvern hátt við sköpun sína. Verkin eru vitnisburður um aukinn áhuga listamanna samtímans á handverki og hefðum handverks en jafnframt vottar hún um frumlega notkun hefðbundins efniviðar. Sýningarstjórn: Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir og Birkir Karlsson

OKTÓBER – DESEMBER

Guðjón Ketilsson – Yfirlitssýning

Sýningin er sjötta yfirlitssýning Listasafns Reykjavíkur þar sem horft er á feril starfandi listamanns með sýningu og veglegri bókaútgáfu. Sýningarstjórn: Markús Þór Andrússon

OKTÓBER – DESEMBER

Kjarval úrval

Jóhannes S. Kjarval (1885 – 1972) lykilverk úr safneign Listasafns Reykjavíkur sem endurspeglar feril hans. Sýningarstjórn: Edda Halldórsdóttir og fleiri

VIÐBURÐADAGATAL LISTASAFNS REYKJAVÍKUR 2022

JANÚAR – MAÍ

Leiðsagnir um sýningar – hádegi, helgar, kvöld (janúar-maí)
Leikum að list – barna og fjölskylduviðburðir (janúar-maí)
Tökum höndum saman – móttaka einhverfra (janúar-maí)
Móttaka hópa með minnisglöp (janúar-maí)
Listin talar tungum – fjölmeningarverkefni (febrúar, apríl)
Safnanótt á Vetrarhátíð (febrúar)
Vetrarfrí í grunnskólum Reykjavíkur (febrúar)
Hönnunarmars (maí)
Fyrirlestur Roberts Hobbs um Birgi Andrésson (mars)
Tónleikaröð f. almenning – Klassík í hádeginu (mars-apríl)
Tónleikaröð f. geðfatlaða – Töframáttur tónlistar (febrúar, mars)
Sumardagurinn fyrsti – Fryssa gangsett (apríl)
Barnamenningarhátíð (apríl)
Umræðuþræðir – fyrirlestrar alþjóðlegra sérfræðinga (maí)
Alþjóðlegi safnadagurinn (maí)

JÚNÍ – ÁGÚST

Leiðsagnir um sýningar – hádegi, helgar, kvöld (júni-ágúst)
Gjörningur „Sea and Sand“ í porti Hafnarhúss í samstarfi við Listahátíð Reykjavíkur (júni)
Kvöldgöngur menningarstofnana (júni-ágúst)
Reykjavík Safari – fjölmeningarverkefni (júni-ágúst)
Sumarnámskeið fyrir börn (júni)
Viðey-Friðey – sumarnámskeið í samstarfi við Borgarsögusafn (júni-ágúst)
Perlufesti – kvenréttindadagurinn (júni)
Menningarnótt (ágúst)

SEPTEMBER – DESEMBER

Leiðsagnir um sýningar – hádegi, helgar, kvöld (september-desember)
Leikum að list – barna og fjölskylduviðburðir (september-desember)
Móttaka hópa með minnisglöp (september-desember)
Listin talar tungum – fjölmeningarverkefni (september, nóvember)
Sérnámskeið f. almenning (september, nóvember)
Tendrun Friðarsúlu Yoko Ono (október)
Fyrirlestraröð – Umræðuþræðir (október, nóvember)
Tónleikaröð f. geðfatlaða – Töframáttur tónlistar (september, nóvember)
Haustfrí í grunnskólum Reykjavíkur (október)
Ráðstefna um tengsl kvikmynda og myndlistar (nóvember)
Iceland Airwaves (nóvember)
Umræðuþræðir – fyrirlestrar alþjóðlegra sérfræðinga (nóvember)
Jólin tala tungum – fjölmeningarverkefni (desember)
Jólaborgin (desember)





HÖFUÐBORGARSTOFA

FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -11.550

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 62.706

Annar rekstrarkostnaður 50.016

Rekstrarniðurstaða 101.172


Starfsmannafjöldi 2021

Fjöldi starfsmanna 7

Fjöldi stöðugilda 6.00


SKIPTING TEKNA

Samstarfsverkefni 44%
Gestakort 56%



SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 56%
Félagsgjöld 7%
Gestakort 4%
Markaðsátak 10%
Rannsóknir og kannanir 2%
Samstarfsverkefni 4%
Annar kostnaður 17%



HLUTVERK

Höfuðborgarstofa ber ábyrgð á heildarkynningu á áfangastaðnum Reykjavík á innlendum sem erlendum mörkuðum. Stofan leggur áherslu á að styrkja stöðu Reykjavíkur sem höfuðborgar landsins í alþjóðlegri samkeppni á sviði ferðamála. Sú samkeppni hefur harðnað mjög í kjölfar heimsfaraldurs, sér í lagi á milli þeirra áfangastaða sem mest eiga undir ferðþjónustu komið.

Megináhersla í starfi Höfuðborgarstofu er mörkun og markaðssetning á áfangastaðnum og markmið í starfsemi hennar að Reykjavík verði eftirsóttur áfangastaður allt árið um kring. Stofan hefur um árabíl leitt markaðssamstarf sveitafélaga á höfuðborgarsvæðinu undir sameiginlegu vörumerki Reykjavíkur en óljóst er með hvaða hætti því verður háttað í ár. Hún vinnur jafnframt náið með Íslandsstofu, Inspired by Iceland North America (áður Iceland Naturally) og Meet in Reykjavík og heldur utan um samstarf borgarinnar við samtök hagaðila í ferðþjónustu.

Hlutverk Höfuðborgarstofu hefur verið í stöðugri þróun undanfarin ár og fyrirséð að svo verði áfram á næstu misserum. Þó er ljóst að megináhersla í starfi hennar verður áfram á erlenda markaðssetningu, að efla vitund og áhuga íbúa og innlendra gesta á því sem Reykjavík hefur upp á að bjóða, og áframhaldandi stuðning við annað markaðs- og kynningarstarf á Menningar og ferðamálasviði, sem og stafræna þróun.

LEIÐARLJÓS

Leiðarljós í starfsemi Höfuðborgarstofu byggir á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á að Reykjavík verði þekkt sem sjálfstæður áfangastaður og mikilvægur þáttur í ákvörðun gesta um að sækja landið heim. Markmið hennar er að borgin sé eftirsótt allt árið um kring, af erlendum sem innlendum ferðamönnum, og að íbúar hennar njóti alls þess sem borgin hefur upp á að bjóða.

STARFSEMI

Höfuðborgarstofa byggir starfsemi sína á ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar og hvíla áherslur í starfi stofunnar á markmiðum hennar. Finna má stefnuna í heild á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

Breytingar hafa verið viðvarandi í starfi Höfuðborgarstofu á undanförunum árum og ljóst er að áframhaldandi þróun mun vera á starfsemi hennar. Í ferðamálastefnu er t.a.m. ein af þeim aðgerðum sem sett er í forgang að skoða skuli tillögur að áfanga- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið og hefur sú vinna staðið yfir frá miðjum ágúst 2020 þegar Menningar- og ferðamálasvið réði tímabundið til starfa utanaðkomandi ráðgjafa til að leiða gerð tillagna að skipulagi, áherslum og mögulegu samstarfi hagaðila um slíka stofu. Að lokinni þeirri vinnu sammæltust sveitarfélögin um að færa ábyrgð á verkefninu til Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem réðu verkefnastjóra til áframhaldandi vinnu við að móta samstarfið frekar. Í júní 2021 var samþykkt á þeim vettvangi að halda áfram inn í áfanga tvö þar sem skoðað var sérstaklega fjármögnun og tekjumódel ásamt tilflutningi verkefna.

Ekki náðist samkomulag um að stofna áfangastaðastofu árið 2022 en SSH hefur ráðið til starfa verkefnastjóra áfangastaðarins höfuðborgarsvæðið sem m.a. mun sinna gerð áfangastaðaáætlunar og stefnumörkun fyrir áfangastaðinn í samræmi við samkomulag ríkis, sveitarfélaga og tengdra hagaðila. Mun Höfuðborgarstofa vera verkefnastjóra innan handar í þeirri vinnu en afrakstur hennar á að liggja fyrir í byrjun árs 2023. Starfsemi Höfuðborgarstofu verður því með svipuðum hætti og 2021 að undanskildu því að ekki hefur verið tekin ákvörðun um áframhaldandi viðbótarfjármögnun á markaðsstarfi.

RE-MARKAÐSHERFERÐIN

Áherslur í starfi Höfuðborgarstofu árið 2021 byggðu, auk ferðamálastefnu, á þeirri ákvörðun borgarráðs vorið 2020 að veita viðbótarfjármagni í að efla til muna markaðssetningu gagnvart innlendum sem erlendum markhópum. Sú ráðstöfun var liður í stuðningi borgarinnar við ferðaþjónustuna á tímum heimsfaraldurs og ábyrgð á framkvæmd hennar á borðum Höfuðborgarstofu. Um tímabundna ráðstöfun var að ræða sem endurspeglast í fjárhagsramma stofunnar og munu áherslur ársins 2022 taka mið af því.

Í júní 2021 voru aðstæður á markaði loks réttar og RE markaðsherferðinni, sem Höfuðborgarstofa hafði ýtt rólega úr vör árinu fyrr, var hleypt af stokkunum af fullum þunga. Herferðin er stærsta markaðsverkefni sem borgin hefur ráðist í gagnvart erlendum ferðamönnum um árabil. Skammtíamarkmið hennar var að viðhalda vitund og áhuga á áfangastaðnum Reykjavík á tímum heimsfaraldurs en langtíamarkmiðið er að fá

ferðamenn til að hugsa um borgina sem sjálfstæðan áfangastað með því að draga fram sérstöðu hennar. Sú áhersla endurspeglast í þriðja fasa herferðarinnar, REconnect, sem keyrður verður á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins, að teknu tilliti til áhrifa heimsfaraldurs Covid 19.

Stór hluti RE-herferðarinnar felst í öflugu almannatengslastarfi sem áfram verður unnið í góðu samstarfi við Íslandsstofu og í gegnum markaðsverkefnið Inspired by Iceland North America. Jafnframt mun Höfuðborgarstofa áfram leggja áherslu á að vinna almannatengslastarf í samstarfi við verkefni og viðburði sem vakið geta alþjóðlega eftirtekt. Þer þar helst að nefna afhendingu Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna í Hörpu í desember 2022, tveimur árum eftir að upphaflega stóð til að athöfnin færi fram í Reykjavík.

SVÖRUN FYRIRSPURNA

Svörun fyrirspurna almenns ferðafólks og fjölmiðla hefur verið í þróun undanfarin misseri og á árinu verður endanlegt skref yfir í nýtt fyrirkomulag stigið. Markmiðið er að halda uppi góðri svörun í gegnum miðla stofunnar, að tryggja að upplýsingar sem veittar eru séu áreiðanlegar, og að vinna úr fyrirspurnum fjölmiðlafólks og fyrirtækja með þeim hætti sem hámarkar jákvæða umfjöllun um áfangastaðinn á innlendum sem erlendum miðlum.

EFNISFRAMLEIÐSLA OG STUÐNINGUR VIÐ HÁTÍÐIR OG VIÐBURÐI

Á innanlandsmarkaði mun öflugt markaðsteymi Höfuðborgarstofu leggja áherslu á efnisframleiðslu og birtingar á eigin miðlum, stuðning við borgarhátíðir og viðburðahaldara í formi efnisframleiðslu og birtinga á eigin efni og annarra. Markmið ársins er að viðhalda þeirri jákvæðu ímynd og vitund sem byggð hefur verið upp undir merkinu Borgin okkar.

MENNINGARKORTIÐ

Umsjón með Menningarkorti verður áfram hjá Höfuðborgarstofu. Unnið verður að aukinni vitund um kortið hjá markhópum þess en útlit kortsins og markaðsefni hefur verið uppfært með góðum árangri. Stefnt er að endurskoðun á framkvæmd afgangi Menningarkorta til borgarstarfsmanna og kannað verður með hvaða hætti er hægt að koma kortinu á stafrænt form. Samkvæmt nýsamþykktu menningarstefnu borgarinnar verða kostir ungmennakorts jafnframt kannaðir.

INNRA STARF

Á undanförunum misserum hefur starfsemi Höfuðborgarstofu eflst, verkefnum fjölgað og stuðningur við markaðsstarf og stafræna þróun á menningar- og ferðamálasviði orðið stærri hluti af starfsemi hennar.

Áhersla hefur verið lögð á að styrkja samstarf við aðila utan borgarkerfisins og verður svo áfram á þessu ári. Stofan mun hafa frumkvæði að því að efla þau samskipti með það að marki að auka vitund um starf hennar, hvetja hagséðla til að nýta kynningarleiðir hennar og stuðla að auknu samtali og samstarfi.

STEFNUMÓTUN

Stefnt er að því að ljúka stefnumótunar og mörkunarvinnu fyrir Höfuðborgarstofu | Visit Reykjavík á árinu en með RE herferðinni var horfið frá notkun á vörumerkinu Reykjavík Loves og ekki er til nothæft merki fyrir stofuna sjálfa.

Í samræmi við ferðamálastefnu mun Höfuðborgarstofa leggja áherslu á að borgin hafi frumkvæði að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum ferðaþjónustu með eigin aðgerðum, hvatningu og samstarfi. Til að ná utan um verkefnið verður meðal annars horft til þess að efla samstarf og samtál innan borgar.

Önnur verkefni sem fram undan eru hjá Höfuðborgarstofu er áframhaldandi þátttaka í stafrænni þróun Reykjavíkurborgar og innleiðing nýrra kerfa. Jafnframt hefur vinna við endurskoðun á Reykjavík City Card verið sett af stað og stefnt að því að niðurstöður úr henni liggi fyrir um mitt ár.

Lykiltölur Höfuðborgarstofu	Rauntölur 2019	Rauntölur 2020	Rauntölur 2021	Markmið 2022
Sala á gestakorti (fjöldi korta)	13.876	1.168	5.053	500
Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi	1.986.153	478.510		
Fjöldi heimsóknna á vefsvæði www.visitreykjavik.is	813.537	361.773	579.438	220.000
Kynningarfundir um Reykjavík sem áfangastað		2		

**REYKJAVÍK
BÓKMENNTABORG
UNESCO**



FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -2.950

Gjöld


Laun og launatengd gjöld 22.546

Annar rekstrarkostnaður 40.750

Rekstrarniðurstaða 60.346

SKIPTING TEKNA

Húsaleigutekjur 92%
Aðrar tekjur 8%




Starfsmannafjöldi 2022

Fjöldi starfsmanna 2

Fjöldi stöðugilda 2.00

SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 36%
Gröndalshús 29%
Orðlistarverkefni 8%
Alþjóðleg samstarfsverkefni 2%
Annar kostnaður 26%



HLUTVERK

Reykjavík bókmenntaborg UNESCO er menningarskrifstofa sem hefur það hlutverk að miðla bókmenningu og orðlist til borgarbúa og gesta borgarinnar. Hún stendur fyrir lestrarhvetjandi verkefnum fyrir börn og fullorðna, eflir bókmennta- og ritlistarlífið í borginni og gerir bókmenntasögu hennar aðgengilega í borgarlandinu. Hún styður við ímynd Reykjavíkur sem borg orðlistar, innanlands sem utan, og tekur þátt í alþjóðlegu starfi með öðrum Skapandi borgum UNESCO og fleirum. Bókmenntaborgin vinnur eftir leiðarljósi Skapandi borga UNESCO.

LEIÐARLJÓS

Að Reykjavík verði þekkt sem borg orðlistar, jafnt innanlands sem og á alþjóðlegum vettvangi. Að stoðir hennar verði styrktar í nánu samstarfi þeirra sem koma að menntun, bókmenningu og orðlist á breiðum vettvangi. Reykjavík bókmenntaborg UNESCO stendur vörð um tjáningarfrelsi. Einkunnarorð Bókmenntaborgarinnar, Orðið er frjálst, endurspeglar þessa áherslu og með þeim vill Bókmenntaborgin benda á að hvorki einstaklingar né samfélög geta þrífist á heilbrigðan hátt nema þegnum sé frjálst að tjá sig, þrjár sínar og sannfæringu.

STARFSEMI

Reykjavík fagnaði 10 ára afmæli sem Bókmenntaborg UNESCO haustið 2021. Af því tilefni var alþjóðlegur ársfundur Bókmenntaborga UNESCO haldinn í Reykjavík í september og Bókmenntaborgin gaf út bókina Erindi – Póetík í Reykjavík (383 bls.) í samstarfi við bókaútgáfuna Benedikt og enskt sérrit (RVK Poetics, 102 bls.) með völdum erindum bókarinnar. Þessu tímamótaári verður fylgt eftir með aukinni áherslu á miðlun orðlistar og verður m.a. unnið áfram með það efni sem varð til á afmælisárinu svo og þau alþjóðlegu tengsl sem styrktust við heimsókn fulltrúa annarra Bókmenntaborga til Reykjavíkur.

MIÐLUN

Miðlun orðlistar hefur alltaf skipað háan sess í starfsemi Bókmenntaborgarinnar. Árið 2022 verður þetta hlutverk miðlægt og aukin áhersla á gerð og miðlun efnis um orðlist. Miðlunarleiðir verða fjölbreyttar, svo sem hlaðvarps- og myndbandagerð og verður efnið birt á nýjum vef Bókmenntaborgarinnar og á samfélagsmiðlum. Þá verður samstarfi Bókmenntaborgarinnar og umhverfis- og skipulagsviðs um orðlist í borgarlandinu fram haldið og einnig vinnur Bókmenntaborgin með listamönnum, stofnunum og félagasamtökum að því að koma orð- og ritlist á framfæri í borginni í fjölbreyttum verkefnum og viðburðahaldi.

GRASRÓTARSTARF

Stuðningur og samstarf við grasrót í bókmenntalífi borgarinnar er eitt lykilverkefna Bókmenntaborgarinnar og þetta mikilvæga verkefni verður eftt á árinu og formgert frekar. Þessi stuðningur hefur á síðustu árum skipt sköpum fyrir grasrótarkerfni og m.a. leitt af sér aukinn sýnileika rithöfunda af erlendum uppruna og ungra höfunda. Árið 2022 mun Bókmenntaborgin í fyrsta sinn standa að smíðju fyrir rithöfunda sem hyggjast sækja um ritlaun en skortur er á fræðslu á þessu sviði hérlendis.

ÖNNUR VERKEFNI

Meðal annarra verkefna eru árleg Bókamessa í Bókmenntaborg í nóvember í samstarfi við bókaútgefendur, lestrarhvatning Sleipnis í samstarfi við Borgarbókasafn og skólasöfn í grunnskólum, utanumhald um barnamenningarverkefnið SÖGUR í samstarfi við aðra aðstandendur þess, utanumhald um öll bókmenntaverðlaun Reykjavíkurborgar og rekstur Gröndalshúss, þ.e. viðburðarýmis, gestaíbúðar fyrir erlenda listamenn og vinnustofu fyrir innlenda rithöfunda og listamenn. Ný Sleipnisbók fyrir yngri börn mun líta dagsins ljós á árinu og auk þess stuðlar Bókmenntaborgin að nýrækt í barnabókmenntum með samkeppni um jólasögu í samstarfi við Borgarbókasafn.

ALÞJÓÐASTARF

Bókmenntaborgin tekur áfram virkan þátt í alþjóðlegu starfi Bókmenntaborga UNESCO innan Nets skapandi borga UNESCO (e. UNESCO Creative Cities Network) og verður sérstök áhersla lögð á samstarf á sviði gestadvalar og tækifæra fyrir rithöfunda þvert á borgir í netinu svo og á miðlun bókmennta milli borga. Bókmenntaborgirnar hafa lagt sig fram við að nýta

stafrænar lausnir í samstarfi sínu síðustu tvö ár í ljósi heimsfaraldurs Covid-19, m.a. með samslætti fjar- og staðfunda á ársfundinum í Reykjavík, og ætla að halda áfram að feta sig áfram á þessari braut. Fjarsamband kemur þó aldrei að fullu í stað þess að leiða fólk saman í raunheimum og mun Bókmenntaborgin bjóða höfundi frá annarri Bókmenntaborg til dvalar í Reykjavík. Einnig verður áframhaldandi samstarf við Goethe-stofnun í Kaupmannahöfn sem býður þýskum rithöfundi til Reykjavíkur. Slíkt samstarf leiðir jafnan til kynningar á Íslandi og íslenskum bókmenntum erlendis. Tónlistaborgin mun í fyrsta sinn nýta gestaíbúðina í Gröndalshúsi fyrir erlendan gest í tengslum við Airwaves hátíðina. Þá mun Bókmenntaborgin áfram vinna með Iceland Writers Retreat og Iceland Readers Retreat að kynningu á íslenskum rithöfundum og bókmenntum í alþjóðlegu samhengi.



**TÓNLISTARBORGIN
REYKJAVÍK**



FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -5.100

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 10.592

Annar rekstrarkostnaður 20.401

Rekstrarniðurstaða 25.893


Starfsmannafjöldi 2022

Fjöldi starfsmanna 1

Fjöldi stöðugilda 1.00


SKIPTING TEKNA

Stuðningur við
tónlistarstaði 51%
Tónlistarhraðall 49%



SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 41%
Stuðningur við
tónlistarstaði 17%
Tónlistarhraðall 12%
Tónlistarakademia 7%
Music cities network 7%
Stuðningur við
tónlistarhátíðir 5%
Annar kostnaður 12%



HLUTVERK

Markmið Tónlistarborgarinnar er að efla Reykjavík enn frekar sem tónlistarborg með því að koma á fót öflugu stuðningskerfi og skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikla tónlistarstarfsemi um alla borg.

LEIÐARLJÓS

Reykjavík er leiðandi sem tónlistarborg á heimsvísu og ímynd íslenskrar tónlistar er samofin ímynd Reykjavíkur sem menningarborgar og áhugaverðs áfangastaðar. Hlúð er vel að tónlist á öllum sviðum, hvort sem um ræðir menntun, sköpun, lifandi flutning og nýsköpun. Efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur tónlistar er metinn að verðleikum. Gróskumikið og skapandi umhverfi, fjölbreytt úrval tónlistarupplifana og blómleg tónlistarsena virkar sem segull á innlenda og alþjóðlega menningarnjótendur sem skilja eftir sig umtalsverða fjármuni í hagkerfi borgarinnar og auðga menningarlíf borgarbúa, m.a. með því að búa til eftirspurn sem styður mun fjölbreyttari flóru viðburða en heimamarkaðurinn einn gæti gert.

STARFSEMI

Á dagskrá Tónlistarborgarinnar árið 2022 eru margvísleg verkefni, bæði verkefni sem skipa árlegan sess í starfsemi Tónlistarborgarinnar og verkefni sem eru ný af nálinni.

HITAKASSINN OG ÖNNUR FRÆÐSLUVERKEFNI

Hitakassinn, námskeið um tónlistariðnaðinn fyrir hljómsveitirnar sem komast í úrslit Músíktílauna, verður haldið í kjölfar Músíktílauna. Þetta verður í þriðja skiptið sem námskeiðið verður haldið. Önnur fræðsluverkefni á árinu eru vinnustofa fyrir tónlistarhátíðir og áframhald á samstarfsverkefninu Tónatal, fræðsluverkefni tónlistarsamfélagsins á Íslandi. Jafnframt ætlar Tónlistarborgin að bjóða upp á fræðslu og umræðu um málefni hugleikin tónlistarborgum á Airwaves Pro, ráðstefnuhluta Iceland Airwaves.

STUÐNINGUR VIÐ TÓNLISTARHÁTÍÐIR

Tónlistarborgin mun halda áfram að styðja við helstu tónlistarhátíðir borgarinnar, t.a.m. með móttökum fyrir blaðamenn og tónlistariðnaðarfólk og fræðslu – og tengslamyndunarviðburðum. Í október mun Tónlistarborgin í samstarfi við Norræna músikdaga standa að sýningu á sérhönnuðum íslenskum hljóðfærum í ráðhúsinu í tilefni af hátíðinni sem verður nú haldin í Reykjavík.

STUÐNINGUR VIÐ TÓNLEIKASTAÐI

Eins og endranær mun Tónlistarborgin leggja áherslu á stuðning og fræðslu fyrir minni tónleikastaði borgarinnar auk þess að hafa umsjón með Úrbótasjóði tónleikastaða. Tónlistarborgin, ásamt hópi tónleikastaða í borginni, hlaut Evrópustyrk fyrir verkefnið Lífvænlegir tónleikastaðir: Að tryggja sjálfbæra framtíð lítilla tónleikastaða í Reykjavík og mun ásamt samstarfsaðilum skipuleggja og standa fyrir vinnustofum, málþingi og fræðslu í tengslum við verkefnið árið 2022.

SKIPTIVINNUDVÖL Í NANTES / REYKJAVÍK

Tónlistarborgin Reykjavík, tónlistarmiðstöðin Trempolino í Nantes í Frakklandi, L'Institut français (e. The French Institute), franska borgin Nantes, ÚTÓN, og Mengi í Reykjavík bjóða í fyrsta skiptið upp á skiptivinnudvöl fyrir tónlistarfólk, annars vegar frá Reykjavík og hins vegar frá Nantes. Markmið verkefnisins er að byggja brú á milli borganna tveggja og tónlistarsamfélaga þeirra, sem og að hlúa að sjálfbæru samstarfi í gegnum krafta tónlistar og sköpunar. Verkefnið er unnið í samstarfi við Franska sendiráðið á Íslandi, Alliance Française de Reykjavík og STEF. Þetta er í fyrsta skipti sem boðið er upp á slíka tónlistarskiptivinnudvöl á Íslandi og mun franskur aðili dvelja hér í október / nóvember og íslenskur aðili dvelja í Nantes í maí / júní.

VIÐSKIPTAHRÆÐALL OG ÝMIS SAMSTARFSVERKEFNI

Firestarter, tónlistarhraðallinn fyrir tónlistartengdar viðskiptahugmyndir, heldur áfram göngu sinni en þar býðst völdum teymum aðstoð og stuðningur við að móta og þróa sínar hugmyndir með góðri aðstoð sérfræðinga í nýsköpun og öflugu teymi mentora. Önnur spennandi samstarfsverkefni sem vert er að minnast á er verkefni ÚTÓN og Tónlistarborgarinnar, Record in Iceland, þar sem markmiðið er að vekja athygli á endurgreiðslumöguleikum vegna hljóðritunar á tónlist hér á landi, Elskum plötubúðir þar

sem plötuverslanir í miðbænum og Tónlistarborgin bjóða upp á tónlistardagskrá í sumar, Upptakturinn – tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna sem leitt er af Hörpu og BIG BANG tónlistarhátíðin fyrir börn sem fer fram í Hörpu í apríl 2022 en Tónlistarborgin er einn af skipuleggjendum hennar, ásamt Barnamenningarhátíð og List fyrir alla.

TÓNLISTARGÖNGUR OG MENNINGARMERKINGAR

Tónlistarborgin mun halda áfram að beita sér fyrir auknu aðgengi ferðamanna og íbúa í borginni að tónlistarviðburðum og að auka sýnileika tónlistar almennt í borginni. Verkefni sem miða að því eru t.d. menningarmerkingar og tónlistargöngur en 2022 verður búin til ný tónlistarganga um tónskáldið Jón Leifs í samstarfi við Tónverkamiðstöð.

KORDA SAMFÓNÍA

Samstarfsverkefnið Korda samfónía heldur áfram göngu sinni 2022. Verkefnið felst í því að stofnuð verður hljómsveit með skjólstæðingum starfsendurhæfingarstöðva, nemendum úr Listaháskóla Íslands og meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hljómsveitin hélt tónleika í Hörpu vorið 2021 við gríðargóðar undirtektir og ánægju þátttakenda og samstarfsaðila og verður verkefnið endurtekið með nýjum þátttakendum 2022. Verkefnið er liður í því markmiði Tónlistarborgarinnar að þróa verkefni þar sem tónlist er notuð til efla jaðarsetta samfélagshópa.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Tónlistarborgin mun halda áfram að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi t.a.m. með þátttöku borgarinnar í alþjóðlegu tengslaneti tónlistarborga, Music Cities Network. Á þeim vettvangi gefst íslensku tónlistarfólki og fagfólki í tónlist tækifæri til að taka þátt í ýmsum alþjóðlegum verkefnum. Tónlistarborgin á t.d. tvo fulltrúa í verkefninu European Music Business Task Force þar sem þátttakendur úr evrópska tónlistariðnaðinum efla og stækka tengslanetið sitt, auka kunnáttu sína og þekkingu, fá tækifæri til að fara á nokkrar af helstu tónlistarhátíðum Evrópu, samhliða því að sinna mikilvægu verkefni er varðar evrópskan tónlistarmarkað.



VIÐBURÐIR

FJÁRMÁL 2022

FRUMVARP 2022 (Í ÞÚS. KR.)

Tekjur

Rekstrartekjur -20.700

Gjöld

Laun og launatengd gjöld 44.244

Annar rekstrarkostnaður 66.533

Rekstrarniðurstaða 90.076


Starfsmannafjöldi 2022

Fjöldi starfsmanna 4

Fjöldi stöðugilda 3.50


SKIPTING TEKNA

17. júní 31%
Menningarnótt 22%
Vetrarhátíð 14%
Big Bang festival 33%



SKIPTING GJALDA

Launakostnaður 40%
Menningarnótt 15%
17. júní 12%
Vetrarhátíð 11%
Barnamenningarhátíð 8%
Aðventa 3%
Tendrun friðarsúlunnar 1%
Big Bang festival 6%
Annar kostnaður 4%



HLUTVERK

Hlutverk viðburðadeildar er að vera leiðandi aðili á sviði viðburðahalds í höfuðborginni. Viðburðadeildin undirbýr, skipuleggur og framkvæmir lykilviðburði Reykjavíkurborgar; Vetrarhátíð, Barnamenningarhátíð, 17. júní, Menningarnótt, Tendrun Friðarsúlunnar og aðventuhátíð í miðborginni.

LEIÐARLJÓS

Viðburðadeildin hefur að leiðarljósi að skapa viðburði í öflugu og skapandi samtali og samstarfi við fjölbreyttan hóp hagaðila, svo sem söfn og aðrar menningarstofnanir, sjálfstætt starfandi listamenn, skóla, íbúa, nærumhverfi og atvinnulífið. Fagmennska einkennir starfið þar sem virðing er borin fyrir jafnt þátttakendum sem gestum hátíðanna og hugað er að jöfnu aðgengi fyrir alla í skipulagi og framkvæmd viðburða.

STARFSEMI

Viðburðateymi menningar- og ferðamálasviðs skipuleggur og framkvæmir sex árlegar hátíðir og viðburði sem Reykjavíkurborg stendur fyrir og fjármagnar. Tilgangur hátíðanna er að gæða borgina lífi, gestum hátíðanna að kostnaðarlausu. Þá er viðburðateymið í ráðgefandi samstarfi við viðburðahaldara í borginni sem og aðrar stofnanir og svið innan Reykjavíkurborgar sem koma að viðburðum í borgarlandinu á einn eða annan hátt.

Vetrarhátíð samanstendur af ljóslistaverkum í borginni, Safnanótt og Sundlauganótt. Haldið verður áfram að þróa ljósahluta hátíðarinnar með ýmsum samstarfsaðilum og leitað verður leiða til að endurtaka samkeppni um ljóslistaverk í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs, eins og gert var með góðum árangri á Vetrarhátíð 2021. Sem fyrr verður samstarf um listrænt innihald og val á ljósalistamönnum við seyðfirsku hátíðina List í ljósi og unnið er að því að tryggja hátíðinni aukið fjármagn.

Barnamenningarhátíð leggur áherslu á öll listform og viðtæka þátttöku reykvískra barna. Enginn einn viðburður í borginni nær að virkja jafn breiðan hóp barna í fjölbreyttum menningarupplifunum á sama hátt og Barnamenningarhátíð. Barnamenningarhátíð mun leggja áherslu á að auka aðkomu listafólks að hátíðinni og fjölga innlendum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum eins og BIG BANG hátíðin, sem nú er samstarfsaðili hátíðarinnar, er gott dæmi um.

17. júní dagskráin er að vanda tvískipt. Fyrri hlutinn er morgunathöfnin á Austurvelli sem er skipulögð í samvinnu við Alþingi og forsætisráðuneytið. Seinni hlutinn er hátíðarhöldin eftir hádegi en undanfarin tvö ár hefur meiri áhersla verið lögð á óvænta viðburði í borgarlandinu og verður haldið áfram að þróa þá leið.

Menningarnótt snýst öðru fremur um að skapa vettvang og tækifæri til sköpunar fyrir listafólk og aðra með góðar hugmyndir. Miðborg Reykjavíkur verður þannig leikvöllur listafólks í einn dag og vettvangur fyrir fjölbreytta flóru viðburða.

Tendrun Friðarsúlunnar fer fram árlega við lágstemmda athöfn í Viðey á afmælisdegi John Lennon þann 9. október og kveikt er á súlunni á hverju kvöldi til 8. desember sem er dánardagur Lennon.

Tendrun jóla ljósanna á Óslóartrénu markar upphaf aðventunnar í borginni og býður fólk velkomið á Austurvöll með hátíðlegum söng og skemmtilegum uppákomum. Af öðrum aðventuviðburðum má nefna jólavættirnar sem sjást víðs vegar um borgina og eiga þátt í því að skapa skemmtilega stemmningu í miðborginni í aðdraganda jólanna og samstarf við USK um jólamarkaði, jólatréssölu og aðra jólatengda pop-up viðburði.





ÁRŠ
SKÝ
RSLA
2021



Ársskýrsla menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar 2021

Ábyrgðarmaður: Huld Ingimarsdóttir

Ritstjórn: María Rut Reynisdóttir

Hönnun og umbrot: Bjarney Hinriksdóttir – Baddydesign

Útgefið í maí 2022

EFNISYFIRLIT

Ársskýrsla menningar- og ferðamálasviðs 2021.....	2
Rekstrarniðurstaða	5
Borgarbókasafn	6
Borgarsögusafn.....	10
Listasafn Reykjavíkur.....	14
Höfuðborgarstofa	18
Reykjavík bókmenntaborg UNESCO	22
Tónlistarborgin Reykjavík	26
Viðburðir.....	32

ÁRSSKÝRSLA 2021

Líkt og árið 2020 var árið 2021 ár frestana og aflýsinga en um leið ár sveigjanleika og viðbragðshraða, samvinnu og nýrra tækifæra. Þó má segja að ákveðin Covid-þreyta hafi verið farin að segja til sín þegar heimsfaraldurinn dróst á langinn og virtist engan endi ætla að taka. Áhrif heimsfaraldursins á allar stofnanir og verkefni menningar- og ferðamálasviðs voru ótvíræð og það sama má segja um listhópa, félög og stofnanir í menningarlífi borgarinnar sem njóta stuðnings Reykjavíkurborgar á ýmsan hátt.

Árlegum styrkjum menningar-, íþróttá- og tólmstundaráðs var fagnað í lýðni í upphafi árs en þá voru tilkynntir þeir 94 aðilar sem fengu styrki vegna verkefna sinna árið 2021, þá voru einnig gerðir samstarfssamningar við Bókmenntahátíð Reykjavíkur, CAPUT-hópin, Harbinger sýningarrýmið, Jazzhátíð Reykjavíkur, Kammersveit Reykjavíkur, Stórsveit Reykjavíkur, ASSITEJ á Íslandi, List án landamæra, Múllann Jazzklúbb og Myndhöggvarafélagið í Reykjavík. Hópurinn að baki UNGA og EGGS – Alþjóðlegar sviðslistahátíðar ASSITEJ fyrir unga áhorfendur var valinn Listhópur Reykjavíkur.

Á undanförunum árum hefur rekstur Leikfélags Reykjavíkur gengið mjög vel; góð blanda hefur verið í sýningadagskrá og leikhúsið átt góðu gengi að fagna. Samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs hafa komið harkalega niður á rekstri Borgarleikhússins. Með samstilltu átaki stjórnenda leikhússins og með viðbótarstyrk frá Reykjavíkurborg náði leikhúsið að halda sjó og sjá stjórnendur fram á mikinn viðsnúning á næsta ári.

Áframhaldandi samkomutakmarkanir á árinu 2021 vegna Covid höfðu mikil áhrif á starfsemi menningar- og ferðamálasviðs. Haldið var áfram á þeirri braut að gæta aðhalds og aðlaga rekstur sviðsins að síminkandi tekjustreymi. Með samræmdu átaki og útsjónarsemi stjórnenda og starfsfólks tókst að halda úti fjölbreyttum viðburðum til handa íbúum borgarinnar og sníða að samkomutakmörkunum á hverjum tíma. Má þar m.a. nefna að sviðið og stofnanir þess náðu að halda 1.046 fjölbreytta menningarviðburði á árinu fyrir bæði börn og fullorðna og sérhæfða hópa um alla borg. Reykjavíkurborg hélt áfram að styðja myndarlega við helstu samstarfsaðila í menningargeiranum, með sérstökum Covid styrkjum og má þar nefna Hörpu, Leikfélag Reykjavíkur, Tjarnarbió o.fl. Að auki var haldið áfram með sérstakan Covid markaðsstyrk til styrktar ferðaþjónustu og hélt Höfuðborgarstofa áfram með „RE“ markaðsherferðina sem hófst á árinu 2020.

Verkefnið Sumarborgin, samstarfsverkefni menningar- og ferðamálasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar var endurtekið sumarið 2021 en ákveðið var að lengja í tímaramma verkefnisins til að innlima Vetrarborgina og Jólaborgina í verkefnið undir hatti Borgarinnar okkar. Borgarráð samþykkti að veita 55 m.kr. aukaframlagi til átaksins sem átti, eins og fyrra ár, að sporna gegn áhrifum Covid, sem enn olli erfiðleikum í samfélaginu. Að auki lagði Skrifstofa borgarstjóra og borgarrita til 10 m.kr. í verkefnið úr Miðborgarsjóði. Markmið

Sumarborgarinnar var sem fyrr að efla ímynd miðborgarinnar og skapa lifandi og skemmtilega stemningu fyrir innlenda gesti jafnt sem erlenda sem vonir stóðu til að yrðu byrjaðir að streyma til landsins. Markmiðinu var náð með því að styðja sérstaklega við verslun, veitingastaði og aðra þjónustu á svæðinu og bjóða upp á iðandi mannlíf og menningu fyrir alla. Til viðbótar var hugað sérstaklega að umhirðu og auknum gróðri svo borgin tæki græn og blómstrandi á móti gestum. Ákveðið var að byggja á reynslu fyrra árs og lögð var áhersla á þrjá þætti í Sumarborgarverkefninu; borgarhönnun, viðburði og markaðsmál. Borgarrýmið var endurhannað þannig að það einkenndist af upplifun og leikjum. Notast var við heimasíðuna www.borginokkar.is en þar voru allar upplýsingar um viðburði og annað tengt verkefninu á einum stað. Samfélagsmiðlar Borgarinnar okkar og Reykjavíkurborgar voru líka nýttir til miðlunar, markaðssetningar og upplýsingagjafar. Þegar upp er staðið þótti takast vel til og má helst nefna að samstarfið sem varð til í þessu verkefni, á milli sviða og skrifstofa auk tengsla við rekstraraðila og aðra hagaðila í miðborginni, hefur reynst afar farsælt og spilar stóran þátt í góðum árangri.

Líkt og árið 2020 þurftu margar hátíðir sem Reykjavíkurborg styrkir að bregðast við sóttvörnum og samkomutakmörkunum. Myrkir músíkdagar áttu að fara fram í janúar 2021 en þeim var frestað fram í apríl 2021. Að lokum var hátíðinni aflýst fyrir utan einn viðburð og tekin var ákvörðun um að sameina dagskrá ársins 2021 og dagskrána 2022 sem myndi skila sér í einstaklega veglegri og fjölbreyttri hátíð 2022. HönnunarMars 2021 fór fram í maí með yfir 70 sýningar á dagskrá og u.þ.b. 100 viðburði. Hinsegin dagar voru haldnir í ágúst með breyttu sniði vegna samkomutakmarkana. Viðburðir voru endurskipulagðir og auk þess var boðið upp á streymi frá flestum viðburðum á hátíðinni. Gleðigöngunni var aflýst en hinsegin fólk fjölmennti í miðborgina með litadýrðina í fyrirrúmi. Hátíðardagskrá fór síðan fram á RÚV laugardagskvöldið 7. ágúst. Kvikmyndahátíðin RIFF fór fram með nokkuð hefðbundnu sniði. Aðsókn var svipuð og árið 2019, þó örlítið minni, en myndafjöldi og annað umfang sérvíðburða var svipað og var fyrir Covid. Yfir 100 manns komu erlendis frá aðallega til að sækja Bransadaga, fleiri en búist var við. Bílabíó sem varð til í kófinu hélt áfram og er líklega komið til að vera og það sama má segja um RIFF Heima. Til stóð að halda Iceland Airwaves með hefðbundnu sniði í nóvember en þegar nær dró hátíð var ljóst að áhættan var of mikil fyrir skipuleggjendur. Þess í stað var talið í streymishátíðina Live from Reykjavík líkt og árið á undan með þeirri breytingu að streymt var beint frá tónleikastöðum í Reykjavík og bauðst takmörkuðum fjölda gesta að kaupa sig inn á staðina. Færri horfðu á streymi en árið á undan en tónleikastaðir voru vel sóttir og góður fjöldi erlendra gesta mætti á hátíðina þrátt fyrir að hefðbundinni hátíð hafi verið aflýst. Var það einkum fyrir tilstilli Tónlistarborgarinnar Reykjavíkur, ÚTÓN og STEF sem stóðu fyrir áhugaverðri bransadagskrá undir formerkjum Reykjavík Music Week. Reykjavík Dance Festival fór fram með hefðbundnu sniði dagana 17. – 20. nóvember.

Borgarráð samþykkti stofnun Listasafns Nínu Tryggvadóttur í lok júní að frumkvæði dóttur Nínu, Unu Dóru Copley og eiginmanns hennar heitnum, Scott Jeffries. Una Dóra hefur gefið um 1.500 verk til stofnunar safnsins. Borgarráð samþykkti í lok september að gengið yrði frá kaupum á hlut Faxaflóahafna í Hafnarhúsinu og að efnt yrði til hugarflugs og samráðs um útfærslu á Hafnarhúsi, húsi myndlistar. Þar verður safn Nínu Tryggvadóttur, Listasafn Reykjavíkur og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Áætlað er að niðurstöður samráðsins liggi fyrir í mars 2022.

Vinna við nýja menningarstefnu Reykjavíkurborgar sem hófst árið 2020 hélt áfram á árinu. Viðtækt samráð átti sér stað fyrir stefnuna. Voru þar meira en hundrað manns sem tóku þátt. Flestir þátttakendur voru fagfólk í menningu og listum og listafólk, en einnig íbúar borgarinnar og fólk sem starfar hjá borginni. Þetta var fjölbreyttur hópur fólks og var lögð sérstök áhersla á að ná til jaðarhópa. Þá var einnig haldinn samráðsfundur með borgarfulltrúum og starfsmönnum borgarinnar. Drög að menningarstefnu voru lögð fyrir menningar-, íþróttta og tómstundaráð í byrjun júní 2021. Stefnudrögin fóru í opið samráð til íbúa Reykjavíkur á Betri Reykjavík og var samráðið opið í tvo mánuði og lauk í lok ágúst. Stefnan var samþykkt 16. nóvember 2021 í borgarstjórn. Stefnan er byggð á þremur megin áherslum; 1. Ævilöng inngilding og aðgengi borgarbúa að menningu og listum, 2. Reykjavík – borg sem listafólki þykir gott að búa og starfa í og 3. Menning og listir í öllum hverfum borgarinnar. Aðgerðaáætlun var unnin samhliða stefnunni, en hún beið enn samþykktar um áramót 2021–2022.

REKSTRARNIÐURSTAÐA 2021

Tekjur

Rekstrartekjur	-302.700
Rekstrartekjur samtals	-302.700


Gjöld

Laun og launatengd gjöld	1.744.765
Innri leiga húsnæðis og tækja	1.200.448
Styrkir og framlög	2.238.611
Annar rekstrarkostnaður	1.040.512
Rekstrargjöld samtals	6.224.336

Rekstrarniðurstaða **5.921.636**


SKIPTING TEKNA

Aðgangseyrir og lánskirteini 47%
Styrkir og framlög 20%
Vörusala 18%
Húsaleigutekjur 11%
Aðrar tekjur 4%



SKIPTING GJALDA

Styrkir og framlög 36%
Laun og launatengd gjöld 28%
Innri leiga húsnæðis og tækja 19%
Annar rekstrarkostnaður 17%




SKIPTING REKSTRAR

Styrkir og samningar	2.870.810
Borgarbókasafn Reykjavíkur	1.185.920
Borgarsögusafn Reykjavíkur	774.606
Listasafn Reykjavíkur	543.919
Önnur menningarstarfsemi	168.079
Ferðamál	197.471
Yfirstjórn	132.702
Annað	48.130
Samtals	5.921.636

SKIPTING REKSTRAR

Styrkir, samstarfssamningar og framlög 48%
Borgarbókasafn 20%
Borgarsögusafn 13%
Listasafn Reykjavíkur 9%
Önnur menningarstarfsemi 3%
Ferðamál 3%
Stjórnun sviðs 2%
Annað 1%



Nettó útgjöld sviðsins á árinu 2021 voru 5.922 m.kr. sem var um 0,4% undir fjárheimildum sviðsins. Sérstakir Covid viðbótarstyrkir voru veittir á árinu til styrktar á rekstri Hörpu, Leikfélags Reykjavíkur og Tjarnarbiós. Jafnframt var sérstöku 99 m.kr. markaðsátaki til Höfuðborgarstofu veitt til að halda áfram með markaðsherferð gagnvart erlendum ferðamönnum og til að örva vitund landsmanna um menningarframboð sviðsins. Tekjur tímabilsins voru í heild 5 m.kr. yfir áætlun. Aðgangseyrir rúmunum 7 m.kr. yfir áætlun og vörusala safnbúða var um 12 m.kr. yfir áætlun og er ánægjulegt að sjá slíkt í fyrsta skipti í 2 ár, en tekið skal fram að áætlun á þessum liðum var varkár vegna mikillar óvissu. Einnig skal bent á að aðgangseyrir safnanna er enn 44% undir því sem hann var árið 2019 og munar þar um 85 m.kr. Aðrar tekjur svo sem útleigutekjur og ýmsar sértekjur voru enn lægri vegna áhrifa Covid en árið 2019. Greiddir styrkir, samstarfssamningar og framlög sviðsins voru 2.871 m.kr. á árinu.



BORGARBÓKASAFN

Árið 2021 reyndist ár áskorana eins og árið á undan og setti heimsfaraldur áfram mark sitt á starfsemi safnsins enda var um afar óvenjulegt ár að ræða í starfsemi Borgarbókasafnsins eins og víðast hvar annars staðar. Reynolds ársins 2020, þolgæði og hugmyndaauðgi starfsfólks gerði það þó að viðburðaríku ári og var starfið gefandi og innihaldsríkt. Í lok árs 2020 var gefin út ný stefna Borgarbókasafnsins fyrir árin 2021–2024. Aðgerðaáætlun var unnin samhliða stefnunni og hafist var handa við að vinna samkvæmt henni.

SKAPANDI VINNUSTAÐUR

Áfram var unnið með notendamiðaða hönnun í starfi Borgarbókasafnsins. Stutt var við verkefni sem snúa að samfélagslegri nýsköpun og gat starfsfólk sótt stuðning, ráðgjöf og fjármagn í þróunarsjóð safnsins til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Dæmi um slík nýsköpunarverkefni eru t.d. Tengivirkið og Harry Potter og Anime klúbbarnir.

NÝR INNRI VEFUR

Skoðaðir voru möguleikar fyrir innri vef Borgarbókasafnsins. Niðurstaðan var að setja upp svokallað „Knowledge Library“ á Workplace Reykjavíkurborgar. Þar er verið að byggja upp innri vef þar sem finna má starfsmannahandbók, upplýsingar um verkferla og vaktaskipulag ásamt þjónustuhandbók. Starfsfólk nýtir sér Workplace og Basecamp í daglegum störfum sínum og er þetta því kærkomin viðbót í verkfærakistuna.

REGNBOGAVOTTUN, GRÆN SKREF OG HRINGRÁSARHUGSUN

Allir starfsstaðir Borgarbókasafnsins fengu fræðslu um hinsegin málefni og hlutu regnbogavottun á árinu, en markmið þess er að gera starfsemina hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og notendur og koma þannig í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks. Starfsfólk Borgarbókasafnsins hefur ætíð verið framarlega í að innleiða græn skref borgarinnar og á árinu luku 5 söfn borgarbókasafnsins 4. skrefinu og er stutt í að allt safnið nái því marki. Safnið gerði samstarfssamning við Plastplan sem endurvann allt plastefni sem til féll í starfseminni. Hannaðir voru nokkrir hlutir úr plastinu, svo sem bókastoðir og bókamerki sem koma að góðum notum á söfnunum.

NÝTT SAFN Í ÚLFARSÁRDAL

Nýtt safn Borgarbókasafnsins opnaði í Úlfarsárdal þann 11. nóvember. Safnið er fyrsta samrekna almennings- og skólasafnið í Reykjavík og deilir húsnæði með sundlaug, félagsmiðstöð og grunnskóla sem býður upp á margskonar samvinnu og samtal.

OPIN OG SNJALLARI

Unnið var að innleiðingu nýs bókasafnskerfis, ALMA, sem mun taka við af núverandi kerfi, Aleph, um mitt ár 2022. Starfsfólk Borgarbókasafnsins tekur virkan þátt í innleiðingunni sem mun hafa miklar breytingar í för með sér varðandi tækni og framsetningu á safnefni. Almenningsbókasöfn á höfuðborgarsvæðinu unnu að aukinni samvinnu sín á milli og geta notendur nú nýtt bókasafnsskríteini sín í öllum söfnum á höfuðborgarsvæðinu. Gengið var frá útboði vegna nýrra sjálfsafgreiðsluvéla og var hluti þeirra tekinn í notkun í lok ársins í Úlfarsárdal.

MIÐLUN OG NÝSKÖPUN Í DAGSKRÁRGERÐ

Opinn hugur, sköpunarkraftur og sveigjanleiki einkenndi viðburðastarfsemi safnanna þetta árið. Í stað þess að leggjast í dvala var ákveðið að gefa út metnaðarfulla dagskrá þótt ljóst væri að hugsanlega þyrfti að færa til dagsetningar, aðlaga viðburði og bjóða upp á streymi til að fylgja sóttvarnarreglum og samkomutakmörkunum. Það kemur því á óvart þegar litið er tilbaka að langflestir viðburðir sem settir voru á dagskrá urðu að veruleika auk þess sem ný verkefni litu dagsins ljós. Þar ber hæst sýningin og ratleikurinn *Þín eigin bókasafnsráðgáta* í Borgarbókasafninu í Gerðubergi. Sýningin var aðgengileg öllum og ratleikirnir sniðnir að litlum hópum sem hentar einstaklega vel á farsóttartímum. Skólahópum var boðið á sýninguna auk þess sem 123skoli gaf út námsefni fyrir kennara í tengslum við verkefnið með styrk frá Lions á Íslandi. Ýmsar nýjungar litu dagsins ljós og má þar nefna Anime og Harry Potter klúbbana sem slógu svo rækilega í gegn að færri komust að en vildu. Sumardagskráin var sérstaklega blómleg því ljóst var að fjölskyldufólk myndi eflaust kjósa að eyða sumarfríinu á Íslandi þetta sumarið og því var ákveðið að bjóða upp á talsvert fleiri sumarsmiðjur en venja er. Þetta féll í góðan jarðveg og aðsóknin mjög góð.

Í heimsfaraldrinum kviknaði sú spurning hvornig bókasafnið gæti skapað afþreyingu fyrir þá sem ekki áttu heimangengt. Og áður en leið á löngu var starfsfólk safnanna farið að prófa sig áfram með ýmis konar nýjungar í miðlun. Boðið var upp á streymi á ýmsum viðburðum, s.s. tónleikum og kaffistundum og sendir voru út hlaðvarpsþættir. *Fiktvarpið*, röð kennslumyndbanda um allt milli himins og jarðar, leit dagsins ljós, auk skemmtilegra og fræðandi myndbanda þar sem brugðið var á leik og dregnir fram alls konar gullmolar úr safnkostinum. Einnig var lögð mikil áhersla á miðlun safnkostsins á vef Borgarbókasafnsins og lestrarinnblástur, s.s. með stuttum viðtölum við lesendur og greinum um bókmenntir. Sögustundir á ýmsum tungumálum voru teknar upp og rithöfundar fjölluðu til að mynda um nýútkomnar bækur.

Rauði þráðurinn í nýrri stefnu safnsins snýr að því að skapa umhverfi á bókasöfnunum þar sem öllum líður vel og þar sem fólk finnur að því er velkomið að dvelja og njóta á eigin forsendum. Áherslan er á þátttöku, samstarf og samtal við allskonar fólk, félagasamtök og stofnanir til að ná þessu markmiði. Verkefni og viðburðir af ýmsum toga hafa verið settir á laggirnar í þeim tilgangi og má þar nefna sýningarverkefnið *Blindhæð* sem fór af stað samfara Evrópuviku um kynþáttamisrétti og verkefnið *Gerðuberg kallar* þar sem listamenn gátu sótt um að vinna tímabundið í safninu að eigin verkefnum tengdum hugmyndum um örugg rými og því að tilheyra. Opnaður var nýr tilraunakenndur vettvangur, undir yfirskriftinni Stofan, þar sem hægt var að prófa sig áfram í samsköpun í dagskrárgerð og þróun rýmisins með það fyrir augum að skapa eftirsóknarverðari stað fyrir fleiri notendur. Einnig hafa farið fram fjölmörg *Opin samtöl* í samstarfi við einstaklinga, félagasamtök og stofnanir sem vilja nýta hlutlausan vettvang bókasafnsins til að ræða fjölbreytt málefni. Öll þessi verkefni stuðla að því að efla borgaralega þátttöku og safnið sem lýðræðislegan vettvang og opið rými allra í samfélaginu.





BORGARSÖGUSAFN

Starfið á árinu 2021 fól í sér nokkrar áskoranir, líkt og einkenndi starfsemi ársins 2020, sökum áhrifa heimsfaraldurs Covid. Rekstraróvissu gætti á fyrri helmingi ársins, henni var mætt með ýmsum aðhaldsaðgerðum innan stofnunarinnar og einstaka verkefnum var frestað, bæði af óviðráðanlegum ástæðum og einnig til að bregðast við aðstæðum. Á seinni hluta ársins kom svo nokkur kippur í aðsókn að söfnunum og rekstur rétti úr sér í kjölfar þess. Í stórum dráttum tókst að halda sjó í flestum verkefnum sem voru á starfsáætlun ársins 2021 og þá tók safnið, líkt og árið áður, þátt í ýmsum aðgerðum sem voru viðbrögð við ástandinu, s.s. atvinnuátaksverkefnum sem nýttust stofnunni vel í alla staði.

MANNAUÐUR OG MENNINGARVERÐMÆTI

Meginmarkmið Borgarsögusafns á árinu 2021 var að standa vörð um kjarnastarfsemi safnsins á óvissutímum, huga að mannauði og gæta þess að innviðir sem byggðir hafa verið upp á síðustu árum myndu ekki bera tjón af ástandinu sem uppi var.

Áfram var unnið að bættri varðveislu safnkosts með aukinni skráningu og frágangi safnmuna í endurbættum geymslum. Með því hefur tekist að koma til móts við viðmið safnaráðs og eftirlitsaðila með faglegu starfi og gæðamálum. Húsakannanir og fornleifaskráning voru unnar í tengslum við vinnu á sviði skipulagsmála. Þá var miklum áföngum náð með ýmsar menningarminjar í borgarlandinu, svo sem endurgerð grásleppuskúra við Ægisíðu og menningarmerkingar í Vesturbæ.

Á Árbæjarsafni var áhersla lögð á viðhald safnsvæðis og sér í lagi safnhúsa. Áfram var unnið að handbók um viðhald safnhúsa og öryggismál á safninu efl. Miklum áföngum var náð í viðhaldi safnskipanna Óðins og Magna, með ómetanlegri aðkomu sjálfboðaliða.

SÝNINGAR, VIÐBURÐIR OG AUKIÐ AÐGENGI

Vinna við nýja sýningu í Aðalstræti 10 hélt áfram á árinu, eins og hægt var. Ákveðið var að fresta opnun fram á árið 2022. Var sýningargerðin eftir sem áður eitt stærsta verkefni safnsins, sem kallar á mikið vinnuframlag fjölda starfsmanna og fjármagn úr rekstri safnsins. Opnun sýningarinnar verður mikill áfangi í starfi Borgarsögusafns og kærkomin viðbót í menningarflóru miðbæjar Reykjavíkur. Sýningin mun varpa ljósi á og veita aðgengi að sögu borgarinnar frá upphafi til samtímans á skýran og hnitmiðaðan máta.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur fagnaði 40 ára afmæli á árinu og var mikill fókus á starf safnsins af því tilefni. Fimm metnaðarfullar sýningar voru opnaðar í aðalsal og þá stóð safnið fyrir útgáfu glæsilegrar ljósmyndabókar, með styrk frá Safnasjóði og Bókmenntasjóði, í tilefni afmælisins. Bókin nefnist Nætur sem dagar og inniheldur úrval ljósmynda úr safnkosti og samhliða henni var opnuð ljósmyndasýning á útisýningarstöndum við Austurvöll. Unnið var samkvæmt samkomulagi við Bláðaljósmyndarafélag Íslands um sýningu félagsins á Myndir ársins og jafnframt var sett upp sýning í samstarfi við Ljósmyndaskólann, með það að marki að efla grasrót innlendrar ljósmyndunar. Viðamesta sýning ársins byggði á myndasafni Sigurhans Vignir, en mikil vinna með það einstaka safn

hafði átt sér stað á safninu misserin þar á undan. Jafnframt voru sýningar í Kubbi og í Skotinu, líkt og undanfarin ár.

Sýning um verk Karólinu Guðmundsdóttur vefara var sett upp í Kornhúsi Árbæjarsafns snemma vors og ný sýning í Hansenshúsi, einu elsta húsi safnsins var opnuð í maí. Árbæjarsafn var þungamiðja Barnamenningarhátíðar í vor og rík áhersla var á viðburðastarf í sumar, með heimamenn sem markhóp. Þá verður boðið upp á leikrænar leiðsagnir um safnsvæðið, auk þess sem 100 ára afmælishátíð Væringjaskálans úr Lækjarbotnum fór fram, í góðri samvinnu við skátahreyfinguna.

Á Sjóminjasafninu var ráðgert að vinna sýningu í samstarfi við nemendur við Háskóla Íslands í hagnýtri menningarmiðlun. Slíkt samstarf hefur verið viðhaft um nokkurra ára skeið og reynst safninu dýrmætt. Safnið stóð fyrir námskeiðshaldi en sökum samkomutakmarkana var ekki gerlegt að setja upp fyrirhugaða sýningu.

Í Viðey var unnið að gerð nýrrar sýningar og endurbættri aðstöðu í skólahúsinu, á austurhluta eyjarinnar, í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, með styrk frá Barnamenningarsjóði. Námskeið í tengslum við það verkefni hafa aukið möguleika og eftt fræðslustarf í eynni verulega.

Fræðsluteymi Borgarsögusafns bauð upp á vandaða safnfræðslu á öllum safnstöðum fyrir nemendur á öllum skólastigum, fyrir hópa í frístundastarfi og ýmiskonar sérhópa á öllum aldri en unnið verður með öndvegisstyrk úr safnasjóði við að ná til nýrra hópa notenda safnsins og auka aðgengi að því, í viðum skilningi, með áherslu á jaðarsetta hópa. Viðburðahald var venju samkvæmt fjölbreytt, með það í forgrunni að þjóna gestum nærsamfélagsins sem best, fjöldi fyrirlestra og söguganga fóru fram og voru einkar vel sótt. Jafnframt var farið í sérstaka markaðssókn til að auka aðsókn þeirra gesta og þá verður unnið að því að auka sýnileika safnsins á veraldarvefnum í samræmi við aukna snjalltækjanotkun.





**LISTASAFN
REYKJAVÍKUR**

Talsverð óvissa litaði upphaf starfsársins 2021 og mótaði heimsfaraldur Covid allt starf safnsins. Reynsla fyrra árs var þó veganesti sem áætlun ársins byggði á, þó væntingar stæðu til þess að samfélagið færi aftur í fyrra horf. Aðsókn fyrrihluta árs var lituð af samkomutakmörkunum og þeirri staðreynd að nánast engir ferðamenn voru á meðal gesta en þeir hafa verið allt að 70% gesta á undanförunum árum. Í rekstraráætlun safnsins er sjálfsaflað fé um 25% rekstarkostnaðar og því ríkti mikil óvissa um afkomu ársins. Aðsókn jókst frá fyrra ári, þó fjöldi gesta hafi ekki náð gestafjölda ársins 2019.

SÝNINGAR OG MIÐLUN

Sýninga- og miðlunarstarf safnsins árið 2021 litaðist þannig nokkuð af heimsfaraldri annars vegar og endurbótum á húsnæði Ásmundarsafns hins vegar. Hvort tveggja leiddi til þess að sýna þurfti sveigjanleika og útsjónarsemi í allri dagskrá og skipulagi. Áhersla var á að tengja safneignina með öflugum hætti við verk og hugmyndir samtímalistamanna. Einstaklingsöfn Errós, Ásmundar og Kjarvals voru öll sett fram í samhengi samtímalistar. Dýrslegur kraftur í Hafnarhúsi og Eilíf endurkoma á Kjarvalsstöðum voru viðamiklar samsýningar samtímalistamanna með verkum Errós og Kjarvals og í Ásmundarsafni voru verk tveggja starfandi listamanna sýnd í samtali við verk Ásmundar; Sirra Sigrún Sigurðardóttir um sumarið og Carl Boutard um haustið en sú sýning var tilnefnd til Myndlistarverðlaunanna 2021. Glæsileg samsýning 14 listamanna í Hafnarhúsinu, lðavöllur, gaf ásamt sýningarskrá og málþingi innsýn í hvað ber hæst hjá kynslóð sem þegar hefur látið að sér kveða og endurspeglaði sýningin mörg knýjandi viðfangsefni samtímalistar. Yfirlitssýning á verkum Guðnýjar Rósu Ingimarsdóttur var að hausti á Kjarvalsstöðum og kom að venju út glæsileg bók um feril hennar. Um haustið var Hafnarhúsið undirlagt 21. aldar verkum úr safneign sem sett voru fram sérstaklega með það í huga að ná athygli ungmenna. Sýningunni fylgdi metnaðarfull fræðsla og miðlun á nýju vefsvæði safnsins, Abrakadabra, sem er ætlað til framtíðar og verður þróað áfram til fræðslu, kennslu og skemmtunar.

Verk úr safneigninni voru að vanda send á sýningar víða en stærsta verkefni safnsins á því sviði var sýning á verkum Errós úr safneign sem send var til Listasafnsins á Akureyri og stóð þar frá vori og fram á haust en þá var hún sett upp í Hafnarhúsi. Í Hafnarhúsi var einnig Tilraunastofa Errós með listsmiðjum fyrir börn og fjölskyldur. Tekið var á móti skólahópum á allar sýningar en eins og fyrr var sérstök áhersla lögð á að bjóða 4. bekk í Ásmundarsafn, 6. bekk á Kjarvalssýningu og unglíngastiginu á Erró-sýningu. Þrátt fyrir takmarkanir og hindranir tengdar faraldri, kom svipaður fjöldi skólahópa og í eðlilegu árferði í skipulagðar leiðsagnir í safnhúsin ásamt því sem boðið var upp á svipaðan fjölda viðburða, svo sem leiðsagnir, fyrirlestra og listsmiðjurnar Leikum að list og Listin talar tungum. Í samstarfi við Borgarsögusafn var unnið að móttöku hópa með sérþarfir í tengslum við verkefnið Tökum höndum saman og sumarnámskeiðin Viðey-Friðey litu dagsins ljós. Aukinn kraftur hefur færst í miðlun á vef- og samfélagsmiðlum, einkum með gerð myndbanda og annarra þátta, sem eflaust má rekja til viðbragða við breyttu ástandi í samfélaginu.

Tvö verkefni voru á dagskrá safnsins sem sérstaklega voru skipulögð til að bregðast við Covid. Haustlaukar II var sýning á list í almannarými þar sem verk listamanna voru sett fram sem tímabundið inngrip í borgarlífið. Vegna samkomutakmarkana varð að fresta Gjörningapöku, viðmikilli gjörningahátíð í Hafnarhúsi.

Ásmundarsafn var lokað frá 1. október til maí 2021. Á meðan á lokun safnsins stóð var unnið með fimm hönnuðum að útfærslu á vörum fyrir safnverslunina og þær kynntar þegar safnið var opnað að nýju með endurnýjaðri móttöku og safnverslun og bættu aðgengi. Hönnuðirnir sem valdir voru til samstarfs fengu kynningu á verkum, vinnu og hugmyndum Ásmundar Sveinssonar. Þeir unnu síðan fjölbreyttar vörur í anda listamannsins og var haft að leiðarljósi að framleiðslan væri innlend og umhverfisvæn. Í öðrum safnverslunum var einnig unnið að vörubrúun í samhengi við sýningar hverju sinni.

VARÐVEISLA OG VIÐHALD

Varðveisla safneignarinnar er stöðug áskorun vegna bæði plássleysis og ófullnægjandi aðstöðu. Í lok árs var tekin á leigu ný fjargeymsla undir stærri og grófari verk og var það mikilvægt skref í rétta átt og bætti úr bráðavanda. Mörg hundruð listaverk voru flutt og komið fyrir í nýju varðveisluhúsnæði á síðustu mánuðum ársins. Jafnt og þétt er unnið að viðhaldi útilistaverka í borgarlandinu eftir forgangsroðun sem sérfræðingar safnsins vinna. Á árinu var unnið sérverkefni þar sem safnið tók að sér viðhald og lagfæringar á útilistaverkum í eigu ríkisins. Viðamikil forvörslu- og rannsóknarverkefni voru unnin í tengslum við Erró safneign sem hluti af undirbúningi stórrar yfirlitssýningar á verkum listamannsins í Hafnarhúsi. Mörg verk sem hafa ekki verið í sýningarhæfu ástandi voru lagfærð og munu sóma sér vel á sýningunni.

TÆKIFÆRI Í HEIMSFARALDRI

Átak Reykjavíkurborgar til að tryggja atvinnustig á tímum heimsfaraldurs skapaði ómetanleg tækifæri í starfi safnsins. Alls unnu 9 starfsmenn að fjölbreyttum verkefnum á öllum sviðum starfseminnar. Hrundið var í framkvæmd mikilvægum verkefnum sem stuðluðu að því að safnið stóð betur að því að uppfylla hlutverk sitt og tækifæri gafst til að bæta þjónustu og starfsskilyrði. Sérfræðingur í markaðsfræði vann að uppsetningu vefverslunar, kvikmyndagerðamaður vann fræðslumyndbönd fyrir fjölbreytta hópa, forvörður sinnti rannsóknum og viðgerðum á safnkosti, safnfræðingur vann við að afla styrkja í innlenda og erlenda sjóði, listfræðingur vann við aðstoðarsýningarstjórn og textagerð vegna sýninga, auk fjölbreyttrar annarrar textavinnu og þýðinga. Vef- og menningarmiðlari vann að greiningu og lagfæringum á vefsíðu safnsins, myndlistarmenn unnu að viðhaldi útilistaverka í borgarlandinu, auk þess að taka þátt í uppsetningu á sýningum. Einnig vann ljósmyndari fjölbreytt ljósmyndunar- og kynningarverkefni fyrir safnið. Eins og sést var faglegt starf safnsins eftl á árinu og margt sett af stað sem mun hafa góð áhrif til framtíðar. Þessi tækifæri til að efla starf safnsins drógu þó einnig fram í dagsljósið tækifæri í starfseminni sem eru alla jafna vannýtt.

KYNNINGARSTARF

Kynningarstarf Listasafns Reykjavíkur miðar að því að treysta stöðu safnsins sem sjálfsagðs viðkomustaðar og fer markaðsstarfið fram með margvíslegum hætti. Á tímum þegar lítið er um ferðamenn hefur áhersla verið á kynningu fyrir Íslendinga og hafa nokkrar nýjungar verið prófaðar eins og viðtöl við listamenn sem birtast á heimasíðu og samfélagsmiðlum. Viðtöl og annað forvitnilegt efni er birt í fríblöðum sem safnið gefur út.

Árið 2021 einkenndist af sýningum þar sem lögð var áhersla á að draga fram samfellu viðfangsefna listamanna á ólíkum tímum. Unnið var að því að bæta aðbúnað listaverkæignar Reykjavikurborgar og áhersla lögð á mikilvæg forvörsluverkefni. Á árinu var grettistaki lyft til að auka þjónustu við hópa sem alla jafna sækja safnið ekki heim eða eiga ekki greiðan aðgang að safninu og sýningum þess. Þannig var starfsemi safnsins með ágætum þó árið hafi einkennt af nokkurri óvissu og fjöldatakmörkunum vegna heimsfaraldurs.





**HÖFUÐBORGAR
STOFA**

Árið 2020 reyndist góður skóli fyrir starfsfólk Höfuðborgarstofu þar sem áhrifa heimsfaraldurs gætti áfram allt árið 2021. Sveigjanleiki, aðlögunarhæfni og viðbragðsflýti, þegar á þurfti að halda, kom að góðum notum enda erfitt að halda áætlanir langt fram í tímann þegar svo mikil óvissa ríkir um ferðagetu og ferðavilja fólks. Þessir eiginleikar, auk fagþekkingar og skipulagshæfni, gerðu það að verkum að sá tími sem ferðalög lágu niðri var fullnýttur til að viðhalda áhuga og vitund um áfangastaðinn á erlendum mörkuðum og til innlendra markaðsaðgerða. Þegar landamæri opnuðust og ferðaviljinn jókst var markaðsaðgerðum hleypt af stokkunum af fullum þunga á erlendum mörkuðum.

VERKEFNIN 2021

Verkefni Höfuðborgarstofu árið 2021 voru margvísleg og byggja flest á góðum grunni ferðamálastefnu Reykjavíkurborgar. Leiðarljós í þeirri vinnu er að Reykjavík verði þekkt sem sjálfstæður áfangastaður og mikilvægur þáttur í ákvörðun gesta um að sækja Ísland heim. Markmið hennar er að borgin sé eftirsótt allt árið um kring, af erlendum sem innlendum ferðamönnum, og að íbúar hennar njóti alls þess sem hún hefur upp á að bjóða. Þessar áherslur endurspeglast í erlendu sem innlendu markaðsstarfi stofunnar, samstarfi við sveitafélög á höfuðborgarsvæðinu, Íslandsstofu, Meet in Reykjavík, Inspired by Iceland North–America og margvíslega viðburði svo fátt eitt sé nefnt. Að auki styður Höfuðborgarstofa markvisst við markaðsstarf á menningar- og ferðamálasviði, vefþróun og stafræna miðlun sviðsins og kynningu á borgarhátíðum.

ERLENT MARKAÐSSTARF

Framan af ári fólst meginþungi markaðsstarfs Höfuðborgarstofu í að viðhalda áhuga á áfangastaðnum Reykjavík á erlendum mörkuðum í gegnum almannatengsl, framleiðslu og miðlun efnis á eigin net- og samfélagsmiðlum. Herferðin er sú stærsta sem Reykjavíkurborg hefur ráðist í á erlendum mörkuðum og byggir staðfærsla hennar á ferðamálastefnu Reykjavíkur.

Upphaf og birtingartími herferðarinnar var mjög háð áhrifum og þróun heimsfaraldurs sem og ferðavilja fólks og opnun landamæra. Henni var ýtt rólega úr vör fyrir lok árs 2020 þegar vefur og miðlar Visit Reykjavík voru færðir í herferðarútlitið og markaðsefni birt í tengslum við streymishátíð Iceland Airwaves með góðum árangri.

Í byrjun júní 2021 voru aðstæður á markaði loks réttar og RE markaðsherferðinni var hleypt af stokkunum af fullum þunga á erlendum mörkuðum. Fjórar meginleiðir voru nýttar til birtinga, þ.e. keyptar leitarniðurstöður, vefauglýsingar á erlendum miðlum, YouTube og samfélagsmiðlar. Til að tryggja hámarksárangur af birtingum var herferð Íslandsstofu fylgt eftir og markaðsefni beint að þeim sem þegar voru farin að sýna Íslandi áhuga. Markmið herferðarinnar er að skapa Reykjavík skýra sérstöðu í hugum ferðamanna og að fá fólk til að verja meiri tíma af ferð sinni til Íslands í borginni en þau hefðu gert ella. Samhliða hefðbundnum birtingum var lögð mikil áhersla á efnissköpun og frásagnir á eigin miðlum, móttöku erlendra fjölmiðla og

önnur almannatengsl, sem og samstarf við hátíðir og stærri viðburði. Árangur herferðarinnar hefur verið mjög góður samkvæmt þeim mælingum sem liggja fyrir en þriðji fasi hennar verður keyrður á þessu ári.

INNLENT MARKAÐSSTARF

Höfuðborgarstofa lagði mikla áherslu á innlent markaðsstarf á nýliðnu ári líkt og árið 2020 þegar borgarráð ákvað að verja auknu fé til innlands sem erlendis markaðsstarfs. Í markaðsaðgerðum var lögð áhersla á að styðja og efla verslun, þjónustu og menningu í borginni en jafnframt að beina sjónum íbúa, og landsins alls, að Reykjavík sem áfangastað. Hluti þess fólst í að efla vitund um það mikla framboð af afþreyingu og upplifun sem í boði er í borginni.

Áfram var unnið með merkið Borgin okkar og í nánu samstarfi við Sumarborgarverkefnið. Auk hefðbundinna birtinga var lögð mikil áhersla á efnissköpun og frásagnir á eigin miðlum, fjölmiðlaumfjallanir og almannatengsl. Þannig var markaðsherferð ársins keyrð af stað með leik þar sem almenningur var beðinn um að senda inn tillögur að íslensku orðið sem næði utan um enska hugtakið Staycation. Markmiðið var að skapa hugrenningatengsl á milli Reykjavíkur og borgarferða, og vekja þannig athygli á að borgin okkar hefur upp á allt það að bjóða sem sótt er í út fyrir landsteinana. Leikurinn vakti mikla athygli og búrúst stofunni 2.500 tillögur að íslensku orði. Dómnefnd, skipuð fulltrúum Höfuðborgarstofu, auglýsingastofu og fulltrúa Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, völdu að lokum orðið Sporlof sem vakti verðskuldaða athygli. Innlendar markaðsaðgerðir voru keyrðar út árið er Vetrarborgin tók við af Sumarborginni og þar á eftir tók Jólaborgin við.

Árangur af innlendum markaðsaðgerðum hefur verið mjög góður sé litið til sýnileika, hlustunar og annarra mælikvarða af birtingum, en ekki hvað síst þegar horft er til þátttöku í viðburðum á vegum Sumarborgarinnar og ánægju rekstraraðila.

SAMSTARF

Höfuðborgarstofa leggur mikla áherslu á samstarf í öllum sínum verkefnum og hefur þ.á.m. leitt markaðssamstarf sveitafélaga á Höfuðborgarsvæðinu um árabíl. Á árinu litaðist það óneitanlega af áframhaldandi vinnu við undirbúning stofnunnar áfangastaðastofu án þess þó að hafa áhrif á önnur sameiginleg verkefni. Meðal annars var ráðist í gerð efnis frá hverju sveitarfélagi fyrir sig sem birt var ferðamönnum sem þegar voru á svæðinu.

Höfuðborgarstofa átti í miklu og góðu samstarfi um efnisframleiðslu og birtingar við borgarhátíðir. Einnig var áframhald á sérstöku samstarfi stofunnar við Iceland Airwaves, sem haldin var sem svokölluð hybrid hátíð og var streymishluti hennar áfram undir nafninu Live from Reykjavík sem og tónleikröð Bjarkar sem haldin var í Hörpu seinni part árs.

Meðal stærri verkefna á árinu var almannatengslaherferðin REunite in Reykjavík sem Höfuðborgarstofa vann í samstarfi við Íslandsstofu og Inspired by Iceland North America (áður Iceland Naturally), og PR skrifstofur þeirra í Bretlandi og

Bandaríkjunum. Fólki, sem hafði verið aðskilið frá ástvini öðru hvoru megin við Atlantshafið vegna heimsfaraldurs Covid, var boðið að senda inn sögur sínar sem birtust á vef herferðarinnar. Þar gat almenningur kosið um hvert paranna ynni ferð til Reykjavíkur. Þátttakan var mjög góð og þrjú pör unnu ferð til Reykjavíkur þar sem þau munu sameinast síðar á þessu ári. Herferðin vakti mikla athygli á samfélagsmiðlum og skilaði umfjöllun um Reykjavík í stórum miðlum hvoru tveggja í Bretlandi og Bandaríkjunum.

ÖNNUR VERKEFNI

Öflug markaðssetning og miðlun fer fram í gegnum vefi og samfélagsmiðla Höfuðborgarstofu. Starfsfólk hennar stendur fyrir fjölbreyttri efnissköpun og hefur jafnframt stutt við vefþróun innan menningar- og ferðamálasviðs sem og efnisframleiðslu og miðlun innan sviðs sem utan.

Af öðrum verkefnum stofunnar á árinu ber að nefna umsjón og markaðssetningu á Menningarkorti Reykjavíkur og Borgarkortinu (Reykjavík City Card), þátttöku í Vestnorden ferðaráðstefnunni sem haldin var í Reykjanesbæ dagana 5. – 7. október, þátttöku í starfshópum um vörumerkjámál Reykjavíkurborgar sem og miðborgarmál, og fjölbreytt almannatengslaverkefni sem stuðla að aukinni umfjöllun um borgina á erlendum sem innlendum vettvangi. Meðal slíkra verkefna má helst nefna móttöku fjölmiðlafólks og aðstoð við tökuteymi sem komu til borgarinnar á árinu til að taka upp fjölbreytt efni á borð við sjónvarpsþætti, auglýsingar og kvikmyndir. Jafnframt situr forstöðumaður Höfuðborgarstofu í markaðsráði vegna Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem afhent verða í Reykjavík 2022.





**REYKJAVÍK
BÓKMENNTABORG
UNESCO**

BÓKMENNTABORGIN 10 ÁRA

Reykjavík fagnaði tíu ára afmæli sem Bókmenntaborg UNESCO árið 2021 og litaðist starfsemin að vonum af þessum gleðilegu tímamótum. Þungi hátíðarhaldanna var á haustmánuðum þegar slétt tíu ár voru frá útnefningunni en einnig fengu börn í Reykjavík bókagjöf í tilefni afmælisins að vori.

NETMIÐLUN

Starfsemi ársins litaðist einnig af heimsfaraldri Covid. Viðburðahald, sem hafði færst í auknum mæli á netið árið áður, hélt uppteknum hætti. Þar má nefna að bókmenntadagskrá Bókamessu í Bókmenntaborg var annað árið í röð alfarið á netinu og viðburðahald í Gröndalshúsi sömuleiðis, ef frá eru taldir einstaka viðburðir í dýpstu lögðum smitkúrfunnar.

Áframhaldandi þungi á netmiðlun skilaði sambærilegum niðurstöðum og árið áður, sem fólust í því að Bókmenntaborginni var fylgt af fleiri notendum samfélagsmiðla en áður. Það helgast ekki einungis af auknum þunga heldur eins að umfang efnis og fjölbreytni var meiri, og meiri tíma varið í að vanda efnistösk. Fagfólk sá um streymi þegar mikið bar við en þar á ofan hefur Bókmenntaborgin sótt í sig veðrið á þessum vettvangi að undanförunu.

Dagskrá bókamessu var til dæmis að fullu streymt í ár líkt og í fyrra en að þessu sinni úr Gröndalshúsi, þar sem rúmlega 70 höfundar kynntu verk sín fyrir lesendum og náðu sum innlegginn rúmlega þúsund áhorfum innanlands sem utan. Bókmenntaborgin nýtti þennan sýnileika meðal annars til þess að koma bóksölu á netinu á framfæri við lesendur og styðja þannig við höfunda og útgefendur á erfiðum tímum.

BARNBÓKAMESSA

Reykjavíkurborg og Félag íslenskra bókaútgefenda tóku saman höndum líkt og síðustu ár og buðu skólasöfnum borgarinnar að kaupa nýjar barnabækur á skólabókamessu. Bókmenntaborgin vinnur að messunni í samstarfi við útgefendur en skóla- og frístundasvið borgarinnar leggur leik- og grunnskólum til fjármagn til bókakaupa og útgefendur bjóða bækurnar á tilboði meðan á messu stendur. Samstarfið hefur gengið gríðarlega vel undanfarin ár og skiptir sköpum fyrir úrval nýrra bóka í skólasöfnum borgarinnar.

BARNBÓKAVERÐLAUN REYKJAVÍKURBORGAR

Afhendinga bókmenntaverðlauna Reykjavíkurborgar var einnig með óhefðbundnum hætti vegna faraldursins. Borgarstjóri afhenti Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar og Barnabókaverðlaun Guðrúnar Helgadóttur í Höfða að venju, en án gesta og deildi Bókmenntaborgin viðburðinum þess í stað á netinu. Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar voru sömuleiðis afhent án viðburðar vegna samkomutakmarkana en Bókmenntaborgin gerði þeim góð skil eftir stafrænum leiðum.

ERLENDIR GESTIR Í GRÖNDALSHÚSI

Erlendir gestir í skáldaibúð í Gröndalshúsi voru færri en til stóð en frá og með maímánuði voru 11 höfundar frá jafnmörgum löndum gestir okkar, m.a. þýski listamaðurinn Rike Scheffler sem var gestahöfundur Goethe stofnunarinnar og Fiona Khan frá Bókmenntaborginni Durban í Suður-Afríku sem átti að vera gestur á alþjóðlegu barnabókmenntahátíðinni Mýrinni 2020, sem var haldin haustið 2021 þess í stað. Árið áður þurfti að fella niður smiðjur í Iceland Writers Retreat sem Bókmenntaborgin hefur stutt, m.a. með dagskrárgerð en sami háttur var tekinn upp og árið áður að í stað staðfundar var haldin netviðburður með íslenskum rithöfundum sem náði til stórs hóps alþjóðlegra lesenda sem fylgir IWR á vefmiðlum.

ÁRSFUNDUR BÓKMENNTABORGA UNESCO Í REYKJAVÍK

Annað alþjóðlegt starf litaðist einnig af faraldrinum og var ársfundur Bókmenntaborga UNESCO, sem var haldinn af Bókmenntaborginni í Reykjavík að þessu sinni, til að mynda haldinn í blandaðri útgáfu stað- og fjarfunda en það hafði aldrei áður verið gert. Eðli málsins samkvæmt fór mikill tími og orka í þá framkvæmd og gáfust því færri tækifæri til alþjóðlegs samstarfs. Bókmenntaborgin tók þó þátt í vel völdum alþjóðlegum verkefnum á borð við alþjóðadag ljóðsins en þá framleiddi Bókmenntaborgin 5 myndbönd þar sem leikari fór með „gjörninga“ úr ljóðabók Sigurðar Pálssonar skálds sem kallast „Nokkrar verklegar æfingar í atburðaskáldskap“ sem voru gerð aðgengileg á vefnum. Að frumkvæði Bókmenntaborgarinnar í Manchester var Sölvi Björn Sigurðsson fenginn til að þýða ljóð W. S. Merwin og var það birt á vefmiðlum. Sérstakt ljóðabókasafn var opnað í Manchester á árinu og að þeirra ósk sendum við þeim íslensk ljóð þriggja skálda í enskri þýðingu ásamt myndefni. Í kringum ársfund Bókmenntaborga UNESCO sem haldinn var í Reykjavík gaf Bókmenntaborgin út tvær bækur, annars vegar bókina Póetik í Reykjavík: Erindi 14 höfunda (383 bls.) og útdráttarrit á ensku, RVK Poetics (100 bls.). Bókmenntaborgin tók einnig þátt í Bókmenntahátíð í Reykjavík með ýmsu móti, hélt þar meðal annars útgáfuhóf og lagði fram málstofustjóra frá Bókmenntaborginni í Manchester.

BÓKAGJÖF TIL BARNNA Í REYKJAVÍK

Hvað snertir barnamenningu tók Bókmenntaborgin að vanda þátt í verkefninu Sögur, sem er breitt samstarfsverkefni. Bókmenntaborgin er í framkvæmdastjórn og sér að auki um meistarabúðir og smásagnasamkeppni ásamt Borgarbókasafni. Eins lét Bókmenntaborgin þýða bókina Vetrarævintýri Sleipnis eftir Gerði Kristnýju á pólsku og framleiddi kynningarmyndband um bókina og Sleipnisverkefni á pólsku og íslensku sem var gert aðgengilegt á vefmiðlum. Þá fengu öll börn í Reykjavík sem urðu eins árs á árinu bókagjöf í tilefni þess að Bókmenntaborgin varð tíu ára. Þau fengu senda heim bókina Vetrarævintýri Sleipnis og ábendingu um frítt bókasafnsskrifteini ásamt lestrarbæklingi fyrir foreldra sem brýnir mikilvægi þess að lesa fyrir börn allt frá frumbersku.

LÆRDÓMSRÍKT AFMÆLISÁR

Árið var afar lærdómsríkt, bæði hvað varðar sveigjanleika, viðbragðshraða, nýja nálgun á verkefni og nýjar miðlunarleiðir og sitt hvað sem haldið var til haga frá fyrra ári. Þar ber helst að nefna rafræna miðlun sem sýndi að hún er tilvalin leið til þess að ná til nýrri og stærri hópa og til að efnið eigi sér lengri líftíma, þótt hún komi ekki í stað viðburða, staðfunda og vinnusmiðja. Einnig sýndi þetta ár enn frekar mikilvægi góðs samstarfs og samtals, bæði milli starfsstöðva innan borgar og við stofnanir, samtök og listamenn utan borgarkerfisins svo og á alþjóðlegum vettvangi.





**TÓNLISTARBORGIN
REYKJAVÍK**

Líkt og víða annars staðar hélt heimsfaraldurinn Covid áfram að setja mark sitt á starfsemi Tónlistarborgarinnar árið 2021. Árið var annasamt, prýtt fjölmörgum verkefnum, sem mörg hver áttu það sameiginlegt að þurfa að sæta frestunum eða aðlögun til að mæta ástandinu í samfélaginu.

FRÆÐSLUVERKEFNI

Hitakassinn, sem er fræðslunámskeið Tónlistarborgarinnar fyrir hljómsveitirnar sem komast í úrslit Músiktilrauna, fór fram um haustið í Hörpu. Námskeiðið er unnið í samstarfi við ÚTÓN og Hitt húsið. Mikil ánægja var á meðal þátttakenda með námskeiðið og í lok október léku hljómsveitirnar á svokölluðu „showcase“ kvöldi Hitakassans í Kaldalóni í Hörpu að viðstöddu fagfólki úr íslenskum tónlistariðnaði.

Samstarf íslenska tónlistarsamfélagsins um Tónatal fræðsluverkefnið hélt áfram á árinu en verkefnið fæddist í Covid þegar sú hugmynd kviknaði að bjóða upp fræðslu á netinu sem miðar að því að efla þekkingu tónlistarfólks á stuðningsumhverfi þess með fræðslumyndböndum og podcast-umræðum um tónlistartengd málefni. Í janúar bauð Tónlistarborgin, í samstarfi við Beech to Beach og Önnu Hildi Hildibrandsdóttur, upp á námskeið í myndbanda- og efnisgerð á sínum sem fyrst var haldið árið 2020.

KORDA SAMFÓNÍA

Eitt af þeim nýju verkefnum sem litu dagsins ljós hjá Tónlistarborginni árið 2021 var samhljómsveitin Korda samfónía sem samanstóð af þátttakendum frá starfsendurhæfingarstöðvum, tónlistarnemendum frá LHÍ og meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Stjórnandi verkefnisins er Sigrún Sævarsdóttir-Griffiths tónlistarstjórnandi og stofnandi Metamorphonics.

Aðkoma Tónlistarborgarinnar að Kordu samfóníu er liður í þeirri áherslu Tónlistarborgarinnar að hefja samtal við jaðarsetta hópa í samfélaginu og skapa umhverfi þar sem fólk fær að vinna, skapa og tala saman í gegnum tónlist. Verkefnið hófst í febrúar 2021 og hittist hljómsveitin nokkrum sinnum til að semja og æfa tónlist saman. Tónleikar hljómsveitarinnar í Eldborg í Hörpu í maí vöktu mikla lukku og voru tilnefndir sem Tónlistarviðburður ársins á Íslensku tónlistarverðlaununum 2021.

REYKJAVÍK MUSIC WEEK OG STUÐNINGUR VIÐ TÓNLISTARHÁTÍÐIR

Líkt og undanfarin ár hélt öflugt samstarf Tónlistarborginnar við stærstu fagtonlistarhátíð landsins, Iceland Airwaves, áfram á árinu. Að vísu fór það svo að hátíðin varð aftur fyrir barðinu á Covid og fór fram sem Live from Reykjavík þar sem haldnir voru tónleikar á fjórum tónleikastöðum í Reykjavík sem var streymt samtímis. Tónlistarborgin Reykjavík og aðrir helstu samstarfsaðilar hátíðarinnar höfðu skipulagt heilmikla dagskrá í kringum hátíðina sem ákveðið var að standa við undir yfirskriftinni Reykjavík Music Week. Um 85 erlendir gestir ákváðu að koma til landsins til að taka þátt í dagskránni og úr varð afar skemmtileg vika þar sem tækifæri gafst til að sýna margt af því besta sem tónlistarborgin Reykjavík hefur upp á að bjóða. Á meðal þess sem boðið var upp var málþing um tónlist í kvikmyndum sem

fram fór í Norræna húsinu, masterclass vinnustofa í „Music Supervision“ eða tónlistarstjórn í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum, Reykjavík Music Walk með Arnari Eggerti, Studio Safari þar sem hljóðver á höfuðborgarsvæðinu voru heimsótt, leiðsögn um Hörpu og tónleikar í lðnó fyrir alla erlendu gestina. PULS verkefni Norræna sjóðsins var með dagskrá í Norræna húsinu fyrir um 70 fulltrúa norrænna tónleikastaða og tónlistarhátíða og aðstoðaði Tónlistarborgin við skipulagningu þess fundar.

Af frekari samvinnu og stuðningi við tónlistarhátíðir í borginni má nefna að Tónlistarborgin studdi við þrjár „masterclass“ vinnustofur fyrir tónlistarfólk á Jazzhátíð Reykjavíkur en einnig stóðu Tónlistarborgin, ÚTÓN og Íslandsstofa fyrir vinnustofu fyrir tónlistarhátíðir þar sem áhersla var lögð á tækifærin í streymi, opinberan stuðning við tónlistarhátíðir og markaðssetningu og kynningarmál.

SAMSTARF OG STUÐNINGUR VIÐ TÓNLEIKASTAÐI

Samstarf og stuðningur við tónleikastaði er fastur liður í starfi Tónlistarborgarinnar. Í lok árs 2020 fékk Tónlistarborgin ásamt hópi tónleikastaða styrk frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til að fara í margskonar vinnu til að styrkja rekstrarumhverfi og innviði tónleikastaða. Vinna við verkefnið hófst árið 2021 en vegna bæði Covid og annarra þátta, svo sem breytinga á starfi verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar og veikinda starfsmanns, náði verkefnið ekki almennilegu flugi á árinu og heldur því áfram á árinu 2022. Í upphafi árs stóð Tónlistarborgin fyrir streymistónleikum í samstarfi við nokkra tónleikastaði sem höfðu fengið styrki seint á árinu 2020 þegar afgangur myndaðist í úrbótasjóði tónleikastaða en um mitt ár hafði Tónlistarborgin umsjón með úthlutun úr úrbótasjóði tónleikastaða þegar 12 staðir fengu styrk úr sjóðnum til að bæta ýmist aðbúnað, aðstöðu eða aðgengi. Að lokum stóð Tónlistarborgin í annað skiptið fyrir Open Club Day í Reykjavík en um er að ræða evrópskt verkefni á vegum Live DMA með það að markmiði að varpa ljósi á starfsemi tónleikastaða og mikilvægi þeirra fyrir tónlistar- og menningarlíf. Dagurinn fór fram 6. febrúar en þar sem stífar samkomutakmarkanir voru í gangi fór dagurinn fram með óhefðbundnu sniði. Ljósmyndir af tónum tónleikastöðunum voru birtar á netinu og í blöðum og í nokkrar mínútur var streymt frá tónum sviðum tónleikastaðanna samtímis. Einnig fóru fram pallborðsumræður í streymi um mikilvægi litilla og meðalstórra tónleikastaða í Reykjavík.

ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

Tónlistarborgin gekk til liðs við Music Cities Network árið 2019. Líkt og árið 2020 var starf tengslanetsins takmarkað að mörgu leyti sökum heimsfaraldurs. Fundarhöld voru þó mikil og regluleg til að ræða áhrif og viðbrögð við heimsfaraldri. Í september 2021 fór tónlistarkonan Cell 7 til Árósa til að spila á SPOT tónlistarhátíðinni undir formerkjum Tónlistarborgarinnar og Music Cities Network en upphaflega stóð til að hún kæmi þar fram í maí 2020. Undir mitt ár 2021 hófst síðan verkefni European Music Business Task Force sem einnig fer fram undir hatti Music Cities Network og sem nýtur stuðnings Creative Europe. Markmiðið með því verkefni er annars vegar

að búa til öflugt tengslanet ungs fagfólks í evrópskum tónlistariðnaði og hins vegar að móta leiðir til að efla evrópskan tónlistarmarkað sem heild. Tónlistarborgin Reykjavík átti tvo þátttakendur í því verkefni.

Í febrúar skrifaði Tónlistarborgin undir Keychange skuldbindinguna ásamt 11 öðrum verkefnum / samtökum innan tónlistar á Íslandi. Keychange-hreyfingin er alþjóðleg og vinnur að kynjajafnrétti innan tónlistariðnaðarins þar sem stefnt er að því að hlutur kvenna og annarra kyngerva verði jafn á við hlut karla.



ÖNNUR VERKEFNI

Af öðrum verkum og verkefnum ársins 2021 sem vert er að nefna er þátttaka verkefnastjóra Tónlistarborgarinnar í starfshópi skipuðum af mennta- og menningarmálaráðherra til að undirbúa stofnun Tónlistarmiðstöðvar, og áframhaldandi þátttöku verkefnastjóra í samráðshópi íslenskrar tónlistar.

Tveimur verkefnum var aflýst á árinu – viðskiptahraðlinum Firestarter sem ekki tókst að koma að í dagskrá vegna áhrifa heimsfaraldurs og BIG BANG tónlistarhátíðinni fyrir börn sem að vísu átti að fara fram í fyrsta skipti í Hörpu í apríl 2020. Nokkrar tilraunir voru gerðar til að halda hátíðina árið 2021 en allt kom fyrir ekki. Tónlistarborgin er einn af skipuleggjendum hátíðarinnar, ásamt Barnamenningarhátíð og List fyrir alla.

Á árinu 2021 gekk Tónlistarborgin formlega til liðs við hið Upptaktinn – tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna en auk fjárframlags aðstoðar Tónlistarborgin við kynningu verkefnisins. Upptakturinn árið 2021 fór fram í maí og vakti lukku eins og endranær enda um frábært verkefni að ræða. Verkefnið Elskum plötubúðir sem varð til árið 2020 vegna áhrifa heimsfaraldurs á íslenskt tónlistarlíf var endurtekið sumarið 2021 með tónleikadagskrá í fjórum plötuverslunum miðborgarinnar á sólríkum laugardegi í ágúst og sem fyrr setti verkefnið svip sinn á miðbæ Reykjavíkur og var vel sótt.





VIÐBURÐIR

VETRARHÁTÍÐ

Vetrarhátíð fór fram í 20. skipti dagana 4. – 7. febrúar en með miklum takmörkunum vegna sóttvarnaráðstafana í tengslum við Covid. Safnanótt og Sundlauganótt, sem hafa verið tvær af þremur meginstoðum Vetrarhátíðar, voru felldar niður og í staðinn var öll áherslan lögð á viðburði utandyra og þá helst ljóslistaverk og útilistaverk á borgarlandinu. Efnt var til samkeppni um ljóslistaverk í samstarfi við Miðstöð Hönnunar og arkitektúrs og Orku náttúrunnar. Það voru tvö verk sem urðu hlutskörpust, annars vegar verkið Samlegð/Synergy eftir Katerina Blahutova og Þorstein Eyfjörð Þórarinsson sem vann fyrsta sæti og var sett upp í garðinum við Listasafn Einars Jónssonar og varpað á safnið. Hins vegar hlaut verkið *Truflun/Interference* eftir Litten Nystrøm og Harald Karlsson annað sætið og var því varpað á Hallgrímskirkju. Þessi verk voru áberandi í Ljósaslóð Vetrarhátíðar. Ljósaslóðin var í lykilhlutverki á Vetrarhátíð en það er slóð 21 ljóslistaverka sem hlykkjaðist um miðborgina og myndaði skemmtilega gönguleið. Sem fyrr var ljósaslóðin unnin í samstarfi við seyðfirsku listahátíðina List í ljósi. Kveikt var á ljóslistaverkunum frá klukkan 18:00 – 21:00 öll kvöld hátíðarinnar. Til viðbótar var vakin athygli á öðrum listaverkum sem eru í almannarými, sum þeirra lýst upp á fallegan hátt sem og að ýmsar byggingar í miðborginni böðuðu sig í Vetrarhátíðarlitunum. Þetta samspil skapaði skemmtilega stemningu í miðborginni í tilefni Vetrarhátíðar. Ekki var um neina formlega opnun að ræða á hátíðinni né heldur fjölmenna viðburði. Fólk var hvatt til þess að skoða verkin á sínum eigin hraða og virða sóttvarnarreglur en aðsókn var góð og stríður straumur var af fólki í miðborginni alla helgina.

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

Barnamenningarhátíð átti að halda seinni hluta apríl en nauðsynlegt var að endurhugsa hana vegna faraldursins. Eins og í fyrra var ákveðið að hátíðin skyldi ekki slegin alveg af heldur var lengt í henni til 14. júní. Reynt var að finna leiðir til að framkvæma viðburði, sér í lagi þótti mikilvægt að gefa þeim aðilum rými sem höfðu fengið vilyrði um fjárframlag frá hátíðinni til að framkvæma sína viðburði.

Ekki reyndist unnt að bjóða öllum 4. og 5. bekkingum í Reykjavík á opunarviðburði í Hörpu, en vonir stóðu til þess að geta boðið báðum árgöngum þetta árið, þar sem opunarviðburður hafði fallið niður árið áður. Hefð er fyrir því að 4. bekkur í Reykjavík fái boð í Hörpu í tilefni setningar Barnamenningarhátíðar ár hvert og fái að njóta sérstakrar menningardagskrár sem sérsniðin er að þeim. Í stað opunarviðburðarins sem hefur verið sýndur beint á KrakkaRÚV, var ákveðið að RÚV myndi framleiða sjónvarpsþátt, Barnamenningarhátíð – Heim til þín! sem var tileinkaður hátíðinni og listum og menningu barna. Þátturinn var sendur út á besta tíma laugardagskvöldið 24. apríl 2021. Lag Barnamenningar 2021, *Fjúgandi furðuverur*, var frumflutt í þættinum en lagið var samið í samstarfi 4. bekkinga í Reykjavík og tónlistarkonunnar Brietar. Ævintýrahöllin, einn af stærstu viðburðum hátíðarinnar, var haldin 12. – 13. júní á Árbæjarsafni í blíðskaparveðri og lagði fjöldi manns leið sína þangað. Þá hafði opnast gluggi í faraldrinum og samkomutakmarkanir ekki eins strangar og verið

höfðu mánuðina á undan. Eins átti BIG BANG tónlistarhátíðin fyrir börn að fara fram í fyrsta skipti í Hörpu á Barnamenningarhátíð en upphaflega hafði hún átt að fara fram árið 2020. Á hátíðinni sem er alþjóðleg er börnum boðið upp á fjölbreytta efnisskrá sem samanstendur að tónleikum, innsetningum og smiðjum. Til að byrja með var hátíðinni frestað fram á haust en smám saman varð ljóst að fresta yrði henni alveg til ársins 2022.

17. JÚNÍ

Augljóst var á vormánuðum að hátíðarhöldin í kringum 17. júní yrðu ekki með sama hætti og var fyrir Covid og ákveðið var að byggja á reynslu fyrra árs, sem hafði reynst vel. Morgunathöfnin á Austurvelli var með þó nokkuð hefðbundnu sniði en gestafjöldi var takmarkaður vegna fjarlægðar – og samkomutakmarkana. Hanna María Karlsdóttir var fjallkona og flutti ljóð eftir Anton Helga Jónsson. Í takt við samkomutakmarkanir var ljóst að ekki var hægt að bjóða upp á stóra viðburði, eins og stórtónleika eða skrudgöngur. Fólk var samt sem áður hvatt, af ÆÐI drengjunum, til að koma í miðborgina og njóta þjóðhátíðardagsins. Boðið var upp lágstemmda dagskrá bæði í Hljómskálagarðinum og á Klambratúni, þar sem voru matarvagnar, dj og ýmis pop-up skemmtiatriði.

MENNINGARNÓTT

Í byrjun sumars stóðu vonir til að hægt yrði að halda Menningarnótt í ágúst, og hófst skipulagning í maí. Menningarnæturpotturinn var auglýstur og mikil fjöldi umsókna barst svo það þótti ljóst að mikil stemning væri fyrir hátíðinni. En er líða tók á sumarið og ljóst að óvissan í tengslum við áhrif af útbreiðslu Delta afbrigðisins á börn, ungmenni og aðra viðkvæma hafði aukist til muna var farið í ítarlega endurskoðun á skipulaginu. Þann 4. ágúst ákvað Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar að aflýsa Menningarnótt annað árið í röð.

TENDRUN FRIÐARSÚLU

Með haustinu var farið að rofa til í faraldrinum og ljóst að hægt yrði að halda viðburð í Viðey í tengslum við tendrun Friðarsúlu Yoko Ono þann 9. október á fæðingardegi John Lennon, en með takmörkunum þó. Einungis var tekið móti 500 manns í Viðey og sem fyrr bauð Yoko Ono upp á ferjusiglingar en fólk var beðið að skrá sig fyrirfram. Allt skipulag miðaði við það að koma í veg fyrir raðir og þrengsli.

Engir tónleikar eða aðrir viðburðir voru skipulagðir í Naustinu eða Viðeyjarstofu en tónlistarmaðurinn Ásgeir flutti nokkur lög við súluna í aðdraganda tendrunarinnar, við mikla ánægju viðstaddra. Allt skipulag hélt vel og var eyjan tæmd á met tíma eftir viðburð. Þær vangaveltur komu upp á uppgjörsfundi hvort það skipulag að takmarka fjöldann við 1.000 manns að hámarki sem og að fá fólk til að skrá sig fyrir plássi í bátana sé ekki komið til að vera, en það virtist sem fólk hafi notið sín vel, stemning róleg og minni píringur en oft áður í tengslum við brottför af eyjunni.

AÐVENTUVIÐBURÐIR Í MIÐBORGinni

Ekki þótti Covid ástandið vera orðið það gott í nóvember að hægt væri að hvetja fólk til að safnast saman á Austurvelli til að sjá þegar kveikt yrði á ljósum Oslóartrésins svo ákveðið var að það yrði tendrað án gesta í beinni útsendingu á RÚV. Heilmikið var af viðburðum í miðborginni sem skipulagðir voru af viðburðateyminu og Jólaborginni í samvinnu við fjölda rekstraraðila, listamenn o.fl., svo sem jólatréssala, jólamarkaður, jólaskógur í Ráðhúsinu, lifandi tónlist og margt fleira en allir viðburðir gættu að samkomutakmörkunum og sóttvörnum.



ÖNNUR VERKEFNI

Öflug markaðssetning og miðlun fer fram í gegnum vefi og samfélagsmiðla Höfuðborgarstofu. Starfsfólk hennar stendur fyrir fjölbreyttri efnissköpun með það að marki að vekja athygli á margvíslegri menningarstarfsemi ásamt því að styðja við hópa og einstaklinga sem standa fyrir viðburðum og listsköpun sem glæða borgina lífi. Jafnframt hefur stofan stutt við vefþróun innan menningar- og ferðamálasviðs sem og efnisframleiðslu og miðlun innan sviðs sem utan. Má þar m.a. nefna tækur með borgarstjóra fyrir Friðarsetrið Höfða og City Lab 2021, gerð auglýsinga fyrir úthlutun úr Miðborgarsjóði og tækur á ávarpi til starfsfólks Reykjavíkurborgar vegna heimsfaraldurs. Ásamt því að framleiða og miðla efni stóð Höfuðborgarstofa fyrir fræðslu um miðlun fyrir starfsfólk menningar- og ferðamálasviðs með það að marki að deila hagnýtri þekkingu um markaðssetningu og miðlun í gegnum samfélagsmiðla og auglýsingakerfi þeirra.

Áframhaldandi þróun var á vefsíðum Höfuðborgarstofu. Sérvefur Menningarkorts Reykjavíkur var lagður niður og kortinu fundinn staður á borginokkar.is/menningarkort, og útlit vefs Borgarinnar okkar var uppfært. Af öðrum verkefnum stofunnar á árinu ber að nefna umsjón og markaðssetningu á Menningarkorti Reykjavíkur og Borgarkortinu (Reykjavík City Card), þátttöku í Vestnorden ferðaráðstefnunni sem haldin var í Reykjanesbæ dagana 5. – 7. október, þátttöku í starfshópum um vörumerkjamála Reykjavíkurborgar sem og miðborgarmál, og fjölbreytt almannatengslaverkefni sem stuðla að aukinni umfjöllun um borgina á erlendum sem innlendum vettvangi. Meðal slíkra verkefna má helst nefna móttöku fjölmiðlafólks og aðstoð við tökuteymi sem komu til borgarinnar á árinu til að taka upp fjölbreytt efni á borð við sjónvarpsþætti, auglýsingar og kvikmyndir. Jafnframt situr forstöðumaður Höfuðborgarstofu í markaðsráði vegna Evrópsku kvikmyndaverðlaunanna sem afhent verða í Reykjavík 2022. Verkefni stofunnar á árinu voru því fjölbreytt að vanda og í þeim fólust auknar áskoranir tengdar heimsfaraldri sem áfram munu lita starfsemi stofunnar enda ærið verkefni framundan við uppbyggingu ferðaþjónustunnar í borginni í kjölfar heimsfaraldurs í harðri samkeppni á alþjóðavísu.